

Stuðmannabörnin stíga fram í sviðsljósið



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

9. mars 2008 — 68. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



ÓREIÐA Í VENESÚELA
Baldur Þórhallsson vandar Hugo Chavez ekki kveðjurnar.

VIÐTAL 20

Landsvirkjun græddi meira en borgin fékk fyrir hlutinn

Hagnaður Landsvirkjunar árið 2007 er hærrí en kaupverð ríkisins á tæplega helmingshlut Reykjavíkurborgar í fyrirtækinu. Dagur B. Eggertsson segir nú staðfest að um „smáarverð“ hafi verið að ræða.


LANDSVIRKJUN Hagnaður af rekstri Landsvirkjunar árið 2007 var einum og hálfum milljarði hærrí en ríkið greiddi fyrir 45 prósent hlut Reykjavíkurborgar í fyrirtækinu í nóvember árið 2006. Ríkið greiddi Reykjavíkurborg rúmlega 27 milljarða króna en salan var harðlega gagnrýnd af minnihluta borgarstjórnar. Heildarverðmæti Landsvirkjunar við sölu á byrjun nóvember 2006 var metið á tæplega 61 milljarð. Akureyrarbær átti fimm prósent hlut í Landsvirkjun, Reykjavíkurborg 45 prósent og ríkið helmingshlut. Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, segir að illa hafi verið haldið á hagsmunum borgarbúa í viðræðum við ríkið um

sölu á fyrirtækinu á sínum tíma. Á það hafi verið ítrekað bent að verðmatið á Landsvirkjun væri allt of lágt. Það hafi raunar borgarfulltrúar allra flokka verið sammála um stuttu áður en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, þáverandi borgarstjóri, undirritaði sölusamninginn, án samþykkis borgarráðs. „Þetta er staðfesting á því að greitt var smáarverð fyrir hlutinn í Landsvirkjun á sínum tíma. Þessar tölur tala sínu máli. Þetta er vægast sagt alvarlegt mál.“ Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir verðið hafa verið ákveðið eftir ítarlega úttekt og fjölmargar forsendur hafi legið fyrir verðmatinu. Hann telur ekki að Reykjavíkurborg hafi fengið of lágt verð fyrir

hlut sinn í fyrirtækinu. „Þetta var niðurstaða hlutlausra aðila sem valdir voru sameiginlega af ríki og borg. Við fengum reyndar herra verð en þeir lögðu til.“ Vilhjálmur telur ómögulegt að meta hvort söluverðið hafi verið of lágt út frá afkomutölum eins árs. „Þetta getur sveiflast á milli ára og fróðlegt að vita hver hagnaðurinn verður á þessu ári miðað við þær breytingar sem eru að eiga sér stað í þjóðfélaginu. Það verður líka á horfa á skuldir fyrirtækisins sem eru töluverðar.“ Hagnaður af rekstri samstæðu Landsvirkjunar nam 28,5 milljörðum króna á síðasta ári samanborið við ellefu milljarða árið 2006 og er að langmestu leyti vegna gengishagnaðar. - shá



VEÐRIÐ Í DAG




VÍÐA HÆGVIÐRI í dag verða norðaustan 5-10 m/s á Vestfjörðum, annars hæg breytileg átt. Skýjað með köflum suðaustan til, annars fremur skýjað og víða el á stangli. Hiti nálægt frostmarki. **VEÐUR 4**



FRAMTÍÐARFLUGMAÐUR Jóhannes Sveinn og Kristján Hróar fylgdust spenntir með sýningu þyriluveitar Landhelgisgæslunnar í gær á skrifudeginum sem er árlegur opinn dagur í Fjöltaekniskólanum. Þá gefst almenningi kostur á að kynna sér nám og starfsemi skólans og skoða húsa- og tækjakost hans. Tvær þyrilur gæslunnar, TF-Lif og „Steinrikur“, tóku þátt í sýningunni en Kristjáni Hróari þótti þyrilurnar stórar og heyrast hátt í þeim. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**

Markaðir fyrir þorsk í hættu: Nýjar tegundir njóta vinsælda

FISKELDI Þorskaforðir hafa hækkað mikið í verði á helstu mörkuðum í Evrópu vegna minna framboðs í kjölfar minnkandi veiði í N-Atlantshafi. Þorskelðismenn telja mikil tækifæri liggja í sveltum mörkuðum en ýmsar hættur geta einnig leynst í því að lítið framboð er af þorski. Tvær hvítfisktegundir eru taldar líklegar til að geta tekið yfir þorsmarkaði, aukist ekki framboð. Annars vegar vatnasteinbítur frá Vietnam, en 400 þúsund tonn af honum seljast í Evrópu á hverju ári, og hins vegar beitarfiskur, sem kallaður er „kjúklingur hafsins“ vegna vinsælda á meðal neytenda um allan heim. - shá / sjá síðu 14



Jón Steinar Gunnlaugsson segir fjarlægð ekki skapa virðingu fyrir dómstólum: Þögnin grefur undan trausti

DÓMSMÁL „Gamla hugmyndin er sú að þögn og fjarlægð skapi traust og virðingu. Ég held að þetta sé miskilningur,“ segir Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið í dag. Hann telur dómara mega tjá sig meira um dómaraströfin á opinberum vettvangi til þess að fólk skilji betur störf þeirra. „Stundum áttar fólk sig ekki á því hvers vegna tiltekinn brotamaður fær ekki þyngri refsingu en raun ber vitni og fjölmiðlar eru oft fljótir til að taka undir slík sjónarmið. Það koma síðan engin andsvör eða skýringar. Þetta er til þess fallið að grafa undan traustinu,“ segir Jón Steinar. Traust almennings á dómskerfinu mældist 39 prósent í nýlegri könnun Capacent. Frá því árið 2002 hefur traustið á dómskerfinu mælst undir 50 prósentum og fór lægst í 29 prósent í febrúar í fyrra. „Ég lít svo á að það ætti að vera grundvallaratriði í upplýstu þjóðfélagi að fólk þekki meginsjónarmið þeirra sem fara með dómsvald. Eins og þjóðfélag okkar er í dag þá getur traust og virðing ekki byggst á fjarlægð og þekkingarleysi á störfum dómstóla.“ - mh / sjá síðu 16

OPÍÐ FRÁ 13 TIL **78** Á SUNNUDÖGUM **Kringlan**

Stóri BÓKA MARKAÐURINN Perlunni Síðasta helgin! Opið 10-18

14 DAGAR TIL PÁSKA **NÓI SÍRÍUS**

SPURNING DAGSINS



Kiddi, hefur einhver gaukað að þér hugmyndum um nafn?

„Já, það hafa margir furðufuglar komist á flug við nafngiftina.“

Tónleikastaðurinn fornfrægi, Gaukur á Stöng, mun skipta um nafn þegar honum verður breytt í dansklúbb á næstunni. Kristján „Kiddi Bigfoot“ Jónsson er eigandi Gauksins.

Ný skýrsla frá OECD:

Loftslagshlúnun krefst aðgerða

ÓSLÓ, AP Þjóðir heims verða að bregðast við loftslagsvandannum núna, eða súpa seyðid af aðgerðaleysi síðar meir. Þetta segir í niðurstöðum nýrrar skýrslu Efnahags- og samvinnustofnunarinnar, OECD, um umhverfismál.

Verði ekkert að gert gæti hlúnun loftslags valdið því að eftir tvo áratugi hefði helmingur mannkyns ekki viðunandi aðgang að drykkjarvatni, að því er Angel Gurria, framkvæmdastjóri OECD, tjáði blaðamönnum á kynningarfundum í Ósló. Nýja skýrslan fjallar um horfur í umhverfismálum fram til ársins 2030.

Kosningar í Malasíu:

Stjórnarflokkur missir fylgi

KUALA LUMPUR, AP Kosningar til þings og til fylkisstjórna voru haldnar samdægurs í Malasíu í gær. Stjórnarflokkur Abdullah Ahmad Badawi, forsætisráðherra Malasíu, beið þar óvæntan ósigur í Penang-fylki. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að flokkurinn haldi naumlega meirihluta sínum á þingi.

Stjórnarflokkurinn sigraði með yfirburðum í kosningum árið 2004 og hlaut 91 prósent þingsæta. Vinsældir flokksins hafa þó dvínað undanfarin ár í kjölfar verðhækkana á öllum neysluvörum, spillingarmála og aukinnar glæpatíðni í landinu.

LÖGREGLUMENN

Bíll brann á Bogagranda

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að Bogagranda um klukkan hálf tvö í gær vegna elds í bifreið. Talið er að eldsúptök megi rekja til bilunar í bílnum sem stóð nærri íbúðarhúsi og skapað það nokkra hættu. Vel gekk að slökva eldinn. Engin slys urðu á fólki en bifreiðin er ónýtt.

Boris Spassky, fyrrverandi heimsmeistari í skák, lenti á Keflavíkurflugvelli í gær:

Hress þrátt fyrir augnaðgerð

SKÁK Boris Spassky, fyrrverandi heimsmeistari í skák, er kominn til landsins í tilefni af Alþjóðlegri skákhátíð í minningu Bobbys Fischers, mannsins sem sigraði hann í einvígi um heimsmeistaratitilinn. Kona hans, Marina Spassky, er með honum í för, en þau dvelja á landinu fram á fimmtudag.

„Það var virkilega gaman að hitta hann og hann var bara hress,“ segir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, forseti Skáksambands Íslands. „Hann er reyndar nýbúinn að fara í augnaðgerð og var því með dökk sólgleraugu.“

Til landsins eru einnig komnir stórmeistararnir Vlastimil Hort frá Tékklandi, Lajos Portisch og Pal Benko frá Ungverjalandi og William Lombardy frá Bandaríkjunum. Þeir munu taka þátt í fjölbreyttri dagskrá næstu daga í minningu Fischers, sem hefst með hátíðardagskrá í Þjóðmenningarhúsinu klukkan tvö í dag. Í dag eru 65 ár liðin frá fæðingu Fischers.

Stórmeistararnir munu allir fara að leiði Fischers á meðan heimsókninni stendur. „Ég held að það hafi fengið dálítið á þá alla þegar Fischer dó,“ segir Guðfríður Lilja.



KOMINN TIL LANDSINS Spassky notar svört sólgleraugu vegna augnaðgerðar sem hann fór í nýverið. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Var hætt kominn í Stórahelli:

Björguðu manni úr sjálfhældu

BJÖRGUN Félagar í björgunarsveitinni Ingunni á Laugarvatni komu manni til bjargar í gær sem var í sjálfhældu í Stórahelli í Laugarvatnsfjalli. Maðurinn var fremstur í hópi sem hugðist klifra upp í hellinn. Festing fyrir keðju sem notuð er til að komast upp í hellinn gaf sig. Bjarni Daniélsson, formaður Ingunnar, segir keðjuna áratuga gamla. Um þrettán metrar eru upp í munnan og hefði maðurinn stórslasast hefði hann fallið.

„Þetta er vanur klifurstrákur. Við komum til hans línu og svo gat hann dregið upp siglinu.“ Maðurinn gat því sigið sjálfur niður úr hellinum.

Segja 200 milljónir vanta á Suðurnesin

Lögreglan á Suðurnesjum áætla 200 milljóna króna útgjöld á árinu umfram heimildir fjárlaga. Lögreglumönnum og tollvörðum hefur fækkað síðustu ár. Án frekari fjármuna er hætt á áframhaldandi fækkun og þjónustuskerðingu.

STJÓRNÝSLA Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum gerir ráð fyrir ríflega 200 milljóna króna útgjöldum á árinu umfram heimildir fjárlaga, til að viðhalda núverandi þjónustustigi. Rekstraráætlun embættisins kom fram eftir að fjárlög höfðu verið samþykkt, samkvæmt tilkynningu frá dómstólaráðuneytinu.

Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir að embættinu beri skylda til að fara ekki fram úr fjárlögum. „Þetta er mjög flókið viðfangsefni, en við erum í góðri samvinnu við dómstólaráðuneytið um að leita leiða til lausna.“ Fundað verður um málið í dómstólaráðuneytinu á morgun.

„Ráðuneytið óskar eftir tillögu, sem byggist á virðingu fyrir fjárlögum,“ segir Björn Bjarnason dómstólaráðherra. „Ráðuneytið hefur ekki fengið nýja tillögu embættisins, en viðbrögð ráðuneytisins munu byggjast á henni.“ Á fjárlögum ársins 2008 er ekki um að ræða niðurskurð á fjárheimildum til embættisins frá fyrri árum, að sögn ráðuneytisins.

Mikill meirihluti útgjalda lögregluembættisins er launakostnaður, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fjárskortur kemur því helst niður á getu embættisins til að viðhalda sama fjölda starfsfólks.

Hjá embættinu starfa nú 240 manns, en lögreglumönnum og tollvörðum hefur fækkað á undanförunum árum, þrátt fyrir umfangsmikla starfsemi flugvallarinnar.



LÖGREGLUMENN AÐ STÖRFUM Umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum þekur fimm þéttbýlissvæði og Keflavíkurflugvöll. Starfsemi flugstöðvarinnar eykst ár frá ári.

Flugumferð eykst um 12 til 18 prósent á hverju ári og hefur umfang flugfragtar margfaldast síðustu ár.

Miklar breytingar hafa orðið í löggæslu á Suðurnesjum undanfarin misseri, en í upphafi árs 2007 voru öll lögregluembætti á Suðurnesjum sameinuð. Á sama tíma var embættið á Keflavíkurflugvelli fært frá utanríkisráðuneytinu til dómstólaráðuneytisins. Í upphafi þessa árs tók svo samgöngumálaráðuneytið yfir málefni Keflavíkurflugvallar og flugstöðvarinnar.

steindor@frettabladid.is



BJÖRN BJARNASON

JÓHANN R. BENEDIKTSSON

Veikindi Margaret Thatcher:

Útskrifuð eftir rannsóknir

LONDON Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, var útskrifuð af sjúkráhusi í London í gær. Ítarlegar



MARGARET THATCHER

læknisrannsóknir leiddu ekkert óvanalegt í ljós eftir því sem fram kemur á fréttavef BBC.

Thatcher var lögð inn á föstudagskvöld eftir að hún hneig niður í kvöldverðarboði á vegum Lávarðadeildar breska þingsins. Thatcher, sem er 82 ára, fékk nokkur smávægileg heilablóðföll árið 2002 og ráðlögðu læknar henni í kjölfarið að draga verulega úr ræðuhöldum og öðrum skuldbindingum.

Framhaldsskólanemar:

Fulltrúar allra skóla funduðu

MENNTAMÁL Nýtt framhaldsskólafrumvarp, fjármál nemendafélaga og landsmálapólitík í skólum, voru meðal umræðuefna á fulltrúafundi Sambands íslenskra framhaldsskólanema, sem fram fór í gær.

Fundinn sátu fulltrúar allra nemendafélaga í framhaldsskólum landsins. Fundarmenn ræddu um aðkomu nemenda að stjórnun skólanna, hvernig megi bæta keppnir eins og Gettu betur og Morfís, mataræði í skólum og slæma umfjöllun í þjóðfélaginu um skólaböll.

Ragnheiður Ríkharsdóttir, fulltrúi menntamálanefndar Alþingis, hlýddi á niðurstöður umræðna að fundi loknum.

Fríðrik Pálsson býður Sigurlínu Árnadóttur að gista í svítu Hótel Rangár:

Vonar að Línu dreymi vel

FÓLK Fríðrik Pálsson, framkvæmdastjóri Hótel Rangár, hefur boðið Sigurlínu Árnadóttur, eða Línu í Týni eins og hún er kölluð í Heimaey, að gista í svítu hótelins.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skömmu að Línu dreymdi fyrir því að rætast myndi úr loðnuvertíðinni þó að veiðibann hefði verið sett á um tíma. Sagði hún Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra frá draumi sínum þegar ástandið var hvað svartast en skömmu síðar réðst draumurinn. Í kjölfarið nefndi hún það við yfirmenn sína á Vinnslustöðinni í hálfkæringi að þeir leigðu fyrir hana svítu svo hana gæti dreymt fyrir betri tímum.

„Það blæs nú ekki byrlega í íslensku efnahagslífi þannig að það minnsta sem ég get gert er að athuga hvort Línu geti ekki dreymt fyrir betri tímum á þeim vettvangi. Þannig að það er bara svíta á Línuna,“ segir Fríðrik kankvís. „Hún er líkleg til þess þar sem hún bjargaði nú vertíðinni,“ bætir hann við.

Enginn sérstakur tímarammi er á tilboði Fríðriks. „Hún má koma hvenær sem hún er upplögð til draumfara,“ segir hann.



LÍNU FER Í DRAUMASTARFIÐ Þór Vilhjálmsson afhenti Sigurlínu bréfið frá framkvæmdastjóra Hótel Rangár þar sem henni er boðin gisting í svíttunni. MYND/ÓSKAR FRÍDRÍKSSON

Þór Vilhjálmsson, starfsmannastjóri Vinnslustöðvarinnar, afhenti Línu bréfið frá Fríðriki en þar segir að séð verði til þess að hún gangi ekki svöng til hvílu og fái að snæða það sem hún telji að hjálpi henni helst til að ná fullum afköstum í draumum sínum.

„Ég er alveg klumsa,“ segir Lína sem segist þó ekki komast í þetta draumastarf fyrr en að lokinni loðnuvertíð.

Austurlensk fjölskylduveisla fyrir 4

Heitt MED Heim

4 tilbúnir austurlenskir réttir, hrísgrjón og gos aðeins kr. **1.990.-**

NÓATÚN

www.noatun.is

LETTIR ÞÉR LÍFIÐ

DÝRMÆTAR SEKÚNDUR

Það tekur afar stuttan tíma að tryggja sér miða, en miklar líkur eru á að þeim tíma sé vel varið. Síðasta ár gaf af sér 35.695 vinningshafa í Happdrætti Háskólans. Við stefnum að því að þeir verði fleiri á þessu ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

Næsti útdráttur verður
11.03.2008



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

GJALDMIDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,83 68,15
Sterlingspund	136,49 137,15
Evra	104,47 105,05
Dönsk króna	14,012 14,094
Norsk króna	13,223 13,301
Sænsk króna	11,121 11,187
Japanskt jen	0,6647 0,6685

SDR	110,21	110,87
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
		135,993
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Flutningur Lögregluskólans: Stjórnendur á móti flutningi

ALÞINGI Forvígismenn Lögregluskólans hafa tekið dræmt í hugmyndir um flutning skólans á fyrrum varnarsvæðið á Keflavíkflugvelli.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra greindi frá þessu á Alþingi í liðinni viku þegar Björk Guðjónsdóttir Sjálfstæðisflokki spurði hann hvort nýr löggæsluskóli verði staðsettur á Keflavíkflugvelli. Björn sagðist sjálfur áhugasamur um slíkan flutning en forvígismenn Lögregluskóla ríkisins væru ánægðir með núverandi húsnæði á Krókhálsi.

- bps

Bush samþykkir ekki ný lög Vill leyfa pyntingar áfram

WASHINGTON, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti neitaði í gær að samþykkja lög sem hefðu bannað CIA að nota pyntingar við fangafyrirheyrslur.



George Bush

Bush útskýrði ákvörðun sína með því að aðferðir á borð við vatnspýntingar hafi reynst áhrifaríkar og leitt til þess að hægt hafi verið að koma í veg fyrir hryðjuverk. Hann sagði að hryðjuverkastríðið væri enn í fullum gangi og því væri engin ástæða til þess að snúa baki við aðferðum sem hefðu gefið jafn góða raun.

- vþ

Segir fjársveltistefnu viðhafða til að koma Iðnskólanum í hendur einkaaðila:

VG harmar skólasameiningu

ALÞINGI „Iðnskólinn hefur átt í áralangri baráttu við skilningssljóða menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins sem hafa markvisst fjársvelt skólann - ég leyfi mér að fullyrða - með það að markmiði að koma honum í hendur einkaaðila.“

Svo mælti Kolbrún Halldórsdóttir VG í utandagskrárumræðu um einkavæðingu Iðnskólans í Reykjavík.

Á dögnum var Iðnskólinn sameinaður Fjöltækniskóla Íslands sem Menntafélagið ehf. rekur en að því standa Landsamband íslenskra útvegsmanna og Samtök iðnaðarins.



RÆTT UM IÐNSKÓLANN Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hlýðir á ræðu Kolbrúnar Halldórsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kolbrún sagði Iðnskólan hafa verið einkavæddan án samráðs við starfsfólk og nemendur, án

almennrar umræðu og án aðkomu Alþingis. Þá hafi ekki verið kannað hvort aðrir en Menntafélagið vildu koma að rekstrinum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hafnaði öllum ummælum Kolbrúnar. Sagði hún skólann ekki hafa verið einkavæddan heldur verið hann einkarekinn og vísaði ásökunum um skort á samráði og upplýsingum á bug. Kvað hún VG alltaf fara með sömu rulluna; kvarta yfir að ónógu samráði, of skömmum aðdraganda og að hlutirnir séu ekki rétt gerðir. Ekkert efnisinnihald væri í málflutningi flokksmanna.

- bps

Mikið annríki hjá lögreglunni: Þrjú bísllys á skömmum tíma

SAUÐÁRKRÓKUR Lögreglan á Sauðárkróki hafði í nógu að snúast í gærmorgun. Um sexleytið var tilkynnt um bílveltu við bæinn Grófargil á Sauðárkróksbraut. Tveir voru í bílnum og hlutu þeir minni háttar meiðsl. Bíllinn er mikið skemmdur.

Premur mínútum síðar varð útafakstur við Miklabæ. Engin slys urðu á fólki en ökumaður er grunaður um ölvunarakstur. Laust eftir klukkan tíu keyrði bíll útaf við Stapa á Héraðsdalsvegi í Lýtingsstaðahreppi. Þar skarst ökumaður, sem var einn í bílnum, á höfði. Er hann grunaður um ölvunarakstur.

- ovd

Mátti byggja sólstofu þótt forseti andmælti

Ákvörðun borgarinnar um að neita íbúa sem býr í nágrenni gestabústaðar forsetans við Laufásveg um að reisa sólstofu hefur verið ógilt af úrskurðarnefnd. Þetta er í annað skipti sem synjun um byggingarleyfi á svæðinu er ógilt.

STJÓRNSÝSLA Borgaryfirvöld máttu ekki synja húseiganda sem býr við hlið forsetabústaðarins á Laufásvegi um að byggja sólstofu á grundvelli þess að ríkislögreglustjóri segði öryggi gesta í bústaðnum vera ógnað.

Synjun borgarinnar á leyfi til handa eiganda Laufásvegar 74 um að byggja sólstofuna er annað tilvikið á stuttum tíma þar sem úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála ógildir ákvörðun um veita ekki húseigendum í nágrenni forsetabústaðarins heimild til framkvæmda á lóðum sínum.

Einar Eiríksson, eigandi Laufásvegar 74, sótti um það í mars í fyrra að fá að reisa sólstofu í garði sínum, sem liggur að garði gestahúss forsetans á númer 72.

Forsætisráðuneytið og forsetaembættið mótmæltu því að deiliskipulagi yrði breytt til að Einar fengi sólstofuna. Sagt var að sólstofan myndi hafa áhrif á friðhelgi forsetahússins og gesta þess þar sem bein sjónlína yrði frá glerhýsinu í vistarverur gestahússins. Einnig var skírskotað til öryggishagsmuna vegna hlutverks gestabústaðarins við móttöku og dvöl erlendra tignargesta og vísað til faglegs mats ríkislögreglustjóra þar að lútandi.

Borgaryfirvöld ákváðu síðan á grundvelli umsagnar ríkislögreglustjóra að heimila Einari ekki að byggja sólstofuna. „Mér fannst



Á LAUFÁSVEGI 74 Einar Eiríksson vildi í fyrra reisa nýja sólstofu úr gleri en fékk ekki því það væri ógn við gesti í húsi forsetaembættisins sem sést í handan við lauffykkið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þetta öryggisdæmi alltaf vera tylliástæða en hvað mönnum gengur raunverulega til er mér hulið. En ég er feginn að jafnvel hinir háu herrar geti ekki stöðvað eðlilega frampróun í íbúðarhverfum borgarinnar. Nú fer ég að panta efni í skálann og hlakka til að reisa hann með vorinu,” segir Einar.

Líkt og í nýlegu máli vegna synjunar á byggingarleyfi á Laufásvegi 73 segir úrskurðarnefndin að á grundvelli umsagnar ríkislögreglustjóra einnar hafi ekki átt að hafna Einari um leyfi. Ekkert í gildandi deiliskipulagi leggi á kvaðir með tilliti til öryggishagsmuna í tengslum við dvöl opinberra gesta í forsetahúsinu. Sértekir



Öryggi gesta forsetans ekki haldbær rök

FRÉTTABLAÐIÐ Sagt var frá því 28. febrúar að ákvörðun borgarinnar um að synja um byggingarleyfi fyrir framkvæmdum gegnt forsetahúsinu hefði verið ógilt.

gar@frettabladid.is



VOJISLAV KOSTUNICA Stjórnarsamstarf slitnaði vegna ósættis um sjálfstæði Kosovo.

Sviptingar í Serbíu:

Ríkisstjórnar-samstarfi slitið

BELGRAD, AP Vojislav Kostunica, forsætisráðherra Serbíu, sleit í gær tveggja flokka ríkisstjórnarsamstarfi og boðaði til nýrra kosninga í maí. Ríkisstjórnin, sem samstóð af íhaldssömum flokki Kostunica og flokki frjálslyndra Evrópusinna, hóf starfsemi sína í kjölfar kosninga í janúar í fyrra en klofnaði vegna ósættis um viðhorf til sjálfstæðis Kosovo og deilna um aðild að Evrópusambandinu.

Kostunica sagði að ríkisstjórn sem ekki geti myndað samstöðu um mikilvæg mál geti ekki starfað og því hafi ekki verið önnur leið fær en samstarfsslit.

- vþ

LÖGREGLUFRETTIR

Brotnar tennur í slagsmálum

Karlmaður var sleginn í andlitið á Neskaupstað um klukkan þrjú í fyrri-nótt. Brotnuðu tennur í manninum og var farið með hann á sjúkrahúsið á Neskaupstað til aðhlýnningar. Málið er í rannsókn.

Hraðakstur við Hvolsvöll

Lögreglan á Hvolsvelli tók tíu ökumenn fyrir hraðakstur í umdæmi sínu í gær. Þar af óku þrjár á um 120 kílómetra hraða á klukkustund.

Kattasýning

Nánari uppl. á www.kynjakettir.is

Dómarar eru:

- Eyvor Andersson Svíþjóð
- Kristina Rautio Finland
- Lone Lund Danmörk

Sýningin verður haldin 8. og 9. mars 2008 í Reiðhöll Gusts, Álalind, Kópavogi

Höllin er opin frá kl.10 - 17.30 báða dagana

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

RÓLEGT YFIR KORTUNUM
Sé lítið til næstu daga eru horfur á rólegaheitarveðri víðast hvar á landinu. Hitinn verður ekki fjarri frostmarki og mjög víða má búast við dálitlum eljum. Á hinn bóginn getur víðasta hvar orðið þokkalega bjart á milli eljanna, sérstaklega þó á landinu suðaustanverðu.

Á MORGUN Hæg, breytileg átt.
ÞRIÐJUDAGUR Hæg, austlæg átt.

HEIMURINN	°C
Kaupmannahöfn	8°
Billund	6°
Ósló	2°
Stokkhólmur	5°
Gautaborg	7°
London	9°
Paris	8°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	8°
Berlín	9°
Alicante	17°
Mallorca	15°
Basel	10°
Eindhoven	7°
Las Palmas	20°
New York	4°
Orlando	19°
San Francisco	18°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

M3
420 hestöfl
0-100 km/h á 4.6 sek.

BMW á Íslandi

www.bmw.is



Sýning á BMW flotnum um helgina

Umfangsmesta sýning á BMW lúxusbílum sem haldin hefur verið á Íslandi.



Kynning:

-  BMW 120D Coupé
-  BMW M3
-  BMW 320 Coupé
-  BMW 320 Sedan
-  BMW 520 Sedan
-  BMW X5 (4.8)
- BMW 325 Coupé
- BMW 335 Coupé
- BMW 750i limousine
- BMW Z4 Coupé
- BMW M5

Frumsýnum 2 bíla

-  BMW 120D Coupé
-  BMW M3



Með bílinn handa þér

Það eru til sportbílar og það eru til akstursbílar. M-línan frá BMW er þriðji valkosturinn. Tæknin á bakvið M-bílana kemur beint frá keppnisliðum BMW í ólíkum akstursíþróttum, allt frá Daytona Racing til Formúlu 1. Væntingarnar til M-deildar BMW eru miklar enda hefur hún hannað ýmsa klassíska bíla í gegnum tíðina. Hvort sem það er M3 eða M5 eða einhverjir hinna bílanna í M-útfærslu þá eru kröfurnar alltaf þær sömu – bestu aksturseginnleika og öku-mannsumhverfi og mesta afl sem möguleiki er á. Í huga bílaáhugamanna táknar merkið þetta allt og meira til. Verið velkomin að skoða nýjustu undratækin frá BMW um helgina. Opið frá 12-16 báða daga.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is
Opið: 12-16 laugardag og sunnudag

KJÖRKASSINN



Trúir þú að hægt sé að leiðrétta launamun kynjanna?

Já	62,5%
Nei	37,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú trú á framtíð þorskeldis við Ísland?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Austurþing Framtíðarlandsins og Nýheima fór fram á Höfn í gær:

Vantar ekki peninga heldur fólk

SAMFÉLAGSMÁL „Við erum með þau tæki og tól sem þarf til að takast á við framtíðina. Okkur vantar ekki peningana, heldur fólkíð,“ segir Eyjólfur Guðmundsson skólastjóri framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Eyjólfur ávarpaði Austurþing, ráðstefnu Framtíðarlandsins og þekkingarsetursins Nýheima, á Höfn í Hornafirði í gær.

Bjartsýni einkenni þingið og hafði framtíðarfólkið að sunnan orð á krafti heimamanna. Eyjólfur vísaði til þess að á Höfn eru í boði mörg sérhæfð störf, mörg þeirra sem hafa orðið til vegna Nýheima.



HÖFN Bjartsýni einkenni þing Framtíðarlandsins og Nýheima sem fram fór á Hornafirði í gær.

Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Hafnar, stillti upp skammtíma- og langtíamarkmiðum næstum sem andstaðum.

„Við þurfum að taka okkur út úr

myndinni og hugsa um börnin. Hvernig sköpum við samfélag, sem þau vilja búa í að loknu námi? Það gerum við ekki með stóriðju,“ sagði hann og uppskar lófatak úr sal.

Við Nýheima starfa um fjórutíu manns, flestir þeirra háskólagengnir. Bæjarstjóri bendir á setrið sem dæmi um langtímafjárfestingu sem fór hægt af stað en skilar hægt og bitandi jákvæðum samfélagslegum áhrifum.

„Á sínum tíma þurftu Hornfirðingar að velja hvort þeir byggðu Nýheima eða sundlaug,“ segir bæjarstjórinn. Hann sér ekki eftir valinu.

- kóp

Heilbrigðisráðherra veitir styrki:

Hvatning á sviði gæðamála

HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarsson veitti á föstudag fjórtán gæðastyrki sem ætlað er að hvetja heilbrigðisstarfsmenn til dáða á sviði gæðamála.

Styrkir voru veittir við athöfn í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu og nam styrksupphæðin þremur milljónum króna. Heilbrigðisráðuneytinu bástust að þessu sinni 55 styrkbeiðnir alls staðar af að landinu til þess að sinna fjölbreyttum gæðaverkefnum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustunnar. Styrkir eru þannig einn stuðningur við tiltekin gæðaverkefni heilbrigðisstarfsmanna.

- vþ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fótbrotnaði á mótörhjólí

Ökumaður torfærumótörhjólís fótbrotnaði þegar hann missti hjólið yfir sig í fjörunni við Húsavík um fimm-leytið á föstudaginn. Var hann fluttur á sjúkrahúsið á Akureyri þar sem gert var að sárum hans.

AKRANES

Mótmæla leikskólástjóra

Félag leikskólakennara og leikskólakennara í Garðaseli á Akranesi hafa mótmælt þeirri ákvörðun bæjaryfirvalda að ráða leikskólástjóra við nýjan leikskóla „án auglýsingar og eðlilegs ráðningarferils“. Meirihluti bæjarráðs segir eðlilega staðið að ráðningunni.

Purfum að efla tengsl við Evrópuþingið

Íslendingar verða að efla tengsl við Evrópuþingið ef þeir vilja viðhalda áhrifamöguleikum sínum á nýjar EES-gerðir. Þetta kom fram á ráðstefnu í Reykjavík.

EVROPUMÁL EFTA-ríkin í EES, það er Ísland, Noregur og Liechtenstein, eiga mikla hagsmuni undir því komna að koma á virkum tengslum milli þjóðþinga sinna og Evrópuþingsins. Þetta kom fram á ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík á föstudag um nýjustu uppfærslu stofnsáttmála Evrópusambandsins, sem kenndur er við Lissabon og gengur væntanlega í gildi á næsta ári, og væntanleg áhrif hans á starf evrópskra þjóðþinga og Evrópuþingsins.

„Mikilvægasta breytingin eru þau auknu áhrif sem Evrópuþingið fær. Og við það höfum við engin formleg tengsl í gegnum EES-samstarfið. Okkur er því nauðsyn að stofna til tengsla við Evrópuþingið ef við eigum að geta haldið í áhrifamöguleika okkar á nýja Evrópulöggjöf sem við síðan erum skuldbundnir til að taka upp í gegnum EES-samninginn,“ segir Svein Roald Hansen, þingmaður fyrir Verkamannaflokkinn á norska Stórþinginu, í samtali við Fréttablaðið, en hann var meðal frummælenda á ráðstefnunni sem haldin var í samstarfi Alþingis og fastanefndar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins gagnvart Íslandi og Noregi.

Hansen segir að sinn þingflokkur á Stórþinginu hafi þegar stofnað til nýrra tengsla við Evrópuþingið með því að semja við systurflokkinn þar, PES, um að mega sitja þing- og nefndafundi. Hann tekur hins vegar fram að hversu vel sem nýjar leiðir til að leita áhrifa á löggjafarferli ESB utan frá reynast þá muni þær aldrei jafnast á við þá áhrifamöguleika sem full aðild myndi gefa.



EVROPUPINGIÐ Svein Roald Hansen segir leiðir til áhrifa á ESB-löggjöf aldrei jafnast á við áhrifamöguleika aðildar.

NORDICPHOTOS/AFP

„Skyldu Íslendingar taka stefnuna á ESB-aðild yrðu Norðmenn að taka nýja umræðu um Evrópumál...“

SVein Roald Hansen
ÞINGMAÐUR NORSKA
VERKAMANNAFLOKKSINS

Hansen er jafnframt forystumaður í Evrópusamtökunum í Noregi, Já-hreyfingarinnar svonefndu. Hann var því einnig spurður hvort hann teldi að sú þróun sem er að verða í Evrópumálunum á Íslandi kynni að hafa

áhrif á þróunina í Noregi.

„Skyldu Íslendingar taka stefnuna á ESB-aðild yrðu Norðmenn að taka nýja umræðu um Evrópumál, því það myndi vekja vafa um að það yrði yfirleitt mögulegt að reka EES-samninginn áfram,“ svarar Hansen og bætir við: „Ég ætti líka von á því að útgerðarmenn í Noregi myndu þrýsta á um að það væri skoðað vandlega hvort ekki væri skynsamlegt fyrir Norðmenn að stefna líka á ESB-aðild í félagi við Íslendinga, með það þá að markmiði að freista þess að tryggja hagsmuni Norðmanna í sjávarútvegsmálunum.“

audunn@frettabladid.is

VSÓ RÁÐGJÖF

50 ÁRA 1958 – 2008

Nútímaleg samkeppni um stefnumótun og hönnun skóla

Morgunverðarfundur um hugmyndafræði, hönnun og byggingu nýs barnaskóla

Í tilefni 50 ára afmælis VSÓ ráðgjafar býður fyrirtækið til morgunverðarfundar **miðvikudaginn 12. mars kl. 8:30 til 10:00 í Gullteig A á Grand Hótel**. Á fundinum verður fjallað um hvernig sveitarfélög geta sótt forskar hugmyndir til skólafólks og hönnuða úti í samfélaginu um byggingu nýrra skóla.

Í Mosfellsbæ ríkir metnaðarfull og framsækin stefna í skólamállum og skólastarfi. Bæjarstjórnin ákvað að sækja nýjustu hugmyndir um uppbyggingu nýs skóla fyrir 1 til 9 ára börn með athyglisverðri samkeppni. Með þessari nútímaaðferð verður nýjum leik- og grunnskóla blandað saman.

Efnit var til samkeppni meðal hönnuða og skólaráðgjafa um nýja skólann. Tvær athyglisverðar nýjungar í samkeppninni verða kynntar:

- Sagt verður frá samkeppni þar sem verkkaupi og keppendur áttu gagnkvæm samskipti á keppnistímanum.
- Greint verður frá samstarfi skólaráðgjafa í hugmyndafræði, kennslu og uppeldismálum, arkitektu og verkfræðinga sem unnu saman í einum hópi þar sem hugmyndafræðin hafði sama vægi og arkitektúrinn.

Um þessa nýju aðferðarfræði, sem skilaði mjög jákvæðum árangri, verður fjallað á afmælisfundum VSÓ ráðgjafar.

Dagskrá:

- **Aðferðarfræði samkeppninnar**, Þorbergur Karlsson, verkfræðingur hjá VSÓ
- **Athyglisverð uppbygging skóla í Mosfellsbæ**, Jóhanna Björg Hansen, bæjarverkfræðingur
- **Að bræða saman hugmyndafræðina, arkitektúr og verkfræði** Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálandsskóla og Steffan Iwersen arkitekt
- **Umræður, spurningar og svör**

Fundurinn er ætlaður: Skólastjórnendum, fræðslustjórum og fræðslunefndarfólki, arkitektum, verk- og tæknifræðingum og öðru áhugafólki um skólamál.

Aðgangur er í boði VSÓ.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 11. mars nk. til: bergny@vso.is

VSÓ RÁÐGJÖF

50 ÁRA 1958 – 2008

Framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi segir fiðrildavikuna vel heppnað átak:

Síminn hefur vart stoppað

FÉLAGSMÁL Fiðrildaviku UNIFEM á Íslandi lauk í gær. Átakinu var ætlað að vekja landsmenn til vitundar um stöðu kvenna í þróunarlöndunum og í stríðshrjádum ríkjum. Á föstudagskvöld var haldið uppboð á hekludum brjóstum og er talið að tæplega 300 manns hafi mætt og keypt brjóst fyrir um eina milljón króna.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, segir átakið hafa gert mikið til að vekja athygli á starfsemi samtakanna hér á landi. „Við höfum fengið afar jákvæð viðbrögð og síminn hefur vart stoppað hér á skrifstofunni hjá okkur nú í vikunni. Fólk hefur hringt til að þakka okkur fyrir og því er ljóst að kynbundið ofbeldi snertir líf margra.“

Enn er ekki búið að reikna saman þá upphæð sem safnaðist á fjárflyunarviðburðum átaksins, en peningarnir munu renna óskiptir í styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldi gegn konum. „Við verðum komin með endanlega upphæð nú eftir helgi,“ segir Steinunn. „Almenningur hefur verið mjög duglegur að taka þátt í fjárflyuninni og jafnframt hafa mörg fyrirtæki lagt okkur lið.“

- vþ



BLAÐAMANNAFUNDUR Í LOK FIÐRILDAVIKU Joanna Sandler, aðalframkvæmdastýra UNIFEM í New York, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, og Olubanke King-Akerele, utanríkisráðherra Líberíu, sátu fyrir svörum á blaðamannafundi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NÓATÚN

Sprengja á páskaeggjum

Aðeins í dag
sunnudag



Aðeins í dag
sunnudag

Diät kók 4 saman í pakkingu

399 kr.

4 x 2l

Glæsileg heimasíða

www.noatun.is
LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ

HAGVÖXT UM LAND ALLT

RÁÐSTEFNA SAMTAKA ATVINNULÍFSINS
- HÓTEL BORGARNESI

Fimmtudaginn 13. mars 2008 kl. 12:00 - 17:00

12:00 - 13:00 Skráning og hádegisverður

13:00 - 17:00 Hagvöxt um land allt: Áherslur SA kynntar
Vilhjalmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

Fróðleg erindi og fyrirspurnir - umræður og kaffispjall

Árni Gunnarsson, Flugfélagi Íslands. Erna Indriðadóttir, Alcoa Fjarðaáli.
Kjartan Ólafsson, Háskólanum á Akureyri. Guðmundur Heiðar Gunnarsson,
Matís. Sveinn Hjörtur Hjartarson, LíÚ. Magnús Ásgeirsson, Atvinnuþróunarfélagi
Eyjafjarðar. Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, Landnámssetrinu.
Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ. Jóhannes Jónsson, Bónus.

Ráðstefnustjóri: Vilhjalmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

Nánari dagskrá og skráning á vef SA – www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SKAPANNA AUGUSTEINAR



HINIR LÁTNU SYRGÐIR Ísraelar jarðsöngu í gær átta nemendur á aldrinum 15 til 26 ára, sem létu lífið í árásinni á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskæð skotárás í Jerúsalem hefur ekki áhrif:

Ísraelar vilja halda viðræðum áfram

GAZA, AP Ísraelsk stjórnvöld sögðust á föstudag ætla að halda áfram friðarviðræðum við Palestínumenn, þrátt fyrir mannskæða skotárás í Jerúsalem á fimmtudag, „til þess að refsa ekki hófsömum Palestínumönnum fyrir verknað fólks sem eru ekki aðeins okkar óvinir heldur einnig þeirra,“ eins og ísraelskur embættismaður orðaði það.

Átta manns létu lífið þegar Ala Abu Dhaim, arabískur bifreiðastjóri búsettur í Austur-Jerúsalem, réðst inn í virtan trúarháskóla í borginni á fimmtudag. Fjölskylda árásmannsins segir að hann hafi um skeið starfað sem bifreiða-

stjóri fyrir skólann. Að minnsta kosti níu aðrir særðust, þar af þrjú alvarlega.

Hamas-samtökin hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni, en drógu síðan þá yfirlýsingu til baka og sögðust ekki viss um hvort þau gætu „eignað sér heiðurinn strax“.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, frestaði þátttöku í öllum friðarviðræðum við Ísraelsmenn eftir harðvítugar árásir Ísraela á byggðir Palestínumanna á norðanverðri Gazaströnd í vikunni. Þær árásir, sem bitnuðu harðast á bænum Jebaliya, kostuðu meira en 120 manns lífið.

- gb

5125050 Auglýsingasími Mest lesið

Þitt atkvæði – þinn réttur – þín áhrif

RAFIDNAÐARMENN

ATKVÆÐASEÐLAR
HAFA VERIÐ SENDIR TIL FÉLAGSMANNA.

Félagsmenn, takið afstöðu til nýgerðs kjarasamnings.
Atkvæði þurfa að hafa borist á skrifstofu RSÍ eigi síðar en
kl. 12:00 miðvikudaginn 12. mars 2008

KJÓSUM UM OKKAR KJÖR!

Kjörnefnd



RAFIDNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS





NORÐURBAKKI

LÚXUSÍBÚÐIR Á SJÁVARLÓÐ Í HAFNARFIRÐI

ÞAÐ SEM FLESTIR ÓSKA SÉR ...

... góð og falleg hönnun • vonduð bygging
• veðursæld • fallegt umhverfi • gullfallegt
útsýni • nálægð við náttúru • þjónusta við
dyrnar ...

Allt þetta býður ATAFL nú í stórglæsilegum lúxusíbúðum í nýju bryggjuhverfi á Norðurbakka í Hafnarfirði. Hverfið liggur í hjarta bæjarins að fallegu rótgrónu svæði. Íbúðirnar eru á framúrskarandi útsýnisstað í skjóli fyrir norðanáttinni. ATAFL fékk til liðs við sig arkitektastofuna Arkþing við hönnun húsanna. Árangur samstarfsins þykir einstaklega áhugaverður enda báðir aðilar þekktir fyrir framsæknar lausnir og vandaða vinnu.



SÝNINGARÍBÚÐ OPIN Í DAG
9. MARS MILLI 14 OG 16

SÖLUADILAR VEITA ÞÉR ALLAR UPPLÝSINGAR:

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

sími 569 7000, www.miklaborg.is



sími 520 2600, www.as.is

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ NÁNAR
www.atafl.is


ATAFL
í 50 ár

Lyngási 11 • 210 Garðabæ • sími 420 6400 • bréfsími 420 6499 • atafl@atafl.is

Norðmenn vísa veginn, við þurfum að fylgja.

Heimaalinn þorskur

JÓN KALDAL SKRIFAR

Áætlanir Norðmanna um stórfellt þorskeldi eru ævintýrlegar. Innan tiltölulega fárra ára stefna þeir að því að framleiða allt að tvö hundruð þúsund tonn af eldisþorski á ári. Til að setja þá tölu í samhengi er það um sjötíu þúsund tonn meira en Íslendingar ætla að veida af villtum þorski á þessu fiskveiðiári. Þetta er meðal þess sem kemur fram í stórmerkilegri fréttaskýringaröð Svavars Hávarðssonar um þorskeldi, sem birst hefur í Fréttablaðinu undanfarna daga og lýkur á morgun með viðtölum við sjávarútvegsráðherra Noregs og Íslands.

Á sama tíma og veiðar á þorski í Norður-Atlantshafi hafa dregist saman um hundruð þúsunda tonna undanfarin ár hafa Norðmenn ekki setið með hendur í skauti sér. Þeir eru komnir á fleygiferð í þorskeldinu og hafa náð hraustlegu forskoti á aðrar þjóðir. Auðvitað eru mörg ljón á veginum og aflinn langt í frá kominn á land. En eins og Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fiskeldisstöðva á Íslandi, bendir á eru Norðmenn fullir sjálfsstrausts eftir afbragðs árangur í eldi og markaðssetningu á laxi. Af þeirri skepnu framleiddu Norðmenn og seldu ríflega sjö hundruð þúsund tonn á síðasta ári og skilaði það þeim jafnvirði 190 milljarða íslenskra króna í tekjur.

Á þessu ári verða tekjur Norðmanna af fiskeldinu enn þá hærri því verð á hráefnismörkuðum heimsins stefnir aðeins upp á við. Sama staða er með matvæli og eldsneyti. Heimsframleiðslan annar ekki vaxandi eftirspurn sem stafar af því að fjölmennar þjóðir hafa efnast og teygja sig samhliða því eftir meiri lífsgæðum en áður. Náttúruauðlindir jarðar eru ekki ótæmandi og við því er verið að bregðast um allan heim. Þannig eru til dæmis stærstu olíufyrirtæki heims í fararbroddi við þróun nýrra orkugjafa.

Stefnumörkun og staðfesta Norðmanna í fiskeldinu er byggð á köldu raunsæi og yfirvegum. Það er algerlega ljóst að veiðar á villtum þorski munu ekki í fyrirsjáanlegri framtíð, ef nokkurn tíma aftur, nálgast aflatölur undanfarinna ára, svo ekki sé talað um tölur fyrri áratuga.

Á Íslandsmiðum hefur aldrei áður hefur verið gert ráð fyrir jafn litlum þorskafla og á þessu fiskveiðiári. Og lítill þorskkvóti er sá raunveruleiki sem við munum búa við á næstu árum, eins og Björn Ævarr Steinarsson, sviðstjóri veiðiráðgjafarsviðs Hafnarsóknastofnunar hefur staðfest í Fréttablaðinu. Það er hárrétt mat hjá Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegrráðherra að nú sé komið að ögurstund í þorskeldi hér á landi.

Í fréttaskýringaröð Fréttablaðsins kemur fram að Norðmenn eru fúsir til samstarfs og vilja miðla af þekkingu sinni. Nú þarf að spýta í lófana og taka því boði. Það hlýtur að standa upp á stærstu útgerðafyrirtæki landsins að taka forystu í málinu. Auðvitað er alls ekki víst að þorskeldisævintýri Norðmanna fái góðan endi, en ekki dugar að sitja aðgerðalaus hjá og sjá hvað setur. Þeir fiska sem róa.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). **FULLTRUI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efn blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Skráning stendur yfir

Á HJÓNA - OG SAMBÚÐARNÁMSKEIÐ ÞÓRHALLS HEIMISSONAR Í HAFNAFJARDARKIRKJU

Yfir 5000 þör hafa tekið þátt frá upphafi

Á námskeiðunum er m.a. fjallað um:

- Samskipti hjóna.
- 10 leiðir til að lifa lífinu lífandi.
- Slökun.
- Hvernig má gera gott samband betra.
- Ástina, kynlífið og hamingjuna.



Leiðbeinandi á námskeiðinu er sr. Þórhallur Heimisson.

Upplýsingar og skráning á

thorhallur@hafnarfjardarkirkja.is og í síma 891 7562

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sex kaupskip þingmannsins

Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, gerir athugasemd við auglýsingu tryggingafélagsins Allianz þar sem evru og krónu er stillt upp hlið við hlið sem samkeppnisaðila og eftir því sem Bjarni segir „krónan gerð þar í senn broslæg og eymdarleg“. Er Bjarni ósáttur við að tryggingafélagið leyfi sér að blanda sér í íslensk stjórnsmál þar sem þessa dagana fari fram mjög mikilvæg og um leið viðkvæm umræða um íslensku krónuna og stöðu hennar til framtíðar. Það

sé ekki hlutverk alþjóðlegra fyrirtækja sem hér starfa að taka pólitíska stöðu í þeirri umræðu. Margt hefur áður verið gert til að takmarka áhrif erlendis frá en spurning er hvort Bjarni vilji stíga enn lengra til baka og takmarka áhrifin við sex kaupskip á ári.

Út á réttum tíma

Enn kemur í ljós hversu snjall stjórnsmálamaður Björn Ingi Hrafnsson er/var. Eins og sagt var frá á þessum stað í gær telur innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að fulltrúar borgarinnar í byggingarnefnd nýju stúkunnar við Laugardalsvöll hafi

brugðist. Byggingarnefnd hélt aðeins tvo fundi á fyrsta ári framkvæmdanna og einn kynningarfund í lok þeirra. Björn Ingi Hrafnsson tók sæti Dags B. Eggertssonar í september 2006. Þá hafði verið ljóst í nokkra mánuði að kostnaður væri kominn fram úr áætlun en samt sem áður var enginn fundur boðaður. Líklega væri farið að volgna rækilega undir Birni Inga ef hann væri enn í stjórnsmálum. En hann hætti í janúar og þarf ekki að svara fyrir neitt. Þetta heitir fyrirhyggja.

olav@frettabladid.is
bergsteinn@frettabladid.is



Á öfugum enda

Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, er andlegur leiðtogi þeirra, sem ekkert hafa séð jákvætt við hagkerfisbreytinguna frá 1991, þegar skattar voru einfaldaðir og lækkaðir öllum til hagsbóta.

Það er opinbert leyndarmál, að Indriði reiknaði út þær tölur um ójafnari tekjuskiptingu vegna skattabreytinga, sem minni spámenn ruku með í fjölmiðla haustið 2006 og reyndust síðan rangar. Ég fór yfir ýmsar hæpningar hugmyndir Indriða um skattamál í síðasta hefti vefritsins Stjórnsmála og stjórnsýslu, meðal annars kröfu hans um stighækkandi tekjuskatt. Hér ætla ég hins vegar að ræða stuttlega nýjustu grein Indriða, sem vakið hefur athygli. Hún er um það, að Íslendingar geymi verulegt fé, á að gíska 500 milljarða króna, í Hollandi og Lúxemborg, en einnig í skattaskjólum eins og á Ermasunds-eyjum, Jersey og Guernsey, og eyjum í Karíbahafi. Ríkið verði að komast í þetta fé.

Röng nálgun

Indriði byrjar á öfugum enda. Hann spyr: Hvers vegna geyma Íslendingar stórfé erlendis? Hann ætti frekar að spyrja: Hvers vegna geyma útlendingar ekki stórfé hér? Hvað getum við gert til að laða að fé frá útlöndum? Hvernig eigum við að keppa við Holland, Lúxemborg og önnur lönd?

Svarið er einfalt: Með því að gera skattaumhverfi fyrirtækja og fjármagnseigenda eins hagstætt og það í þessum löndum. Þá þurfa íslenskir fjármagnseigendur ekki að geyma fé sitt erlendis, og þá sjá erlendir fjármagnseigendur sér hag í að geyma fé sitt hér. Til dæmis er söluhagnaður fyrirtækja af hlutabréfum ekki skattskyldur í Hollandi. Indriði lætur líka í ljós áhyggjur af því, að íslenska útrásin hafi ekki skilað íslenska ríkinu verulegum skatttekjum. Það er rétt, en hitt hefur skilað



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON Í DAG | Skattar

stórkostlegum skatttekjum, að bankarnir eru komnir úr greipum ríkisins. Skattgreiðslur þeirra voru áður nánast engar, af því að þeir voru jafnan reknir með tapi, en nema nú tugum milljarða króna á ári.

Indriði er bersýnilega haldinn tveimur algengum meinlokum um skattamál. Önnur er, að skattstofnar séu nánast óbreytilegir að

Indriði er bersýnilega haldinn tveimur algengum meinlokum um skattamál. Önnur er, að skattstofnar séu nánast óbreytilegir að stærð, og verkefnið sé aðeins að afla skatttekna af þeim með góðu eða illu.

stærð, og verkefnið sé aðeins að afla skatttekna af þeim með góðu eða illu. En skattstofnar eru einmitt mjög breytilegir að stærð. Fleiri vinna til dæmis meira, ef þeir fá sjálfir í sinn hlut mestallar þær tekjur, sem vinnan skapar, í stað þess að ríkið hirði slíkar viðbótartekjur nær óskiptar, eins og Nóbelsverðlaunahafinn Edward Prescott bendir á nýitkominni bók, Cutting Taxes to Increase Prosperity. Hin meinlokun er, að fjármagnnið, sem á að skattleggja, sé óhreyfanlegt. Það býði skattheimtumannanna sallarólegt eins og sauðé eftir slátrurum. En í heimi hnattvæðingar og sífellt betri fjarskipta-

tækni er fjármagnnið afar kvíkt. Það fer á svipstundu þangað, sem það ávaxtast best. Verkefnið er þess vegna að bjóða eigendum þess sem hagstæðust kjör.

Skattasamkeppni til góðs

Aukin skattasamkeppni milli ríkja veldur því, að jaðarskattur einstaklinga (skatturinn sem greiddur er af hæstu viðbótartekjum) hefur í öðrum ríkjum lækkað að meðaltali úr 67% árið 1980 í 40%. Á sama tíma hefur tekjuskattur fyrirtækja lækkað að meðaltali í sömu ríkjum úr um 50% í 27%. Slík skattasamkeppni heldur ekki aðeins fjárfrekum stjórnsmálsmönnum í skefjum, heldur auðveldar hún skynsamlegar fjárfestingar einkaaðila og er þannig öllum í hag, þegar til lengdar lætur, eins og breski hagfræðingurinn Richard Teather benti á í erindi á skattadegi Deloitte í janúar síðastliðnum.

Um þessar mundir er Evrópusambandið með háskattalöndin Þýskaland og Frakkland í broddi fylkingar að reyna að torvelða skattasamkeppni. Írar hafa verið ávitaðir fyrir að bjóða fyrirtækjum lága skatta, og Lúxemborg sér fram á að verða að herða reglur um fjármálastofnanir. Þetta veitir Íslendingum, sem eru utan Evrópusambandsins og óbundnir af skattareglum þess, einstakt tækifæri til að bjóða fyrirtækjum og fjármagnseigendum hagstætt skattaumhverfi.

Geir H. Haarde forsætisráðherra setti þegar árið 1979 fram hugmynd um þetta í bókinni Uppreisn frjálshyggjunnar, og nefnd undir forsæti Sigurðar Einarssonar í Kaupþingi skilaði vandaðri skýrslu um málið í árslok 2006. Hugmyndin er ekki að veita illa fengnu fé skjól, heldur að bjóða fjármagnni án skýrs heimilisfangs svo hagstæð kjör, að það finni sér hér þöfnuðu. Ísland getur orðið Sviss norðursins.

Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálfu.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétt- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir liðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dagurmál, umræða, blogg og Veftv – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir.is
...ég sá það á visir.is

Útflutningur á óunnum fiski - ávísun á atvinnuleysi

UMRÆÐAN

Útflutningur og atvinnamál

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur mörg undangengin þing, síðast á yfirstandandi þingi, flutt þingsályktunartillögur um að sjávarútvegsráðherra kanni orsakir mikils útflutnings á óunnum fiski og mögulegar leiðir til að auka í staðinn fullvinnslu innanlands. Útflutningur á óunnum fiski í gámum á fiskmarkaði erlendis nam 50.977 tonn um árið 2007 og þar af nam magn óvígtaðs afla 33.286 tonn um eða 65,3%.

Þetta hlutfall fer hækkandi því árið 2006 nam það 59,4% og var 54,6% árið 2005. Í svari við fyrirspurn minni á Alþingi 27. febrúar sl. upplýsti sjávarútvegsráðherra jafnframt að útflutningur á óunnum fiski hefði aukist í heildina fyrstu fimm mánuði nýs fiskveiðisárs, sem hófst 1. september 2007 eða um 2.288 tonn milli ára. Munar þar mest um aukinn útflutning á ýsu, 1.901 tonn og 193 tonn af þorski. Þessi útflutningur hefur haft verulega neikvæð áhrif á þjóðarþúið.

Af hverju leggur ríkisstjórnin blessun sína yfir það í verki að útlendingum sé seldur stór hluti af sameiginlegri auðlind okkar og hleypir þeim bakdyrmegin inn í fiskveiðilögsöguna okkar?

Hagkvæmara að verka hér á landi

Það er staðreynd að auka mætti útflutningsverðmæti þessa afla umtalsvert ef hann væri unninn innanlands. Hráfnisskortur er viðvarandi vandamál í íslenskrí fiskvinnslu, ekki síst hjá fyrirtækjum sem reka fiskvinnslu án útgerðar. Þegar fiskur er fluttur óunninn á fiskmarkaði erlendis gefst íslenskum fiskverkendum ekki kostur á að bjóða í aflann á móti erlendum fiskverkendum. Innlendir fiskverkendur biðja aðeins um það að sitja við sama borð og erlendir fiskverkendur en þeir fyrrnefndu eru, eins og staðan er í dag, hreinlega útilokaðir frá samkeppni og frá því að bjóða í þennan afla.

Ég verð að halda þeirri staðreynd til haga í þessu samhengi, að virðisauki í vinnslu sjávarafurða hefur verið með mesta móti hjá þeim fyrirtækjum sem stunda fiskvinnslu hér á landi án útgerðar og reiða sig á hráfnis-kaup á fiskmörkuðum. Þessi fyrirtæki hafa verið í fararbroddi við að vinna nýja markaði fyrir hágæða íslenskan fisk í hæsta verðflokki og eru frumkvöðla- og sprotafyrirtæki í vinnslu sjávarafurða. Sú hætta blasir við að mörg þessara fyrirtækja verði að leggja upp laupana og að dýrmætir markaðir erlendis tapist.

Íslenskur fiskmarkaður hefur verið í mikilli framþróun á síðustu árum. Með upptöku fullkomins uppboðskerfis er unnt að stunda viðskipti með afla gegnum Netið hvar sem er í heiminum og jafnvel með beinum samskiptum við fiskiskip á hafi úti. Þannig geta kaupendur innanlands sem erlendir setið við sama borð þegar uppboð fara fram hér á landi. Það er ekkert því til fyrirstöðu að allur fiskur sem nú er fluttur óunninn á erlenda fiskmarkaði og fiskur sem ekki er verkaður af þeim sem veiðarnar stunda sé boðinn upp á innlendum fiskmörkuðum. Með því fyrirkomulagi ætti að fást

hæsta mögulega verð fyrir aflann. Það hlýtur að vera kappsmál útgerðarmanna ef allt er með felldu.

Ríkisstjórnin bætir gráu ofan á svart

Ríkisstjórnin hefur sýnt af sér fullkomið ábyrgðarleysi þessu máli sem er ófyrirgefanlegt í ljósi afleiðinga niðurskurðar þorskafla á þessu fiskveiðiári og fjöldauppsagna fiskverkafólks. Stjórnvöldum bar að leita allra leiða til að auka fullvinnslu hér heima fyrir þegar fyrir lá að skera þurfti þorskaflaheimildir niður um þriðjung. Ef eitthvað er hefur



ATLI GÍSLASON

ríkisstjórnin gert illt verra með því að fella niður svo nefnt útflutningsálag haustið 2007 sem meðal annars hefur leitt til aukins útflutnings.

Málið er grafalvarlegt. Það sýna best ummæli Gunnars Braga Guðmundssonar, formanns Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda. Hann hefur

sagt opinberlega að það séu stórmærkileg tíðindi að á sama tíma og þorskvótinn hefur verið skorrinn niður um þriðjtu prósent og fiskvinnslur segja upp fólki um allt land vegna hráfnisskorts, séu menn að flytja út meira af ýsu og þorski en í fyrra. Enn fremur

að staðan sé nú verri en verstu spár hafi gert ráð fyrir. Útlendingar geti nú keypt fisk án kvótaálags og gengið beint í ýsuna og aukið innflutning sinn um rúm þriðjtu prósent úr afla sem menn vonuðu að mundi vega upp kvótakerðinguna. Gunnar Bragi bendir enn fremur á að afli rýrni á leiðinni á markað erlendis og það sé hugsanlega ástæða þess að menn kjósi að senda aflann óvígtaðan úr landi.

Er mál að linni og að sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnin öll hætti að búa til atvinnuleysi og snúi sér að alvöru aðgerðum til að mæta niðurskurði í þorskafla. Til að koma í veg fyrir uppsagnir fiskverkafólks og stórfellda

erfiðleika í sjávarbyggðum um land allt hefði ríkisstjórnin átt að tryggja eins og kostur er fullvinnslu alls sjávarafla hér á landi. Af hverju grípur ríkisstjórnin ekki til þeirrar mótvægisáðgerðar sem bætir í raun upp niðurskurð þorskafla og gagnast sjávarbyggðunum langbest? Af hverju leggur ríkisstjórnin blessun sína yfir það í verki að útlendingum sé seldur stór hluti af sameiginlegri auðlind okkar og hleypir þeim bakdyrmegin inn í fiskveiðilögsöguna okkar? Mér finnst ríkisstjórnin vera veruleikafirrt í þessu máli.

Höfundur er alþingismaður. Vinstri grænna.

Meistaránám og doktorsnám við menntavísindasvið HÍ / KHÍ

MENNTAVÍSINDASVIÐ

www.khi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Meistaránám »

Sérsvið í menntunarfræði:

- » fjölmening
- » fræðslustarf með fullorðnum – mannauðspróun
- » heimspeki menntunar
- » íslenska – íslenskukennsla
- » kennslufræði og skólustarf
- » listmenntun – listasaga – verkmenntun
- » mál og læsi
- » menntunar- og kennslufræði yngri barna
- » náttúrufræðimenntun
- » stærðfræðimenntun
- » upplýsingatækni og miðlun

Menntunarfræði M.Ed. og M.A.

Sérkennslufræði M.Ed.

Stjórnunarfræði menntastofnana M.Ed.

Heimspeki menntunar M.A.

Íþrótt- og heilsufræði M.Ed. og M.S.

Þroskaþjálfufræði M.Ed.

Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed.

Alþjóðlegt nám í menntunarfræði/
International studies in education M.A.
(kennt á ensku)

Kennsluréttindánám á meistarastigi

Doktorsnám »

Menntunarfræði Ph.D.

Umsóknarfrestur er til 15. mars / Umsóknareyðublöð á www.khi.is og www.hi.is

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“



Móðir mín kær,

Rigmor S. Hanson

dans- og tungumálakennari,

lést þann 24. febrúar síðastliðinn. Rigmor var jarðsöngin í kyrkþey.

Svava Sigurjónsdóttir og fjölskylda.



Þökkum af albug öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jónasar Reynis Jónssonar

frá Melum, Sólheimum 23, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjartadeildar 14G Landspítalanum og líknardeildar á Landakoti.

Elín Þórdís Þórhallsdóttir

Elsa Jónasdóttir

Ína H. Jónasdóttir

Þóra Jónasdóttir

Birna Jónasdóttir

barnabörn og fjölskyldur.

Gunnar Guðjónsson

Eggert Sv. Jónsson

Gunnar F. Vignisson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafadur, afa og langafi,

J. Sigurður Gunnsteinsson

fyrirverandi starfsmaður Loftleiða/ Flugleiða

sem bráðkvaddur var á heimili sínu Vogatungu 45, Kópavogi laugardaginn 1. mars, verður jarðsöngin frá Digraneskirkju, Kópavogi, miðvikudaginn 12. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Hjartavernd.

Margrét Anna Jónsdóttir

Gunnsteinn Sigurðsson

Þorgerður Ester Sigurðardóttir

Jón Grétar Sigurðsson

Anna Sigríður Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Dýrleif Egilsdóttir

Einar Ólafsson

Sveinbjörg Eggertsdóttir

Guðni Einarsson



Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir okkar, tengdafadur, afa og bróðir,

Kristinn Sigurðsson

Þóruelli 18, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Áskirkju miðvikudaginn 12. mars kl. 15.00.

Jóhanna Antonía Sigsteinsdóttir

Sigsteinn Sigurðsson

Sigríður Sara Sigurðardóttir

Herdís Elísabet Kristinsdóttir

Helena Kristinsdóttir

Halldór Sigurðsson

Haraldur Sigurðsson

Dagný Karlson

barnabörn og aðrir aðstandendur.

Halla Pálsdóttir

Guðmundur Björnsson

Sveinn Ingi Steinþórsson

Sverrir Kári Karlsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafadur, afa og langafi,

Júlíus Rafnkell Einarsson

verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju 11. mars kl. 11.00.

María Guðrún Ögmundsdóttir

Ástríður Júlíusdóttir

Guðrún Júlíusdóttir

Einar Júlíusson

Ragneiður Júlíusdóttir

Ásdís Júlíusdóttir

Sigrún Júlíusdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Samúel Ingimarsson

Ingibergur Þór Kristinsson

Lára Brynjarsdóttir

Rúnar Oddur Guðbrandsson

Jónas Guðbjörn Þorsteinsson

Sigurður I. Hreinsson

CHARLES BUKOWSKI
RITHÖFUNDUR LÉST PENNAN
DAG ÁRIÐ 1994.

„Slæmur smekkur hefur leitt af sér mun fleiri milljónamæringa en góður smekkur.“

Bukowski var drykkfellður bandarískur rithöfundur sem fjallaði mest um sína eigin ógæfu í ritverkum sínum.



PETTA GERÐIST: 9.MARS 1959

Barbí lítur dagsins ljós

Barbí-dúkkun er eitt best selda leikfang í heimi. Hún leit dagsins ljós þennan dag árið 1959. Ruth Handler, sem bjó til dúkkuna, sótti innblástur frá þýsku dúkkuna Bild Lilli og dúkkulísum dóttur sinnar, en Barbie heitir eftir henni. Mótmælendur hafa talið dúkkuna minna á ímyndir úr klám-íðnaðinum og þess vegna ekki vera viðeig-



andi leikfang fyrir litlar stúlkur. Sérstaklega í ljósi þróunar á útlitsdýrkun og sjúkdóma á borð við átröskun. Upp á síðkastið hefur þó Barbí breyst. Hún verður sífellt líkari venjulegum konum. Mittismálið hefur breikkað og nú er meira segja hægt að fá dúkkur í flatbotna skóm og í Kung Fu galla undir prinsessukjólum.

tímamót

timamot@frettabladid.is



HJÁLPARSNÚÐUR Hér stendur Jóhannes Felixson bakameistari með nýbakaða, ilmandi og fagurskreytta hjálparsnúða, en af hverjum seldum snúð renna 15 krónur til þurfaði barna í Pakistan.

LANDSSAMBAND BAKARAMEISTARA: BAKA SNÚÐA FYRIR ABC BARNAHJÁLP

Hjálparsnúðar gegn hungri

Um helgina eru landsmenn hvattir til að bjóða ástvinum í kaffi, með fagurskreytta og ljúffenga hjálparsnúða til meðlætis með molasopnum, en hjálparsnúðurinn verður sérstaklega bakaður til styrktar ABC Barnahjálps þessa fyrstu helgi marsmánaðar, í langflestum bakaríum landsins.

„Við félagar í Landssambandi bakameistarara höfum settið á rökstólum hin síðari ár og hugleitt hvernig við getum látið gott af okkur leiða. Hugmyndin að hjálparsnúðnum kviknaði svo fyrir um ári og er loks orðin að ánægjulegum veruleika,“ segir bakameistarinn Jóhannes Felixson þar sem hann hann rúllar upp hjálparsnúðum við ofna sína Hjá Jóa Fel.

„Hjálparsnúðurinn verður hédan í frá árisst bakkelsi, bakað til góðgerðamála og ávallt til sölu fyrstu helgina í mars. Við ákváðum að byrja á stuðningi við ABC Barnahjálps sem á síðustu misserum hefur byggt fjóra barnaskóla í Pakistan og komið á fót fjórum öðrum, en samtals eru í þessum

átta skólum um 1.800 börn. Þar kostar kjarngóð skólamáltíð aðeins 15 krónur á dag og því fannst okkur tilvalið að gefa 15 krónur af hverjum seldum hjálparsnúð til barnanna í Pakistan og vonumst til að selja 100 þúsund snúða nú um helgina,“ segir Jóhannes og er bjartsýnn á að það rætist.

„Hundrað þúsund hjálparsnúðar er raunhæft markmið þegar við í samburði seljum þjóðinni hálf milljón rjómobolla yfir bolludagshelgina. Við höfum fulla trú á að Íslendingar vilji styrkja svo gott málefni og teljum að þessi nýja og fallega hefð muni fljótt komast inn í vitund fólks og það hlakki til að fá hjálparsnúðinn að ári,“ segir Jóhannes brosmildur og hvetur alla sem vettlingi geta valdið að bjóða heim í kaffi og hjálparsnúð í dag.

„Við viljum að allir gæði sér á að minnsta kosti einum hjálparsnúð um helgina og segi börnum sínum frá því hvað miðinn sem skreytir hjálparsnúðinn tákna. Á þessum merkimiða er mynd af barni sem segir Takk! og

mikilvægt að fólk sé meðvitað um að vanti miðann er það ekki að styrkja börnin í Pakistan,“ segir Jóhannes um leið og hann dregur úr ofninum bókunarplötu með girnilega útlítandi hjálparsnúðum og freistandi angan.

„Hjálparsnúðurinn er á stærð við gamaldags kanilsnúð og er um fjórar tegundir að ræða; til dæmis konfekt-snúð, pistasíusnúð og fleiri mjúka og unaðsljúfa snúða. Og til gamans má labba á milli bakaríanna og finna mismunandi útgáfu hvers bakara, því hvergi fæst alveg sami snúðurinn,“ segir Jóhannes, en þeir félagar hans í Landssambandi bakara hafa að markmiði að selja 300 þúsund hjálparsnúða fyrstu helgarnar í hverjum marsmánuði; einn á hvern Íslending.

„Ef við náum að selja 100 þúsund snúða um helgina höfum við tryggt börnunum í Pakistan fullt fæði næstu tvö árin. Þessi bakstur er hreint ótrúlega gefandi og við bakarar einhuga og spenntir yfir hjálparsnúðnum.“

thordis@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug vegna andláts elskulegs föður míns, bróður okkar og mágs

Kristins Kristjánssonar

Miklubraut 88, Reykjavík.

Vilberg Kristinsson

Ása Kristjánsdóttir

Margrét Kristjánsdóttir

Ingibjörg Kristjánsdóttir

Simon Kristjánsson

Sigurður Hauksson

Þorsteinn J. Stefánsson

Sverrir Ingólfsson

Sigríður Guðbergsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafadur, afa og langafi,

Jens Pétursson

Grettisgötu 72, Reykjavík,

lést föstudaginn 7. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Pröstur Jensson

Stefanía Jensdóttir

Gíslína Jensdóttir

Svava Jensdóttir

Höskuldur Jensson

barnabörn og barnabarnabörn.

Hanna Kr. Hallgrímsdóttir

Geir Garðarsson

Sigurður Einarsson

Kristófer Pálsson



**Komdu
norður!**



Menning



Afslöppun



Listir



Útivist


Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsögðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is



Fréttaskýring: Þorskurinn er næsta eldisævintýri

4. hluti

Þorskeldi getur bjargað mörkuðum


Íslendingar veiða aðeins 130 þúsund tonn af þorski á þessu fiskveiðiári. Dýrmætir markaðir geta tapast ef útflutningur á þorskafurðum eykst ekki. Aðrar hvítfisktegundir fylla skarð þorsksins á mörkuðum. Norðmenn ætla að ná markaðsráðandi stöðu með þorskeldi upp á hundruð þúsunda tonna. Kína, Chile og Víetnam taka risaskref í fiskeldi og selja afurðir sínar að hluta á mörkuðum í Evrópu. Íslenskir eldismenn og sjávarútvegsráðherra telja að þorskeldi á Íslandi verði að auka strax ef Íslendingar ætla ekki að missa af lestinni.

Fiskeldi í heiminum

Heimsviðskipti með sjávarafurðir og eldisfisk námu alls 71,5 milljörðum Bandaríkjadala árið 2006. Hefur veltan aldrei verið meiri og aukningin frá árinu 2000 er 23 prósent. Gríðarlegur vöxtur hefur verið í fiskeldi í heiminum hin síðari ár og er áætlað að 60 milljónir tonna af eldisfiski og sjávardýrum úr eldi séu nú framleidd árlega. Á árinu 1990 stóð fiskeldið fyrir níu prósentum af þeim afurðum sem fóru til mannelis en nú er hlutfallið komið upp í 43 prósent. Heildarmagn af sjávarafurðum og afurðum úr eldi í fyrra er talið hafa numið um 150 milljónum tonna. Þetta svarar til þess að um þriðjungur alls sjávarfangs og fiskmetis komi frá fiskeldi.

Viltir fiskstofnar

Flestir helstu nytjastofnar heims eru fullnýttir eða ofveiddir og því ljóst að veiði mun ekki aukast meira en komið er. Fólksfjöldi í heiminum hefur á síðustu árum aukist hraðar en framboð á fiski og hefur meðalfiskneysla í heiminum því heldur minnkað á heimsvísu. FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, spáir því að eftirspurn eftir matfiski muni aukast um 20-30 milljónir tonna á næstu 10 árum og telur einnig að sú neysla muni að öllu óbreyttu koma úr fiskeldi svo og betri nýtingu á þeim sjávarafli sem nú er veiddur. Árið 2030 verði eldisfiskur meirihlutinn af fiskneyslu jarðarbúa.




Markmið Kanadamanna í þorskeldi er að ná 33 þúsund tonna framleiðslu á árinu 2013 og framleiðslu á 9,5 milljónum seiða árlega. Horft er til Bandaríkjamarkaðar þar sem meiri kaupgeta er en annars staðar í heiminum. Neysla þorsks þar er um 150 þúsund tonn á ári og fer minnkandi. Beitarfiskur hefur tekið yfir hluta markaðarins þess vegna. Engin þjóð getur afgreitt eldisfisk hraðar inn á markaðinn og tryggt þannig gæði.



Bandaríkin
Sex milljónir tonna af sjávarfangi eru seldar í USA á ári. 27% fleiri borða fisk en fyrir fimm árum 59% borða fisk 1-2 í viku 74% líta á fisk sem heilsufæði




Chile
Í Chile sé verið að athuga með möguleika eldis á Atlantshafsborski en þar eru taldar hinar ákjósanlegustu aðstæður fyrir þorskeldi í sjókvíum. Eftir mikinn vöxt í laxeldi í Chile stóðu framleiðendur þar í landi fyrir 38 prósentum af heimsframboðinu af eldislaxi og eldislungi árið 2006. Aðeins Norðmenn stóðu þeim þá framfar. Heildarframleiðsla af Atlantshafslaxi í Chile er rúmlega 400 þúsund tonn. Í Chile standa eldislax og -silungur fyrir 25 prósentum af útflutningsverðmætum allra matvæla.



Brasilía
Mikil uppbygging á sér stað í fiskeldi í Brasilíu og þar í landi veðja stjórnvöld á að beitarfiskurinn geti orðið þeirra helsta útflutningsafurð á sviði sjávarútvegs.


Útflutningur frá Víetnam til Evrópu




Kína
Ef spár ganga eftir munu Kínverjar framleiða um 70 milljónir tonna af eldisfiski árið 2030. Fiskneysla í heiminum óx um 21 prósent á tímabilinu 1992-2002, eða úr 13,1 kg á ári á hvern íbúa árið 1992 í 16,2 kg á árið 2002. Þessi aukning kemur nánast öll frá Kína. Ef Kína er undanskilið þá stendur fiskneysla í heiminum í stað þessi ár og er að meðaltali 13,2 kg/ári árið 2002.

Beitarfiskur

Beitarfiskur gæti í framtíðinni reynst skeinuhættur keppinautur eldisfisks á Evrópumarkaðnum og víðar. Nú er farið að tala um beitarfiskinn sem „kjúkling hafsins“. Beitarfiskur er sú fisktegund sem mest er framleidd af í fiskeldi í heiminum í dag. Mest er framleitt í Kína og Egyptalandi. Beitarfiskur borðar gras en ekki aðra fiska. Á meðan það þarf fjögur kíló af uppsjávarfiskum til þess að framleiða hvert



kíló af eldislaxi þá þarf átta kíló af grasi til þess að framleiða hvert kíló af beitarfiski. Fiskurinn er hlýsjávarfiskur og hann vex mjög hratt við rétt skilyrði. Hann þolir vel súrefnissnauðt vatn. Það opnar möguleikana fyrir gríðarlegri eldi við skilyrði sem ekki væri hægt að bjóða nokkurri annarri fisktegund í eldi. Til marks um aðlögunarhæfni beitarfisksins má nefna að hann hefur verið sendur út í geiminn og þreift þar vel þrátt fyrir þröngan kost.




325 tegundir fiska eru aldar í heiminum. Yfir milljón tonna er framleidd af 14 tegundum. Innan við 1.000 tonn eru framleidd af helmingi þessara tegunda.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

FJÓRÐA GREIN AF FIMM
Á morgun:
Þorskeldi með augum sjávarútvegsráðherra Noregs og Íslands



SPARISJÓÐIRNIR
Á ÍSLANDI

STOLTIR BAKHJARLAR

Á liðnum árum hafa Sparisjóðirnir á Íslandi lagt sig fram um að styrkja og efla rannsóknir og verkefni sem stuðlað geta að bættu mannlífi í landinu okkar




RANNSÓKN Á FRAMLAGI ELDRI BORGARA TIL SAMFÉLAGSINS

Kynningarfundir standa yfir um allt land á niðurstöðum rannsóknarinnar „Framlag eldri borgara til samfélagsins“

STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN

Keppnin er haldin í skólum um allt land, til þess að bæta upplestrarhæfni og sjálfsöryggi nemenda. Lokahátíðir eru í mars og apríl.



ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Íslensku menntaverðlaunin eru viðurkenning til skóla og einstaklinga fyrir framúrskarandi starf og hugmyndir í íslensku skólastarfi. Tilnefningum má skila til skrifstofu forseta Íslands, Staðastað, Sóleyjargötu 1, 150 Reykjavík, eða á menntaverdlaun@forseti.is





Í HÆSTARÉTTI Starf hæstaréttardómara krefst einbeiti og aga. Jón Steinar segir að það erfiðasta við starfið sé að hlusta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Erfiðara að hlusta en að tala

Starfandi dómara við dómstóla landsins hafa um árabil forðast viðtöl við fjölmiðla. Störf þeirra eru oft umdeild og umræða um þau tilfinningaþrungin. Traust á dómstólum hefur lengi mælt lágt en um 39 prósent landsmanna segjast treysta dómskerfinu. **Magnús Halldórsson** tók **Jón Steinar Gunnlaugsson** hæstaréttardómara tali og spurði hann út í dómara starfið, sýn hans á lögin og hvernig auka má trausta á dómskerfinu.

Gamla hugmyndin er sú að þögn og fjarlægð skapi traust og virðingu. Ég held að þetta sé misskilningur," segir Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari.

Hann segir dómara mega gera meira af því að fjalla almennt um lögfræði á opinberum vettvangi. „Ég hef þá sýn að dómara á Íslandi megi tjá sig meira en þeir gera um dómsýsluna. Auðvitað gengur það ekki að dómara séu eftir á að fjalla um einstök dómsmál. En það sjá allir að dómsvaldið er þýðingarmikið þjóðfélagslegt vald sem dómara fara með. Það varðar fólkið í landinu miklu að vel takist til við meðferð á þessu valdi. Það á að vera sjálfsagður hlutur að fólki þekki til þeirra sem með dómsvaldið fara og viti eitthvað um grundvallarhugmyndir þeirra um starfið sem þeir eru að sinna.“

Jón Steinar var skipaður hæstaréttardómari 15. október 2004. Mikið fjaðrafok var í kringum

skipunina þar sem áratuga langur vinskapur hans við Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, var að mörgum talinn skipta sköpum um það að hann fékk starfið. „Þetta hefur ekki haft mikil áhrif á mig. Kannski er ég svona einfaldur maður. Það sem skiptir mig meira máli er vissa um að ég geti sinnt mínu starfi vel og tilfinningin fyrir því að það sé ég að gera eftir bestu getu. Athugasemdir pólitískra andstæðinga Davíðs vinar míns um að skipun mín í dómara starf sé óverðskuldúð eiga að mínum dómi aðeins röt að rekja til löngunar þeirra til að koma á hann höggi. Slíkt hreyfir ekki mikið við mér," segir Jón Steinar.

Hann segist þó viðurkenna að stundum geti umræða um hann verið særandi. „Ég geri mér fyrirfram hugmynd um hvernig ég vil vinna þau störf sem mér er trúð fyrir og síðan er það markmið mitt að uppfylla þá kröfu sem í þeirri hugmynd felst. Ég reyni að leiða orðagjálfur hjá mér, þó að því sé stundum beint að persónu minni.

En auðvitað er maður aldrei ósnortinn af slíku. Til dæmis fannst mér sumt af því sem var talað um þegar ég varð dómari ósanngjarnt og ósmekklegt. Það var allt í einu orðið eins og það væri eitthvert aðalatriði í mínu lífi að ég hefði verið í áratugi góður vinur Davíðs Oddssonar, sem þá var forsætisráðherra. Það kom lífsstarfi mínu sem lögfræðingur og síðan skipun í embætti dómara ekkert við. Menn geta haft þá skoðun að það hafi verið rangt að skipa mig sem dómara en ég hlýt þá fyrst og fremst að verða dæmdur af verkum mínum en ekki öðru. Það er hægt að skoða þau og ég vona að ég þoli þá skoðun ágætlega.“

Hvað er það fyrsta sem dómari þarf að hafa í huga í starfi sínu?

„Það fyrsta sem dómari þarf að hafa í huga er að vald hans er takmarkað. Verkefni dómara er að dæma eftir lögum og því þarf hann að gæta sín á því að falla ekki í þá freistni að búa til nýjar reglur með dómum sínum, eins og

oft getur verið tækifæri til. Dómara standa oft frammi fyrir því að dæma í málum þar sem settar lagareglur eru ekki fyrir hendi. Þá er svonefndum réttlægri réttarheimildum beitt þar sem kannski þarf að lesa meginreglur út úr lögum í heild eða beita því sem lögfræðingar kalla eðli máls. Í þeim tilfellum tel ég sérstaklega brýnt að dómara séu sér þess meðvitaðir að þeirra hlutverk er ekki að búa til reglur heldur að leita þeirra. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði dómara starfsins sem mönnum tekst kannski ekki alltaf nógu vel upp með. Við höfum dæmi um það bæði hér á landi og erlendis. Það eru átök um þetta, hvert raunverulegt hlutverk dómstólanna á að vera. Ég er mjög andvígur því sjónarmiði að það sé hlutverk dómstólanna að setja reglur.“

Er réttlætunlegt að refsingar í fíkniefnamálum séu þingri en refsingar í grófum líkamsárásarmálum?

„Oft eru dómara í sakamálum í kastljósi fjölmiðla. Það er eðlilegt í sjálfu sér enda geta miklar tilfinningar fylgt dómsniðurstöðum í slíkum málum. Fólk áttar sig oft ekki á því hvaða þættir það eru sem dómara þurfa að gæta að þegar þeir eru að ákvarða mönnum refsingar. Það fyrsta sem dómara þurfa að hafa í huga í sakamálum er að greina skýrt á milli þess hvort sekt telst sönnuð, og síðan hver eigi að verða refsingin ef sektin telst sönnuð. Dómari má ekki leyfa sér að sakfella sakborning þar sem sönnun er veik eða ekki fyrir hendi, og ætla síðan að ná því með einhverjum hætti til baka með því að milda refsinguna.

Þetta eru tvö aðskilin viðfangsefni dómara starfsins. Þetta þarf fólk að skilja.

Dómara geta ekki leyft sér að breyta refsíákvörðunum í skyndingu eftir því hvernig vindar blása í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Þeir sem vilja að dómara taki ákvarðanir eftir slíkum viðhorfum eru í raun að segja að tveir menn sem drýgja sama afbrotið eigi að sæta mismunandi refsingu, bara af því að annar þeirra er svo óheppinn að það er einhver fjölmiðlabylgja í gangi sem hefur áhrif á almenningsálitið á þeim tíma sem dæmt er í hans máli.

Margir skynja það að refsingar í fíkniefnamálum hafi verið mjög þungar. Eitt það vandastasta við refsíákvörðanir er samhengið á milli mismunandi brotaflokkanna. Mér finnst það til að mynda ekkert álitamál að líkamsárás þar sem einn maður tekur sér vald yfir líkama annars manns með árás, hvort sem það er nauðgun eða annað líkamlegt ofbeldi, verðskuldar fyllilega þunga refsingu. Kannski er alls ekki einfalt að átta sig á því hvers vegna refsingar eru þingri í fíkniefnamálum en í líkamsárásarmálum. Ég tek alveg undir sjónarmið um að þar megi huga betur að málum. En það er erfiðleikur bundið fyrir dómstóla að gera hraðar breytingar á þessu. Við erum með ákveðna dómstöðu að baki refsíákvörðunum í einstökum málaflokkum sem verður að taka tillit til, því samræmi verður að vera í þessum ákvörðunum. Stundum finnst manni gagnrýni, sem oft er áberandi í fjölmiðlum og ekki síst á netinu, vera illa ígrunduð. Stundum er því hreinlega haldið fram að dómara þurfi séu hálfgerð illmennni. Því fer

→ GÓÐUR ÁRANGUR NÁÐST EN MIKIÐ ÁLAG

„Ég hef alltaf reynt að hafa það sem lífsmottó að hugsa um það á akademískum forsendum hvernig ég vil leysa af hendi störf þau sem mér hafa verið falin," segir Jón Steinar. „Síðan reyni ég að uppfylla þá kröfu.“

Mikið álag getur fylgt starfi dómara í Hæstarétti eins og gefur að skilja. Jón Steinar telur mjög mikilvægt að dómurum sé búið starfsumhverfi sem tryggir góð vinnubrögð við meðferð mála. „Það eru tvær deildir hér innanhúss, dagslega kallaðar A- og B-deild. Yngri dómara eru í B-deildinni. Málunum er svo skipt upp á milli deilda. Þetta gengur allt saman nokkuð vel," segir Jón Steinar.

Hann telur fjölda mála sem fara í gegnum Hæstarétt benda til þess að hugsanlega sé álagið of mikið. „Á árinu

2007 voru dæmd 590 mál í Hæstarétti. Þetta er of mikið miðað við fjölda dómara og aðstoðarmanna þeirra. Nærri lætur að hver dómari dæmi í 250 málum yfir árið. Það sér hver maður að hættan á því að mönnum verði eitthvað á er meiri heldur en ef menn hefðu rýmri tíma. Þótt hér sitji hæft fólk sem hefur vanist vinnu undir álagi held ég að æskilegt sé að bæta hér úr.“

Uppi eru hugmyndir innan dómskerfisins að koma upp millidómstigi þar sem leyst verði úr ýmsum málum í flokki sakamála. Unnið er að þessu á vettvangi dómsmálaráðuneytisins. Jón Steinar segir þetta geta hjálpað mikið. „Þetta dómstig gæti eftir dómstólana nokkuð og tryggt styttri málsmeðferð," segir Jón Steinar.

UM JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON

- Fæddur 27. september 1947 í Reykjavík.
- Foreldrar Gunnlaugur Ólafsson leigubílstjóri og Ingibjörg Margrét Jónsdóttir bókavörður.
- Stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1967 með 1. einkunn, 7,83. Embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands 1973 með 1. einkunn, 13,32 af fimmtán mögulegum.
- Starfaði sem þingfréttaritari á Morgunblaðinu 1973 til 1974. Framkvæmdastjóri listahátíðar í Reykjavík 1974. Fulltrúi á lögmannsstofu 1974 til 1977. Sjálfstætt starfandi málflytningismaður frá 1977 til 2004, þegar hann var skipaður hæstaréttardómari. Prófessor við Háskólann í Reykjavík frá 2002 til 2004.
- Sat í stjórn Heimdalls, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, 1968 til 1969. Í stjórn ungra sjálfstæðismanna 1969 til 1971. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði Háskóla Íslands 1970 til 1972. Formaður Orators 1971 til 1972. Í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1974 til 1979. Í stjórn Lögmannafélags Íslands 1981 til 1986, formaður 1983 til 1986 og í kjaranefnd félagsins 1979 til 1980. Formaður yfirkjörstjórnar við alþingiskosningar í Reykjavík 1995 til 2000. Í yfirkjörstjórn við borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 1994 (formaður) og 1998.
- Formaður starfshóps sem fjallaði um hvernig bæri að bregðast við dómi Hæstaréttar 19. desember 2000 í öryrkjamálinu svokallaða.

fjarri að svo sé. Menn eru bara að reyna að sinna starfi sínu af samviskusemi og taka tillit til alls þess sem máli skiptir samkvæmt lögum.“

Lítið traust á dómkerfinu

Traust á íslensku dómkerfi hefur mælst lítið í könnunum Capacent að undanförunu. Í nýjustu könnuninni báru 39 prósent landsmanna traust til dómkerfisins sem er með allra lægsta móti í samanburði við opinberar stofnanir og opinber embætti. Lögreglan mældist með 80 prósent traust, heilbrigðiskerfið með 68 prósent og umboðsmaður Alþingis með 62 prósent svo dæmi séu tekin.

Í könnunum Capacent hefur traust landsmanna á dómkerfinu mælst undir fimmtíu prósentum frá því árið 2002 og fór meðal annars niður í 29 prósent í febrúar í fyrra.

Hvernig er hægt að fá fleiri Íslendinga til þessa að treysta dómkerfinu?

„Það á að vera sjálfsgöður hlutur að fólk þekki til þeirra sem með dómvaldið fara og viti eitthvað um grundvallarhugmyndir þeirra um starfið sem þeir eru að sinna. Til dæmis ef spurt er; hafa dómara vald til þess að setja lagareglur? Vilja menn ekki vita hvort dómari við æðsta dómstól þjóðarinnar telur sig hafa vald til þess setja lagareglur, eða hvort valdið sé takmarkað við að finna reglur sem þegar eru til staðar, eins og ég tel? Ég lít svo á að það ætti að vera grundvallaratriði í upplýstu þjóðfélagi að fólk þekki meginsjónarmið þeirra sem fara með dómvald. Eins og þjóðfélag okkar er í dag þá getur traust og virðing ekki byggst á fjarlægð og þekkingarleysi á störfum dómstóla. Fyrst og fremst hlýtur traustið að þurfa að byggjast á þekkingu á því starfi sem unnið er og þá líka því að fólk fái að kynnast grunnviðhorfum dómara til starfs síns. Það má vera að einhverni tíma hafi fjarlægð og ókunnugleiki skapað virðingu en það er ekki þannig lengur.“

Við höfum séð að traust almennings til dómstóla landsins mælist lágt. Það er kannski vegna þess að það er mikið skrifað í fjölmiðlum um dómaraþingir án þess að jafnframt birtist hlutlausar skýringar á forsendum þeirra. Þá vilja umræðurnar verða svolítið einhliða. Stundum áttar fólk sig ekki á því hvers vegna tiltekinn brotamaður fær ekki þyngri refsingu en raun ber vitni og fjölmiðlar eru oft fljóttir til að taka undir slík sjónarmið. Það koma síðan engin andsvör eða skýringar. Þetta er til þess fallið að grafa undan traustinu. Ég held að það sé almennt talað gott fyrir samfélagið að fólk viti hver viðhorf dómara eru. Víða erlendis er ekki sama þögn frá dómurum eins og er hér hefur verið. Dómara í Danmörku tjá sig til dæmis mun meira um dómaraþingir heldur en hér. Þá er það vel þekkt í Bandaríkjunum að þar koma dómara í Hæstarétti einatt fram á fundum og í málstofum, þar sem þeir eru jafnvel að takast á innbyrðis í rökræðum um eitthvert tiltekið álitamál í lögfræði. Salur-

inn er oft fullur af fólki, blaðamönnum og öðrum. Þetta gerir gagn og ég held að það sé betra fyrir dómstólana að fólk fái að sjá dómara og kynnast viðhorfum þeirra. Þetta séu ekki bara nafnlausir menn inni í lokuðu dómhúsinu sem enginn þekkir.“

Dómara eru æviskipaðir. Finnið þið fyrir því að ykkur sé veitt nægilegt aðhald í starfi?

„Í lagadeildum háskólanna er fjallað um verk dómara. Það er vitaskuld gert með öðrum hætti en í fjölmiðlum. Það er eðlilegt og nauðsynlegt að verkin séu gagnrýnd og þau skoðuð gaumgæfilega. Dómara eru æviskipaðir, þeir verða ekki settir af. Eina aðhaldið sem fólki í landinu getur veitt þeim sem með dómvaldið fara er að fjalla um verk þeirra. Það er eðlilegt að það sé gert. Sumir hafa sagt það há akademískri umræðu um lögfræði hér á landi að prófessorar við háskóla eru varadómara í Hæstarétti. Þeir eru þá oft kallaðir inn, þegar reglulegir dómara verða vanhæfir til meðferðar máli. Það hefur verið sagt að þetta geti dregið úr hvatanum til að gagnrýna störf dómara þar sem prófessorar eiga þar þýðingarmiklu hlutverki að gegna. Ég held að það sé nokkuð til í þessu.“

Hvað er það erfiðasta við dómara-starfið?

„Það er að hlusta. Ég hef nú alla tíð verið svolítill prédikari í mér og því á ég auðvelt með að tala sjálfur. Það halda margir að það sé auðveldara að hlusta en að tala í dóm. Það er misskilningur. Það krefst mikils aga að hlusta af einbeitingu á málflytning og mér finnst það mun erfiðara en að flytja mál sjálfur. Stundum er um að ræða þriggja klukkutíma samfelldan málflytning um flókin álitamál. Það er auðvitað krefjandi en getur verið bæði gefandi og skemmtilegt ef málflytningur er góður.“

Skipanir á dómurum hafa verið umdeildar undanfarið ár og finnst mörgum sem að breyta þurfi verklagi við skipanir. Hvað finnst þér?

„Samkvæmt lögum á Hæstiréttur að gefa umsögn um umsækjendur um dómaraþingir við réttinn. Ég hef í ræðu og riti gagnrýnt þetta. Mér finnst það ekki geta gengið að Hæstiréttur sjálfur velji nýja menn inn í dómaraþingir. Dómara hafa oft skoðun á því hverja þeir vilja fá og er ekkert óeðlilegt við það. En þeir eiga þá ekki að vera umsagnaraðili um dómaraefni. Það getur til dæmis verið að tiltekinn umsækjandi eigi ekki upp á pallborð dómara af einhverjum allt öðrum ástæðum en þeim sem varða hæfni hans. Þá getur það gerst og hefur gerst að slíkur umsækjandi fái verri umsögn en aðrir fyrir vikið. Ég tel að það eigi ekki að leggja þetta á dóminn. Til dæmis tel ég mig ekki hafa notið sannmælis hjá dómstólum í umsögn um mig þegar ég sótti um á árinu 2004. Það hefur samt ekki haft nein áhrif á samstarf mitt við aðra dómara síðan ég hóf hér störf. Það hefur gengið vel.“

VIÐURKENNING FRÁ ÞEIM SEM ÞEKKJA LEIKINN

Glitnir skarar fram úr í markaðsmálum að mati markaðsfólks

Glitnir þótti skara fram úr í markaðsmálum árið 2007 í könnun sem Capacent gerði meðal markaðsstjóra 400 stærstu auglýsenda landsins*. Þetta er annað árið í röð sem markaðsstarfsemi Glitnis nýtur þessarar viðurkenningar meðal fagfólks.

Glitnir þakkar þeim hrósið.



GLITNIR

*Síma- og netkönnun gerð 4.–26. febrúar 2008 af Capacent í samvinnu við ÍMARK og SIA.

Bestu rithöfundar þjóðarinnar

Að mati almennings er **Arnaldur Indriðason** langbesti rithöfundur þjóðarinnar. Þetta kemur fram í nýrri könnun. *Jakob Bjarnar Grétarsson* rýndi í könnunina og ræddi niðurstöður hennar við fólk sem veit sínu viti þegar bækur og bókamarkaður er annars vegar.

Ég er auðvitað mjög ánægður með að fólk skuli taka svona vel undir það sem ég hef verið að gera," segir Arnaldur Indriðason rithöfundur. Og leggur á það áherslu að hann hafi jafnan skrifað fyrir íslenska lesendur.

Þó umdeilanlegt sé hvort yfirleitt megi keppa í listum, og má flokka könnunina sem hér er til grundvallar sem léttan samkvæmisleik öðrum þræði, lýsir hún ákveðnum tíðaranda. Óhætt að segja að Arnaldur beri höfuð og herðar yfir aðra rithöfunda á Íslandi. Er þá ekki bara verið að vísa í sölutölur en nýjasta bók Arnaldar, *Harðskafi*, var prentuð í hátt í 30 þúsund eintökum.

Í könnun Fréttablaðsins sem gerð var 23. febrúar var einfaldlega spurt: „Hvern telur þú vera besta núlifandi rithöfund landsins?“ Hringt var í 800 manns á kosningaaldri sem skiptist jafnt á eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Svarhlutfall var 62 prósent og niðurstaðan er afgerandi.

Yfirburðir Arnaldar skiljanlegir
Arnaldur nýtur fáheyrðra yfirburða



VIÐÍS GRÍMSDÓTTIR

en alls nefndu 38,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku Arnald sem besta rithöfund þjóðarinnar. Vinsældir hans deilast nokkuð jafnt sé litið til þess hvaða stjórnmálaflokka svarendur styðja. En heldur á hann meira inni hjá konum en körlum því tæp 42 prósent kvenna nefna Arnald en um 35 prósent karla.

Kristján Bjarki Jónasson er formaður Félags íslenskra bókaútgefenda. Honum kemur þessi niðurstaða ekki á óvart. „Ef ég yrði spurður þessarar spurningar óundirbúinn myndi mér vefjast tunga um tönn. Auðvitað kemur upp í hugann höfundur sem maður hefur lesið nýlega og líkað vel. Þetta er eðlileg niðurstaða ef hún er sett í samhengi við upplagstölur," segir Kristján og bendir á að bækur Arnaldar séu um þessar mundir meira í umferð en bækur annarra höfunda.

Einarnir traustir

Númer tvö á topp tíu lista er Einar Már Guðmundsson en hann nefna 7,7 prósent. Í þriðja sæti kemur svo Einar Kárason með 6,3 prósent. Mun fleiri karlar telja Einar Kárason bestan eða



ÞRÁINN BERTELSSON



ARNALDUR INDRIDASON

→ BESTU HÖFUNDARNIR

BESTU HÖFUNDARNIR

Sæti	Höfundur	Karlar	Konur	Samtals
1.	Arnaldur Indriðason	35,4	41,7	38,7
2.	Einar Már Guðmundsson	9,3	6,2	7,7
3.	Einar Kárason	10,5	2,3	6,3
4.	Hallgrímur Helgason	7,2	2,3	4,6
5.-6.	Kristín Marja Baldursdóttir	1,3	6,6	4
5.-6.	Þráinn Bertelsson	3	5	4
7.-9.	Jón Kalmann Stefánsson	0,8	4,6	2,8
7.-9.	Vigdís Grímsdóttir	1,3	4,2	2,8
7.-9.	Yrsa Sigurðardóttir	3	2,7	2,8
10.-11.	Andri Snær Magnason	2,1	2,3	2,2
10.-11.	Guðrún Helgadóttir	0,4	3,9	2,2

”

Hvort bókmenntastofnunin sé að missa átorítet? Getur vel verið. Veit ekki. En könnunin er óneitanlega athyglisverð.

EGILL HELGASON
SJÓNVARPSMAÐUR

10 prósent aðspurða en aðeins tvö prósent kvenna. Bæði Einar Már og Kárason voru með bækur í síðustu jólabókavertíð. Sem gerir árangur Hallgríms Helgasonar eftirtektarverðan. Hann var ekki með bók á síðasta ári en nær fjórða sætinu nokkuð örugglega. Hann er vinsælli meðal karla en kvenna en það er Kristín Marja ekki. Hún nær vart tali meðal karla en skorar hátt meðal kvenna sem og Jón Kalmann. Guðrún Helgadóttir er, líkt og Kristín Marja, miklum mun vinsælli meðal karla en kvenna sem og Vigdís Grímsdóttir. Aðrir þeir ellefu sem ná á topplistan, Andri Snær, Yrsa Sigurðardóttir og Þráinn Bertelsson, sækja nokkuð jöfnum höndum fylgi meðal karla sem kvenna.

Karlar áberandi

Löngum er vitnað til orða útgefandans Jóhanns Páls Valdimarssonar þess efnis að konur stýri menningarnefndunni og þar með bóksölu. En í þessari könnun er ekki spurt um það. Af þeim 56 rithöfundum sem nefndir eru á nafn eru aðeins 13 konur. Og í flestum tilvikum er það svo að þær eru nefndar til sögunnar af konum. Katrín Jakobsdóttir alþingismaður og bókmenntafræðingur, segir þetta ekki þurfa að koma svo mjög á óvart og líklega sé

þetta að einhverju leyti í samræmi við útgafna titla. Og þá ekki síður að þeir höfundar sem ná inn á topp tíu lista könnunarinnar séu augljóslega epískir höfundar. Eins og þeir fimm efstu eru án nokkurs vafa. Sögumenn. Ljóðskáld og barnabækur hafi greinilega ekki komið svo mjög upp í huga aðspurðra. „Þetta er svo ríkt í Íslendingum. Fólk er að velja góða sögumenn. Og þegar rithöfundur er nefndur sjá menn fyrir sér sagnamenn fremur en ljóðskáld sem eru flokkuð öðruvísi. Hvað þá barnabókahöfundar en þar eru konur í miklum meirihluta," segir Katrín.

Umdeilanlegt vægi bókmenntaverðlauna

Sé könnunin skoðuð nánar virðist sem almenningur gefi lítið fyrir álit bókmenntaelitunnar, ef svo má að orði komast, og standi með sér og smekk sínum. Þannig vermir Sigurður Pálsson, sem sæmdur var Íslensku bókmenntaverðlaununum í síðasta mánuði neðsta sætið ásamt reyndar fleiri höfundum með 0,2 prósent. Harðskafi var ekki svo mikið sem tilnefndur. Eini höfundurinn sem tilnefndur var til verðlaunanna og nýtur jafnframt þeirrar virðingar meðal almennings að komast á topp tíu lista er Vigdís Grímsdóttir og svo reyndar Einar Már.

Kristján Bjarki segir algerlega fráleitt að draga þá ályktun út frá þessari könnun að almenningur gefi lítið fyrir hin Íslensku bókmenntaverðlaun. „Flestir þeir sem eru á topp tíu hafa verið margtilnefndir til þeirra í gegnum tíðina og/eða eru handhafar. Síðustu verðlaun segja ekkert til um það. Þar eru bara einhverjir þrír lesendur valdir af handahófi og þeir hafa sínar hugmyndir um hvernig landslagið er," segir Kristján og varar við því að líta einungis til síðustu tilnefninga og verðlaunaafhendingar.

EGILL HELGASON



Segir könnunin vissulega athyglisverða og ef greina megi einhverja strauka þá séu þeir helstir að fólk sé að snobba niður á við með svörum sínum.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



Fólk svarar greinilega eftir hjartanu. Ef Katrín hefði verið spurð hefði hún nefnt Guðberg. Sem er á pari við Þórgím Þráinsson. Sem Katrín segir fyndið.

KRISTJÁN B. JÓNASSON



Krimmahöfundar eru dæmdir af ritdómurum sem fjalla um þá af fullkominni virðingu þó leggja megi það gildismat á krimma að þeir uppfylli ekki lágmarks skilyrði um stíl og persónusköpun.

Matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

Mars 2008

Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

Eftirréttur sem enginn fær staðist

Nanna Rögnvaldardóttir skrifar

Páskabrauð – þrungið merkingu og táknum

Súkkulaði á fóðraðan maga

Nokkrir góðir réttir á dögurðarborðið

Páskar

Þrenns konar súkkulaðipáskaeegg

Heimagerð páskaeegg Sollu, sælkerægg Hafliða og norræn hefð í páskaeggjum.

EGG UNDIRSTAÐA Í FJÖLBREYTTI MATARGERÐ INNBAKAÐUR HÉRI
FALLEGA SKREYTT PÁSKABORÐ KOKTEILLINN JAPÖNSK ÁSTRÍÐA

LJÚFAR STUNDIR

Pórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar

Hvað er það allra besta í heimi? Það sem lífið snýst um og miðar að hverja vökustund? Nautnaðarlegi segði hiklaust matartíminn. Hinir vansvefta háttatíminn. Frídagur, segðu margir. Og fjölskyldan, fyrst og fremst, segðu flestir.

Vegna alls þessa eru páskar svo fallegir. Því þeir sameina þetta allt: Veislulega matartíma mörgum snum á dag. Súkkulaði, súkkulaði og súkkulaði. Háttatíma og útsofsemi, rólega letitíð og föstudaginn laaanga. Fimm frjálsa frídaga sem lausir eru við annríki jóla, og ég sakna sárt hátíðlegri páskadaga þegar umferðin þagnaði, búðardyr skulu í lás og afþreying reyndi á færni hvers og eins að heimaöndra með ástvinum í inni- eða útiveru. Það er nefnilega synd hve margir þurfa að þjóna til óþurftar þeim heppnu sem fá frí á heilögum páskum nútímans.

Og svo er það fjölskyldan; þessi fallegi klettur sem nærir og gleður hjartað, róar það og sefar, og gefur daglegu annríki merkingu og tilgang.

Fjölskyldan getur verið samofin blóðböndum, mynduð af stjúpungslum, nánnum vinum eða bara ókunnugum, en það er samveran sem er svo dýrmæt og fær sitt stóra tækifæri á páska; hvort sem það er í páskaeggjaleit, matarboðum heima, í guðshúsi eða í þröngum fjallakofum íslenskrar náttúru. Því þegar lífsreikningurinn uppgreiðist skiptir varinn tími með ástvinum þungan sess.

Þetta vissi maður páskana; Frelsarinn sjálfur. Hans fjölskylda vorum við öll; tengd blóðböndum eða ekki; kunnugir jafnt sem ókunnugir. Jesús gaf okkur tíma sinn og líf, og er enn í stysta kallfæri; hann minnti okkur á kærleikann, það sem skiptir máli á lífstóltinu og tók á sig syndir okkar um páska.

Reyndar eru páskar enn afar freistandi með tilliti til synda; með græðgi, ofáti, ágrind, ófund, hroka, reiði og hverskyns munúðarlífi. Og auðvitað er engin dauðasynd að borða dálítið yfir sig af páskaeggjum og liggja verðskuldað mikið í leti, en vitaskuld miklu flottara lífsmottó og meira viðeigandi að hafa höfuðdyggðirnar sjó að leiðarljósi: hófstillingu, hugrekki, visku, réttlæti, trú, von og kærleika.

Gleðilega páska! Njóttum þess að borða á okkur súkkulaðigat, kyssast og gefa hvert öðru gaum.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:




matur kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Mikael M. Rivera, Ragnheiður Tryggvadóttir, Roald Eyvindsson, Rut Hermannsdóttir, Vera Einarsdóttir, Pórdís Lilja Gunnarsdóttir, **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Stefán P. Jones spj@frettabladid.is



Tertur sem hæfa vel á hátíðaborði

Eins og nafnið bendir til birtir bókin Tertur uppskriftir að tertum og leiðbeiningar um bakstur þeirra og samsetningu. Sumar terturnar eru þunnar og nettar en aðrar efnismeiri – sannkallaðar hnallþóru. Allar eiga það sameiginlegt að hæfa vel á hátíðaborði. Glæsilegar og gómsætar slá tertur oftast í gegn, hvort sem það er í fermingarveislum, páska-kaffi, afmælum eða af öðru tilefni.



Í bókinni eru uppskriftir að 50 tertum, bæði hefðbundnum og nýstárlegum og allar eiga þær uppruna sinn hjá þýskum meisturum. Þó ætti gerð þeirra að vera á færi flestra ef þeir á annað borð fylgja forskriftinni. Litríkar myndir segja líka sögu. Bókin kom út hjá PP forlagi árið 2004.



Kakan er blaut og alveg ekta súkkulaðikaka

HEIT SÚKKULAÐIKAKA MEÐ HEIMATILBÚNUM ÍS OG JARÐARBERJASÓSU

SÚKKULAÐIKAKA

3 egg
3 dl sykur
1 1/2 dl hveiti
1 1/2 tsk. vanilludropar (má nota vanillusykur)
4 msk. dökkt kakó
100 g dökkt súkkulaði
110 g smjör

Þeytið vel saman sykri og eggjum í hrærivél svo úr verði þykk freyðandi blanda. Blandið hveiti, vanilludropum og kakói saman við. Bræðið súkkulaðið og bætið því út í. Bræðið loks smjör og blandið saman við. Bakið í hringlaga formi við 150 gráðu hita (án blásturs) í um það bil 25 til 30 mín. Berið kökuna fram heita með ís og berjasósu.



HEIMATILBÚINN ÍS

1/2 l rjómi
6 egg
6 msk. sykur

Þeytið rjómann og setjið hann í skál. Þeytið egg og sykur vel saman. Blandið þeyttum rjóma og eggjablöndunni varlega saman, setjið í álform og inn í frysti.

JARÐARBERJASÓSA

3 bollar jarðarber (mega vera hvaða ber sem er)
2 1/2 bolli sykur

Saxið jarðarberin smátt og setjið í pott. Hellið sykrinum yfir og hitið í pottinum. Hrærið vel allan tímann svo úr verði þykk og sæt sósa.

Skerið sneið af heitri köku, setjið ísinn til hliðar og hellið síðan sósunni yfir.

Sósan ljúffengt MÓTVÆGI

Fréttakonan Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir töfrar fram súkkulaðiköku með jarðarberjasósu og heimatilbúnum ís.



Jóhanna Vigdís er flestum kunn af skjánum og margir vita eflaust af brennandi mataráhuga hennar enda hefur hún gefið út tvær matreiðslubækur. „Mataráhuginn hefur fylgt mér allt frá því að ég man eftir mér,“ segir Jóhanna Vigdís sem hefur meira gaman af matargerð en bakstri en lumar þó á ljúffengum eftirréttu-uppskriftum.

„Ég geri til dæmis heita súkkulaðiköku með heimatilbúnum ís og jarðarberjasósu. Þetta er ein af þessum ekta með smjör og dökku súkkulaði. Kakan er dálítið blaut og ísinn og sósan eru ljúffengt mótvægi. Það má þó eins nota bláber, krækiber eða bara þau ber sem manni þykir góð. Ísuppskriftin er svo frá mömmu en hún hefur fylgt mér alla tíð,“ segir hún og ábyrgist að enginn verði svikinn af þessum eftirrétti. - ve



Erlendur sonur Jóhannu Vigdísar fær hér væna sneið af súkkulaðiköku með jarðarberjasósu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VERSLUN SÆLKERANS

Vínberid

Í Vínberinu við Laugaveg er eitt mesta úrval af gæðasúkkulaði og sætindum á landinu. Þar svigna hillurnar undan konfektkössum, súkkulaðiöskjum, brjóstsykrum og öðrum sætindum. Eigandinn, Logi Helgason, hefur rekið verslunina síðastliðna þrjá áratugi. Fyrstu tvo áratugin var þar matvöruverslun en síðastliðin tíu hefur ár hefur hann nær alfarið boðið upp á konfekt, súkkulaði og sætindi.

„Súkkulaðiúrvalið hefur aukist gífurlega á undanförunum árum og áhuginn samhliða,“ segir Logi. „Ég er með allt upp í 99 prósent súkkulaði og þó að mér finnst það persónulega óætt þá eru margir sem kaupa það,“ bætir hann við.

Hann segir boðið upp á alls kyns nýjungar eins og súkkulaði með engifer, sólberjum, kirsuberjum, sítrónum, kaffi, apríkósum, appelsínuberki og kanil. „Svo er líka hægt að fá súkkulaði með chilipipar, lavender og timjan svo eitthvað sé nefnt. Það hljómar eflaust undarlega en fólk finnst það áhugavert.“

Frekari nýjunga er að vænta og nefnir Logi að bráðlega verði hægt að fá súkkulaði þar sem jurttir, ávextir, krydd og berkir stingast út úr því líkt og fólk á að venjast með hnetur, rúsínur, lakkrís og hrískúlur svo dæmi sé tekið. Í búðinni er einnig boðið upp á konfekt í borði auk þess sem þar er veglegur sælgætisbar. Logi segir Íslendinga þó trega til að kaupa konfekt í borði og að það taki frekar með sér plötur og kassa. „Hér ríkir önnur hefð en til dæmis í Belgíu þar sem fólk stendur í biðröðum til að ná sér í mola. Hér kaupir fólk þá aðallega einn og einn til eigin brúks en kassana í gjafir.“





ALNO[®] **INNRETTINGAR**

Aftur við Grensásveg

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

Grensásvegi 8 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • alno@alno.is • <http://www.alno.is>



LEYNIVOPNIÐ



Bókin góða sem inniheldur allt til sem getur leiðrétt mistök í eldhúsinu.

Mistökin leiðrétt

Birna Hjaltadóttir, uppeldis- og meðferðarfulltrúi hjá Reykjavíkurborg, á sér skemmtilegt leynivopni í eldhúsinu. Leynivopnið er kafli í uppskriftabók eftir systur Birnu sem gefur henni góð ráð til að leiðrétta mistök sem verða í eldhúsinu. „Í kaflanum eru skrifuð niður ráð ef maður hefur til dæmis ofsaltað mat eða ef maturinn er of sætur, eða eitthvað brennur við eða önnur mistök sem við koma matargerð. Þessi kafli er mjög hentugur fyrir mig því ég er mjög slæm í því að fara eftir uppskriftum. Ég fer alltaf mínar eigin leiðir í matargerð og því getur komið sér vel að eiga svona kafla þegar maturinn bragðast ekki eins og hann á að gera. Útkoman úr matargerð minni hefur oft verið ansi áhugaverð,“ lýsir Birna sem getur alltaf leiðrétt mistök með hjálp bókarinnar góðu.

Kaflinn í bókinni inniheldur einnig gömul húsráð fyrir eldhúsið til dæmis hvernig gott er að geyma ýmsa matvöru en það getur komið sér vel.

„Eitt skipti þegar ég var að elda lasagna þá brann hakið við og ég fletti upp í bókinni og bætti við chilli og þá hvarf allt brunabragðið,“ segir Birna.

Aðspurð hvort hún ætli að fara huga betur að því að fara eftir uppskriftum svarar hún. „Nei ég hef ekki trú á því, enda er þessi bók allt sem ég þarf. Maður lærir vissulega af mistökunum en það er líka hægt að bæta mistökinn án þess að henda réttinum sem er eldaður.“



HRÁEFNIÐ: Egg

Undirstaða í fjölbreyttri matargerð og bakstri

Maðurinn hefur frá örófi alda tínt egg villtra fugla sér til matar. Hænur voru fyrst tamdar á Indlandi fyrir þúsundum ára og hafa hænuegg upp frá því verið langalgengustu egginn sem menn leggja sér til munns.

Þau eru yfirleitt ófrjóvguð en þó er hægt að borða frjóvguð egg sem hafa verið geymd í kæli því kælingin kemur í veg fyrir að úr verði ungi.

Hænuegg eru mjög prótínrik og auk þess full af vítamínum og steinefnum. Flest næringarfnin er að finna í rauðunni. Þar er einnig talsverð fita og kólesteról. Í 100 grömmum af eggjum eru tíu grömm fita.



Egg eru mikið notuð í bakstur og aðra matargerð en einnig borðuð ein og sér. Þau eru undirstaða í fjölbreyttri matargerð heimshorna á milli.

Egg geymast í allt upp undir mánuð í kæli en eru best tiltölulega fersk. Aldur eggja má ráða af því hvort rauðan helst í miðri hvítunni þegar þau eru brotin. Geri hún það er eggjið ferskt. Eggjarauður geymast í um sólarhring í kæli og hvíturarnar í hálfan.

Það hefur engin áhrif á bragð eða næringargildi eggja hvort þau séu brún eða hvít. Þá má kanna hvort egg sé harð-

eða linsóðið, án þess að fjarlægja skurnina, með því að láta það snúast á sléttum fleti. Harðsoðið egg snýst í marga hringi en linsóðið stöðvast fljótt.

Stíffbeyttar eggjahvítur eru til dæmis notaðar í marenis en það vefst fyrir mörgum að fá rétta áferð sem er vissulega ákveðin kúnt. Þess ber fyrst að gæta að ekki sé vottur af fitu eða eggjarauðu í skálinni því þá þeytast þær ekki. Ef sykri er bætt út í er best að gera það þegar hvíturarnar eru byrjaðar að freyða. Ekki má þeyta þær of lengi því þá er hætt á að þær hjaðni. Sé stíffbeyttu hvítunum bætt út í annað deig er best að setja fyrst nokkrar matskeiðar út í deigið en þá er auðveldara að blanda afganginum út í án þess að hvíturarnar hjaðni mikið.



1. Hænur voru fyrst tamdar á Indlandi fyrir þúsundum ára og hafa hænuegg síðan verið algengustu egginn sem menn leggja sér til munns.

2. Andarungi nýsloppinn úr eggji.

3. Það hefur engin áhrif á bragð eggja hvort þau eru brún en hvít. En skemmtilegust eru þau auðvitað marglit.



Kokteillinn

JAPÖNSK ÁSTRÍÐA

2 cl Smirnoff Orange • 1 cl Sake • 2 cl Yuzu safi (Yuzu, japanskur sítrusávöxtur) • 6 cl ananassafi • Fyllt upp með Moet & Mhandon kampavíni

Kokteilglas kælt með klaka. Vodki, sake, yuzu-safinn og ananassafi sett í hristara og blandað. Drykkurinn settur í glasið ásamt muldum ís og fyllt upp með kampavíni.

Skreytt með ananas, myntu & lime.



REYKOFNAR



FISK • KJÖT • FUGLA • HJARTARKJÖT

BAKA • ELDA • REYKJA

Kirkjulundur 19 - 210 Garðabæ
www.rorkras.is - Sími: 565 9393



FÁAR HÆNUR Á ÍSLANDI

Flest borðum við yfir okkur af súkkulaðieggjum yfir páskana og höfum gert frá því við munum eftir okkur. Sú hefð að borða egg og skreyta með eggjum á páska er þó ekki svo ýkja löng hér á landi en á sér lengri sögu í Evrópu.

Í Evrópu á miðöldum þurftu leiguliðar að gjalda landeigendum skatt. Um páskalettið voru hænurnar nýbyrjaðar að verpa eftir veturinn. Því var skatturinn í formi eggja fyrir páska en aðra tíma ársins í formi einhverra annarra afurða frá búnum. Landeigendurnir gáfu svo fimmtung af eggjaskattinum til bágstaddirra og er sá siður að gefa börnum páskaegg dreginn af þeirri hefð. Seinna var svo farið að blása úr eggjunum og mála þau og skreyta til gjafa og á barokktímanum gaf yfirstéttarfolk hvert öðru skreytt egg, oft með litlu spakmæli eða ljóði á miða inni í egginu.

Páskaegg náðu ekki til Íslands fyrr en í kringum 1920. Ástæðan er sennilega sú að hér voru fáar hænur og engin hefð fyrir eggjaskatti í landinu en ekki fór mikið fyrir hænarnækt fyrr en um 1930.

Fróðleiksmolar fengnir af vísindavef - rat háskóla Íslands.





KitchenAid ofnar

KJÖLFESTA Á HEIMILUM



ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI



KitchenAid kynnir hágæða heimilistæki svo sem ofna, helluborð, háfa, uppvottavélar og kæliskápa. Tækin eru í hæsta gæðaflokki með öllu því besta sem völ er á til að fullkomna eldhúsið. Kynnið ykkur málið í verslun okkar.



KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE.



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



GRÆN TAUSERVÍETTA fer vel í gulum sérvíttuhring úr filti. Sérvíttan kostar 560 krónur í Kokku og sérvíttuhringurinn, sem einnig er hægt að nota sem diskamottu, kostar 350 krónur.



FALLEGT ER AÐ BERA FRAM VÍN eða jafnvel kaffi í þessari karöflu frá Eva Zolo en hún er klædd í gula og páskalega hosu með rennilás sem heldur annaðhvort heitu eða köldu. Karaflan fæst í Kúningúnd á 4.760 krónur.



PÁSKASKRAUTIÐ frá Georg Jensen er hægt að hengja í glugga eða nota sem sérvíttuhring utan um fallega munnþurrku í lit. Gyllti skjöldurinn með páskahéranum kostar 1.490 krónur í Kúningúnd. Grænröndótt viskustykki úr Kokku á 650 krónur.



ILMANDI KAFFIÐ á páskadagsmorgun smakkast vel úr gulum bolla. Settið af bolla og undirskál frá Te og kaffi á Laugavegi kostar 1.595 krónur.

Í ELDHÚSKRÓKNUM



Hvítlauksristaðir sveppir og konfektótámatar, bornir fram á teini.



Uhhh! Hver fær ekki vatn í munninn yfir tilhugsuninni um þennan morgunmat? Frumlegur en umfram allt staðgóður og hollur dögurður, með skyrdrykk, eggjaköku, grænmeti og ávöxtum. Allar uppskriftir eru fyrir fjóra.



Hafþór Sveinsson matreiðslumeistari í óðaönn að undirbúa morgunverð að hætti Silfurs. Hér hellir hann skyrdrykknum í glös.

Súkkulaði í fóðraðan maga

Margir sofa ekki nóttina fyrir páskadag vegna tilhlökkunar. Til að skara fram úr í páskaeggjaleit og hafa ósvikna lyst á fullu húsi sælgætis er skynsamlegt að byrja daginn á vel útilátnum og saðsömum dögurði. Meistarakokkarnir á Silfri gefa hugmyndir að dýrðarkrásum páskadagsmorguns.



NOKKRIR GÓÐIR RÉTTIR Á DÖGURÐARBORÐIÐ

EGGJAKAKA MEÐ SPÍNATI, CHILI OG KARTÖFLUM

- 4 heil egg
- ¼ lítri fjörmjólk
- 1 stk. bökunarkartafla, skræld og skorin í teninga
- 1 chilipipar, fræhreinsaður og fintsaxaður
- 200 g spinat

Kartöfluteningar steiktir á pönnu þar til þeir verða mjúkir. Spinati bætt út á ásamt chilipipar. Egg og fjörmjólk piskað saman og hellt yfir pönnuna. Eldað í ofni við 180°C í átta mínútur. Salt og pipar eftir smekk, og gott er að setja ost yfir.

BEIKONVAFÐAR DÖDLUR

- 1 pakki beikon
- 1 pakki döðlur

Skerið beikon í tvennt og

vefjið utan um döðlurnar. Festið með tannstöngli og steikið á pönnu eða eldið í ofni við 180°C, þar til beikonið er stökkt.

HVÍTLAUKSRISTAÐIR SVEPPIR OG KONFEKTÓMATAR

- 1 box sveppir
- 1 box konfektótámatar
- 2 hvítlauksgeirar
- 1 dl ólífúolía
- ½ búnt steinselja

Steikið sveppina í helmingnum af ólífúolíunni þar til þeir eru gullinbrúnir á lit. Setjið í eldfast mót ásamt tómötum og rest af ólífúolíu, fint söxuðum hvítlauk og fint saxaðri steinselju. Bakið við 180°C í 6 til 8 mínútur. Salt og pipar eftir smekk.

BLÁBERJA OG MANGÓ SMOOTHIE

- 1 dós vanilluskyr
- 1 askja bláber
- ½ mangó, vel þroskað
- ¼ lítri fjörmjólk

Allt sett í matvinnsluvél og maukað í 2 mínútur.

TÓMATSÚPA

- 1 dós niðursoðnir tómatar, maukaðir
- 1 laukur
- 2 hvítlauksgeirar
- ½ búnt ferskt basil
- ¼ lítri vatn
- 1 tsk. grænmetiskraftur
- 1 tsk. tómatpurré

Saxið lauk, hvítlauk og basil og mýkið í olíu í potti. Bætið tómötum, vatni og tómatpurré saman við og sjóðið í 10 mínútur. Þá er grænmetiskrafti bætt út í og soðið í 2 mínútur.



Blandarinn sem allir eru að tala um!

Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er Hnoðar deig Byr til heita súpu og is Hraðastillir

Lífstíðareign!



Verð kr. 53.974
Uppskriftarbók og DVD diskur fylgir



Vinsældir forréttanna frá Fjallalambi

fara sífellt vaxandi.

Vertu Höfðingi um Páskana




Sími 465 2140

fjallalamb@fjallalamb.is

Páskaeegg

GLAÐNINGUR FYRIR ÖLL SKILNINGARVIT



Súkkulaðið leikur í höndum Hafliða. Súkkulaði-Búdda sem gætir páskaeggjanna í Mosfellsbakarí við Háaleitisbraut.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dýrlegir molar fyrir páskana

Súkkulaðimeistarinn Hafliði Ragnarsson hjá Mosfellsbakarí gerir listilega falleg egg úr dýrindis súkkulaði-villibaunum.

Síðastliðin þrjú ár hefur súkkulaðimeistarinn Hafliði Ragnarsson, hjá Mosfellsbakarí, boðið upp á dýrleg páskaegg. Þau eru fagurlega skreytt í ýmsum útfærslum og hráefnið er dýrindis súkkulaði-villibaunir frá Bólvíu. Súkkulaðimeistarinn hefur ekki undan við að steypa eggin sem urðu fimm hundruð talsins í fyrra. Í ár býst hann við að þau verði enn fleiri. Hér býður Hafliði upp á góða og einfalda páskamola. Trufflur, sem er hægt er að setja í nammiskálina, inn í heimatilbúið páskaegg eða á koddann hjá elskunni að morgni.



Hafliði galdraði fram fimm hundruð egg í fyrra. Hann hefur ekki undan og býst við að gera enn fleiri í ár.



PÁSKA-TRUFFLUR FYRIR ELSKUNA

COINTREAU -TRUFFLA

200 g smjör (mjúkt)
500 g hvítt súkkulaði
Súkkulaðispæni
Cointreau líkjör u.þ.b. 50 g (eða eftir smekk)

Mýkið smjórið í hrærivél og bræðið súkkulaðið í örbylgju eða yfir vatnsbaði. Látið það ekki hitna of mikið. Hellið súkkulaðinu varlega saman við smjórið og gætið þess að skafa niður í köntunum svo ekki myndist kekkir. Þegar blandan er orðin jöfn setjið þið líkjörinn út í og hrærið blönduna þar til hún er orðin hæfilega þykk. Setjið í sprautupoka með sléttri tjullu og sprautið á bökunarplötu með smjörpappír. Leyfið molunum að stífna í ca 1-2 klst. Dýfið því næst í hvítt súkkulaði og veltið upp úr súkkulaðispæni.

Þessa uppskrift er auðvelt að leika sér með og gera önnur tilbrigði. Til dæmis með að skipta um súkkulaði og líkjör eða

sleppa honum. Til dæmis má nota 250 g dökkt súkkulaði og 300 g rjómasúkkulaði. Svo má velta molunum upp úr mismunandi muldum hnetum. Tildæmis ristudum heslihnetum. Muldum ristudum möndlum, pistasíum eða ristudum kókos. Þegar heilar möndlur og heslihnetur eru ristaðar er best að rista þær á lágum hita, 10°C, þar til þær eru fallega gylltar og ekki hráar í miðju þegar þær eru muldar.

SÚKKULAÐI-TRUFFLA

500 g dökkt súkkulaði
250 g rjómi
500 g dökkt súkkulaði til að hjúpa

Hitið súkkulaðið varlega upp í örbylgju-ofni án þess að fara yfir 30°C. Hitið rjómann aðeins upp að 30°C og blandið svo saman við súkkulaðið. Notið töfrasprotann til að vinna innihaldið vel saman. Sprautið í litlar kúlur og kælið. Dýfið því næst í súkkulaði og veltið svo upp úr góðu kakói.

Leitin að egginu samnorraæn hefð

Páskarnir í Skandinavíu hafa allir sín sérkenni. Sameiginlega eiga löndin þar þó eggjaleitina. Þá þeysast börnin um bæði úti og inni og finna loksins fjársjóðinn.

Norðmenn fara nánast allir til fjalla og á skíði um páska. Mjög margir í Noregi eiga fjallakofa sem hafa verið í ættinni lengi og þar láta frændur okkar fara vel um sig yfir hátíðirnar. Síðan er farið á gönguskíði alla daga og er eft til skíðakeppni í fjölskyldunni. Þá bregðum við okkur meira að segja í búnginga eða tinum til eitthvað sniugt úr bústaðnum. Ég man eftir páskum þar sem pabbi var í einhverju fiskineti og ég hef skíðað með gúmmífanska á hausnum," segir Ellen Marie Fodstad, verkefnastjóri í Norræna húsinu.

Þessi hátíð er mikilvæg fyrir Norðmenn að sögn Ellenar, sem er búsett héraendis. Páskar séu helsta hátíð fjölskyldunnar og eru notaðir til útivist í hennar heimalandi. „Þótt flestir fari til fjalla eru líka sumir sem vilja vera í borginni eða bænum og njóta rólegheitanna. Fara á tónleika og sækja menningarviðburði," segir Ellen sem nefnir einnig glæpsamlegan síð sem sé órjúfanlegur hluti norskra páska. „Páskakrimminn er ómissandi. Bæði í sjónvarpi og síðan lesum við alltaf reyfara um páskana. Allar lestir og flugvélar eru troðfullar af fólki með glæpareyfa í hönd og eins

bústaðirnir," segir Ellen. Hápunktur hátíðarinnar er eins og á Íslandi eggíð. „Eggíð er úr pappa, troðfullt af sælgæti, helst súkkulaði og marsipan. Krakkarnir leita að því eins og á Íslandi, en í minni fjölskyldu er það á laugar-dag fyrir páska," segir Ellen sem heldur heim til Noregs um þessa páska. Sænsku páskarnir eru að mörgu leyti líkir þeim norsku en þar klæða krakkar sig eins og litlar nornir og hlaupa um með kústa og betla sælgæti. Í Finnlandi

er hefð fyrir ákveðnu páska-brauði sem er einskonar sætt rúgbrauð og í Danmörku borgar sig að vera með athyglina í lagi þegar páska ber að garði. „Danir senda leynileg bréf með þrautum fyrir páska. Þeir sem geta ráðið gátuna fá páskaegg að launum. Þeir sem ekki geta ráðið gátuna þurfa hins vegar að gefa sendanda páskaegg," útskýrir Ellen sem segir hin Norðurlöndin öll vera með pappírsegg í stað hins íslenska súkkulaðieggis. Einnig er síður á Norðurlöndunum að mála á venjuleg hænuegg fyrir páska sem síðan eru hengd í trjágreinar ásamt litskrúðugum fjöðrum.

Ellen Marie Fodstad hlakkar til að njóta páskana í heimalandi sínu Noregi. Að þessu sinni fyllti hún sigilt litskrúðugt norskt egg með íslensku sælgæti.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Verkfræðistofa á höfuðborgarsvæðinu

óskar eftir duglegum og metnaðarfullum einstaklingi til vinnu við landmælingar.

Viðkomandi þarf að uppfylla eftirfarin skilyrði:

- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Almenn tölvuþekking
- Stundvísi
- Reyklaus

Viðkomandi getur hafið störf strax. Áhugasamir vinsamlegast sendi umsóknir á box@frett.is

Kampur

Skipulag, röggsemi, hugmyndaauðgi og sköpun.
Á þetta við um þig?

Hefurðu áhuga á faglegu starfi á vettvangi frítímans?

Umsjónarmaður óskast á frístundaheimilið Hlíðaskjól í Hlíðaskóla. **Helsta starfssvið umsjónarmanns er umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri Hlíðaskjól.**

Ábyrgðarsvið:

- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilis fyrir börn á aldrinum 6-9 ára
- Skipulagning starfsins í samráði við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra, starfsfólk skóla og aðra samstarfsaðila innan hverfisins
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn Kamps
- Umsjón með starfsmannamálum

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Áhugi á frístundastarfi
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Færni í mannlegum samskiptum
- Færni til að skapa liðsheild í starfsmannahópi
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Snorraddóttir, deildarstjóri barnasviðs Kamps, í síma 411-5563, netfang guðrun.margret.snorraddottir@reykjavik.is og Árni Jónsson, forstöðumaður Kamps, í síma 411-5560, netfang arni.jonsson@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til 26. mars 2008.

Umsækjandi verður að geta hafið störf eigi síðar en 1. maí.

Hægt er að sækja um rafrænt á www.itr.is eða til Íþrótt- og tómsundasviðs að Bæjarhálsi 1, merkt „Umsjónarmaður – Hlíðaskjól“.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tókum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Nýr hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Bregðumst fljótt við

Okkar aðalsmerki eru skjót viðbrögð og lögð er áhersla á að flýta ráðningarferlinu eins og unnt er.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er allhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



Hulda Helgadóttir



Sigurborg Þórarinsdóttir



Kristín Hallgrímsdóttir



Jón Ragnarsson



HH

RÁÐGJÖF

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

VILTU FARA TIL KÍNA?

Fyrirtækið sem um ræðir er með starfsemi í Kína, Bandaríkjunum, Hollandi og á Íslandi. Reksturinn er fjölbreyttur og tækifærin mörg.

Skrifstofan er staðsett í norðurhluta Kína. Stjórnendur fyrirtækisins eru íslenskir.

Vaxandi fyrirtæki í fjölbreyttum rekstri óskar eftir að ráða til sín starfsmann til að sinna fjölbreyttum verkefnum. Viðkomandi hefur aðsetur í Kína.

Starfssvið

Viðkomandi mun sinna bókhaldi og sjá um afstemmingar og uppgjör. Þá sinnir viðkomandi fjölbreyttum verkefnum fyrir forstjóra fyrirtækisins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf kostur, en ekki skilyrði
- Reynsla og góð þekking á bókhaldi skilyrði
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Sjálfstæði og sveigjanleiki
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

Leitað er að aðila sem er tilbúinn að færa sig um set. Tíð ferðalög innan Kína, til Bandaríkjanna og Evrópu fylgja starfinu.



Íslenska járnblendifélagið ehf. er málmframleiðslufyrirtæki staðsett á Grundartanga sem er í u.þ.b. 30-40 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fyrirtækið er í örri þróun og framleiðir stöðugt sérhæfðari vörur. Mikil uppbygging á sér nú stað og ný framleiðslueining verður gangsett á næstunni þar sem hluti framleiðslunnar er meðhöndlaður áfram til sölu sem íblöndunarefni í steypujárn. Járnblendifélagið er dótturfyrirtæki Elkem AS, sem er markaðsleiðandi á þessu sviði og forysta Elkem hefur gert mögulegt að framleiða steypujárn með stöðugt betri eiginleikum og opnað fyrir nýja nýtingarmöguleika. Við bjóðum upp á fjölbreytt og ógrandi starfsumhverfi, starfsþróunarmöguleika, samkeppnishæf laun og hlunnindi.

VERKFRÆÐINGUR

Íslenska járnblendifélagið er að leita að verkfræðingi eða tæknifræðingi í framleiðsluteymi.

Starfssvið

Starfsmaður verður þátttakandi í framleiðsluteymi sem stýrir málmframleiðslu og stoðferlum tengdum henni, svo sem vinnu á deigluverkstæði, rekstri reykheinsvirkis, áfyllingu á rafskautamassa og innri flutningum. Starfið mun einkum felast í umsjón með stoðferlum. Viðkomandi starfsmaður mun heyra undir framkvæmdastjóra Framleiðslusviðs.

Í starfinu felst m.a.

- Fagleg ábyrgð á rafskautarekstri og deigluverkstæði
- Þróun vinnuferla
- Stjórn og eftirlit vinnuferla og staðla
- Gerð kostnaðar- og verkáætla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf í verkfræði, tæknifræði eða sambærilegu
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Við leitum að einstaklingi sem

- Er metnaðarfullur og vill ná langt í starfi
- Sýnir frumkvæði og sjálfstæði
- Kallar fram það besta í samstarfsmönnum sínum
- Er nákvæmur og áreiðanlegur
- Hefur hæfni og vilja til að vinna með framleiðslustarfsmönnum að stöðugum endurbótum
- Hefur framúrskarandi samskiptahæfileika
- Er útsjónarsamur við lausn verkefna

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Apple IMC á Íslandi
www.apple.is

Apple IMC er skemmtilegur vinnustaður þar sem fram fer sala, innflutningur, þróun og þjónusta á vörum frá Apple. Uppgangur Apple á heimsvísu hefur vart farið framhjá neinum og nú gefst einstakt tækifæri til að slást í góðan hóp á vinnustað sem iðar af lífi.

ER VERIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Vegna aukinna umsvifa óskar þjónustudeild Humac eftir að ráða þjónustulundaða og skipulagða einstaklinga sem hafa gaman af því að aðstoða fólk og leysa úr hvers kyns vanda.

Þjónustufulltrúi

Starfssvið

- Móttaka viðskiptavina
- Þjónusta í gegnum síma
- Skráning og móttaka búnaðar á verkstæði
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegu starfi

Sérfræðingur í þjónustudeild

Starfssvið

- Þjónusta við stærri viðskiptavini fyrirtækisins
- Kerfisstjórn
- Rekstrarráðgjöf
- Gerð þjónustuáætlana

Menntun og hæfniskröfur

- Reynsla og þekking á Linux/Unix stýrikerfum
- Reynsla af sambærilegum verkefnum

Tæknimaður á verkstæði

Starfssvið

- Almenn ábyrgðar- og viðgerðarþjónusta á Apple búnaði
- Þjónusta við viðskiptavini í gegnum síma
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur

- Reynsla af tölvuviðgerðum
- Þekking á Mac OS

Apple leitar að fólki sem hefur:

- Framúrskarandi þjónustulund
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Góða framkoma og vandað málfar
- Frumkvæði, áreiðanleika og jákvætt viðmót

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfun á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

stólpi

viðskiptahugbúnaður

Kerfisþróun ehf. er fyrirtækið að baki Stólpa viðskiptahugbúnaði. Stólpi viðskiptahugbúnaður er sveigjanlegt bókhalds- og upplýsingakerfi sem þúsundir fyrirtækja í flestum atvinnugreinum nota í dag. Starfsfólk Kerfisþróunar hefur flest starfað um árabíl hjá fyrirtækinu og segir það margt um stöðugleika þess og áreiðanleika. www.stolpi.is

SPENNANDI TÆKIFÆRI

Vegna aukinna umsvifa óskar Kerfisþróun eftir að bæta við kraftmiklum starfsmönnum. Kerfisþróun er eitt elsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins og hefur verið starfandi í 23 ár.

Kerfisstjóri

Starfssvið

- Innleiðing nýrrar þjónustu
- Umsjón með núverandi kerfum fyrirtækisins
- Þjónusta viðskiptavini

Hæfniskröfur

- Viðtæk þekking á Windows umhverfi, netkerfum og stýrikerfum
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Microsoft gráður eða sambærilegt

Bókhald/ráðgjöf

Starfssvið

- Almenn bókhaldsstörf
- Færsla bókhalds fyrir viðskiptavini og leiðbeina í gegnum síma
- Móttaka verkbeiðna og greining vandamála
- Þjónusta viðskiptavini
- Kennsla á Stólpa bæði á staðnum og úti í fyrirtækjunum

Hæfniskröfur

- Reynsla af bókhaldi nauðsynleg
- Samvirkusemi, nákvæmni og skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og þolinmæði

Umsjón með störfunum hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um stöfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SAMSKIP SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á allhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.

Vegna aukinna verkefna óska Samskip að ráða drífandi og metnaðarfulla einstaklinga til starfa. Í boði eru krefjandi störf hjá umsvifamiklu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

Sérfræðingur á upplýsingatæknisvið

Starfssvið

- Kerfis- og verkefnastjórnun
- Þátttaka í hönnun og innleiðingu tæknilegra innviða (Technical Infrastructure)
- Tæknileg skjölun kerfa
- Öryggismál upplýsingakerfa og verkferlar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða sambærilegt nám
- Yfirgripsmikil reynsla og þekking á tæknilegum innviðum
- Mjög góð enskukunnátta
- Samstarfshæfni, frumkvæði og jákvætt viðmót

Hugbúnaðarmaður (forritari) í Upplýsingatæknideild:

Starfssvið

- Forritun í sérsmiðuðum lausnum
- Vinna með öflugri heild forritara og verkefnisstjóra
- Greiningarvinna

Menntunar- og hæfniskröfur

- B.S. í tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Þekkingu á .NET þróunarumhverfinu, C# forritunarmálinu og SQL fyrirspurnarmáli
- Þekking á WebMethods mikill kostur
- Samskiptahæfni
- Hæfni til að setja sig inn í flókin verkefni
- Samvirkusemi og ábyrgðarkennd

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðrjúður D. Hálfðanardóttir (guðrjúður.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um stöfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



RAFORKUKERFI

VERKFRÆÐINGUR/TÆKNIFRÆÐINGUR

Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína.

Landsnet annast jafnframt kerfisstjórn og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra líðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Landsnet er starfsmanna- og fjölskylduvænt fyrirtæki í örum vexti.

Landsnet hf. leitar að rafmagnsverkfræðingi/-tæknifræðingi til starfa í stjórnstöð kerfisstjórnar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Meginhlutverk kerfisstjórnar er að stjórna rekstri raforkukerfisins frá stjórnstöð. Auk þess gerir kerfisstjórn þær áætlanir sem þarf vegna reksturs kerfisins og sér um viðhald þeirra kerfa sem tilheyra starfsemi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði á sterkstraumssviði
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Samstarfshæfileikar

Helstu starfshættir

- Þátttaka í fjargæslu og stjórnun raforkukerfis
- Áætlanagerð vegna reksturs raforkukerfis
- Kerfisgreining með notkun reiknilíkana
- Tæknilegar úttektir o.fl.

Í boði er:

- Fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar
- Fjölskylduvænt starfsumhverfi

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Skrifstofustarf

Bónus óskar að ráða starfsmann á skrifstofu. Um er að ræða almenn skrifstofustörf en helstu verkefni eru eftirfarandi:

Símavarsla.
Móttaka og afgreiðsla viðskiptavina.
Almenn skrifstofustörf og önnur tilfallandi verkefni.

Leitað er að einstaklingi með góða tölvukunnáttu og lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og þjónustulund. Um er að ræða fullt starf. Umsóknir með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf skal senda í tölvupósti til: skrifstofa@bonus.is Upplýsingar ekki veittar í síma.

Fedgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson opnuðu fyrstu Bónusverslunina í 400 fermetra húsnæði við Skútvog laugardaginn 8. apríl 1989. Salan varð strax þrefalt meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og um mitt sumar 1989 var ráðist í að opna aðra Bónusverslun. Í Faxafeni 14. Ári síðar, 1990, var svo þriðja verslunin opnuð á Reykjavíkurvegi 72 í Hafnarfirði og enn ári

síðar sú fjórða, á Smiðjuvegi í Kópavogi. Verslanirnar eru í dag 16 á höfuðborgarsvæðinu og 9 á landsbyggðinni. Starfsmenn Bónuss eru nú í mars 2008 um 850 talsins, fjórum sinnum fleiri en fyrir 7 árum. Tímariðið Frjáls verslun útnefndi Bónus „Vinsælasta fyrirtæki ársins 2008“ í febrúar 91.

BÓNUS
Skútvog 13 104 R heimasíða: www.bonus.is

Góð störf í boði

RAFVIRKI, RAFEINDAVIRKI EÐA VÉLVIRKI

Leitað er að duglegum og röskum einstaklingi sem getur hafið störf sem fyrst. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af viðgerðum á stóreldhústækjum eða lækningatækjum. Rík þjónustulund er nauðsynlegur kostur.

Góð hlunnindi í boði.

Umsóknir sendist til Lárusar Blöndal, larus@akarlsson.is, fyrir 15. mars nk.

LAGERMAÐUR

Leitað er að jákvæðum, röskum og duglegum einstaklingi sem getur hafið störf sem fyrst. Viðkomandi þarf að vera vanur lagerstörfum og skipulagður í vinnubrögðum. Lyftararéttindi eru kostur.

Umsóknir sendist á netfangið danielj@akarlsson.is, fyrir 15. mars nk.

A.Karlsson er leiðandi sölu- og þjónustufyrirtæki á heilbrigðis-, fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú 55 manns.



A. Karlsson
Víkurbær 8
Kópavogi
Sími: 5 600 900
www.akarlsson.is



MICROSOFT SÉRFRÆÐINGUR AUSTURLAND

Þjónusta EJS nær til allra hliða nútíma upplýsinga- og samskiptatækni s.s. sölu og þjónustu á heimsþekktum vél- og hugbúnaði, ráðgjöf, rekstrarþjónustu og hýsingu og nær þjónustun til Norður- og Austurlands.

Leiðarljós EJS er "það er til lausn á öllu"

EJS leitar eftir Microsoft sérfræðingi í starfsstöð sína á Austurlandi.

Starfssvið

- Þjónusta við upplýsingakerfi viðskiptavina
- Þjónusta við kerfisleigunotendur EJS
- Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavinum á sviði Microsoft lausna
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gráða frá Microsoft eða önnur tæknimenntun er kostur
- Þekking á vélbúnaði og hugbúnaði (XP, Vista, Windows 2003 server, Exchange 2003)
- Samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120



VERKEFNASTJÓRI Á RÁÐGJAFARSVIÐ

Ríkiskaup er þjónustufyrirtæki í fremstu röð þar sem vilji er til að alltaf séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju. Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni. Ríkiskaup gera gott fólk betra.

Ríkiskaup óska eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf á Ráðgjafarsviði. Starfið er í senn fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavinum fyrirtækisins.

Meðal helstu verkefna eru

- Ráðgjöf og greining á þörfum og markmiðum fyrir útboð og innkaup
- Áætlana- og samningagerð
- Verkefna- og samningastjórnun
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

Menntunar- og hæfniskröfur

- Krafist er háskólamenntun, helst á sviði viðskipta eða tækni
- Krafist er 3 - 5 ára reynslu af sambærilegu starfi
- Þekking á innkaupum og reynsla af verkefnastjórnun er kostur

Við leitum að einstaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst en launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildur.arnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



NÝHEIMAR

Nýheimar eru þekkingarmiðstöð á Hornafirði sem hóf starfsemi árið 2002 www.nyheimar.is.

Í Nýheimum eru meðal annars framhaldsskóli, bókasafn, skjalasafn. Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Háskólasetur, Matis, Þekkingarnet Austurlands, Frumkvöðlasetur og búnaðarsamband svæðisins. Alls eru yfir 40 manns starfandi í Nýheimum. Kjörorð Nýheima er.

Nýheimar:
Vettvangur skapandi samvinnu.

Sérfræðingur í vöruþróun Starfsstöð á Höfn

Starfsvið:

Vinna að eflingu matarferðamennsku á landsvisu með áherslu á Suðausturland auk annarra vöruþróunarverkefna.

Í starfinu felst m.a.

- Próa hugmyndir að staðbundinni matvöru.
- Vinna með samstarfsaðilum í matarferðamennsku á Suðausturlandi.
- Efla verkefni í tengslum við atvinnulíf á svæðinu.
- Hönnun og þróun á vinnsluferlum.

Hæfniskröfur

Háskólamenntun á tengdum sviðum, svo sem matvælafræði, verkfræði, líffræði eða sjávarútvegsfræði. Reynsla að vöruþróun er kostur. Æskilegt er að viðkomandi starfsmaður verði búsettur á Suðausturlandi. Nánar um matarferðamennsku á www.matis.is/matarferdamennska

Umsóknarfrestur er til 25. mars 2008

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg S. Sigurðardóttir í síma 422 5000.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, skal senda til: Matis ehf. Borgartún 2, 105 Reykjavík eða til: ingibjorg.s.sigurdardottir@mat.is

Matis er matvælarannsóknafyrirtæki sem starfar á þremur sviðum: vinnslu og vöruþróun, líftækni (Prokaria) og matvælaöryggi. Hjá Matis starfa tæpleg 100 manns á sjö stöðum á landinu.

Framhaldsskólakennarar

Kennara vantar í stærðfræði, náttúrufræði, raungreinar, ensku, spænsku, sérkennslu og í ýmis verkefni svo sem umsjón með félaglifi nemenda og sjálfsmat. Nánari upplýsingar á starfatorg.is

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

FAS er um 250 nemenda skóli og þar af er um helmingur fjarnemendur en um 100 sækja skólann reglulega. Skólinn er skipulagður út frá vinnu nemenda og löggð er áhersla á verkefnavinnu í tengslum við umhverfið, hópinnu, erlent samstarf og frumkvöðlanám. FAS er í nánri samstarfi við aðra framhaldsskóla á Austurlandi og við þá sem eru Nýheimum.

Kjörorð skólans eru:

Nám er vinna og félagslegt ferli. Skólinn þjónar þér

www.fas.is, sími 470 8070.

Netfang skolameistari@fas.is

Verkefnisstjóri umhverfis- og ferðamála

Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði (www.hi.is/page/Haskolasetur_Hornafirdi) leitar eftir sérfræðingi til að annast rannsóknir og verkefnastjórnun á sviði umhverfis- og ferðamála. Verkefni snúa m.a. að rannsóknum á umhverfis- og samfélagslegum áhrifum af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, aðstoð við gerð verndaráætlana fyrir þjóðgarðinn, þróun námskeiða og kennsluefnis vegna umhverfismenntar, og ráðgjöf við uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu á Suðausturlandi.

Hæfniskröfur

Leitað er að einstaklingi sem lokið hefur háskólaprófi í greinum sem nýtast í starfi s.s. í umhverfisfræði, ferðamálafræði, landfræði, líffræði eða jarðfræði. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi sérfræðingur geti hafið störf sem fyrst. Sjá nánar á www.starfatorg.is.

Umsóknir

Umsóknarfrestur er til 25. mars 2008. Umsóknnum skal skila til starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Aðalbyggingu við Suðurgötu, 101 RVK, eða á netfangið: starfsumsoknir@hi.is. Upplýsingar veitir Þorvarður Arnason, forstöðumaður fræðasetursins (470-8040, 895-9003, thorvarn@hi.is).

Leikskólinn Lönguhólar

Auglýst er eftir deildarstjóra og leikskólakennara á deild. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 478-1315 og 697-7234.

Leikskólinn Lönguhólar, sem er í þróunarvinnu sem útiskóli, er þriggja deilda og þar stunda nám 69 börn á aldrinum 1 – 5 (6) ára. Sjá nánar um skólann á www.leikskolinn.is/longuholar.

Í boði er flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga.

Leikskólinn Krakkakot

Auglýst er eftir leikskólakennara á deild.

Nánari upplýsingar veitir Snæfríður í síma 478-2280 og 820-9619.

Leikskólinn Krakkakot, sem er í þróunarvinnu sem heilsuleikskóli, er þriggja deilda og þar stunda nám 52 börn á aldrinum 1 – 5 (6) ára. Sjá nánar um skólann á www.leikskolinn.is/krakkakot.

Í boði er flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga.

Grunnskóli Hornafjarðar

Umsjónakennara vantar á mið- og unglingastig. Kennslugreinar eru almenn kennsla á miðstigi, heimilisfræði og náttúruvísindi á unglingastigi. Upplýsingar veitir Þórgunnur í síma 470 8400 / 899-5609.

Í byrjun yfirstandandi skólaárs tók Grunnskóli Hornafjarðar við af þremur rötgrónum skólum, Nesjaskóla, Hafnarskóla og Heppuskóla. Frá því 1996 höfðu þessir skólar verið aldurskiptir og algerlega sjálfstæðar stofnanir. Sjá nánar á um skólann <http://hornafjordur.is/grunnskoli>.

Í boði er flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga.

Heilbrigðisstofnun Suðausturlands

Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur óskast á hjúkrunar- og sjúkradeild Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands. Um er að ræða fastar stöður og sumarflæysingar.

Hjúkrunar- og sjúkradeild HSSA er 28 rúma deild sem skiptist í 24 langlegurými og 4 sjúkrarými fyrir l.d. bráðainnlagnir og sængurkonur.

Unnið er á tvískiptum vóktum, morgun- og kvöldvóktum, með bakvakt um nætur. Starfið er fjölbreytt þar sem sjúklingahópurinn er mjög breiður og áhugaverður.

Læknar

Heimilislæknar óskast á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands á Höfn.

Heilbrigðisstofnunin sinnir Austur-Skaftafellssýslu, sem nær frá Óræfum í vestri til Hvalness í austri.

Við leitum að áhugasömum lækni sem er tilbúinn að takast á við ný og spennandi verkefni.

Mjög góð laun í boði, góður starfsandi, flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Júlía Jónsdóttir í sínum 478-1400 og 866-3051.

Hornafjörður nær allt frá Skeiðarársandi í vestri að Hvalnesskriðum í austri. Íbúar eru ríflega 2100, þar af búa í þéttbýlinu á Höfn um 1700 manns.

Skaffteillsk náttúra á engan sinn líka á Íslandi. Sérstáðan felst einkum í miklum andstæðum. Yfir gnæfir Vatnajökull með sínum hvössu og tignarlegu fjöllum, undir hvíllir láglandi sem teygir sig til hafs.

Félagslíf er hér blómlegt: Íþróttafélög, leikklúbbar, kórar, félagsmiðstöð fyrir unglinga, slysavarnadeildir, ýmsir klúbbar o.fl. Starfrækt er nýleg líkamsræktarstöð, íþróttahús, sundlaug og ný laug í byggingu, mjög góður golfvöllur og fyrirhuguð er bygging knattspyrnuhúss. Þá er nýbygður keppnisvöllur fyrir frjálsar íþróttir

og knattspyrnu. Þrjú veitinga- og skemmtistaðir eru starfræktir á Höfn. Haldin er sérstök humarhátíð á hverju sumri og í mars ár hvert er tónlistarveislan Norðurljósablús.

Höfn er sjávarpláss sem gengið hefur í gegnum verulegar breytingar. Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur en tæknibylting í greininni hefur leitt til færri og sérhæfðari starfa. Fjölbreytni í atvinnulífi er töluverð miðað við stærð samfélagsins. Hér er öflug og vaxandi ferðaþjónusta og þjónusta við íbúana fjölbreytt og góð. Nýsköpun og frumkvöðlastarf setur mark sitt á samfélagið, einkum í samvinnu við stofnanir í Nýheimum.

JÖI & FÉLAGAR

Vantar meistar og sveina í leigustóla.
Einnig vantar okkur nema.

Upplýsingar í síma: 897-8955

INS er framsækið, kraftmikið og leiðandi fyrirtæki í ýmskonar fjarskiptatækni.

Við óskum eftir góðum rafvirkjum og rafvirkjanemum í hefðbundar raflagnir, auk ýmskonar vinnu við fjarskipta og tölvulagnir.

Í boði eru góð starfskjör, góð starfsaðstaða og miklir möguleikar til að tileinka sér nýjustu tækni.

Áhugasamir sendi umsóknir á hilmar@ins.is
Uppl. um störfín veitir Hilmar í síma 770-8700



netbókhald.is

Vanur bókarí óskast

Netbókhald.is er hugbúnaðarfyrirtæki sem leigir út bókhaldskerfi á netinu og veitir viðskiptavinum sínum margvíslega þjónustu.

Starfið felst m.a. í umsjón með bókhaldi fyrirtækisins og að leiðbeina notendum kerfisins, annars vegar með leiðbeiningum í síma og hins vegar með kennslu á námskeiðum.

Þar sem starfið krefst töluverðrar bókhaldskunnáttu væri gott að viðkomandi hefði reynslu af uppgjöri og gerð ársreikninga. Áriðandi er að viðkomandi hafi góða þjónustulund og hæfileika til að miðla upplýsingum. Þetta er skemmtilegt og fjölbreytt starf í góðum og samhentum starfsmannahóp.

Áhugasamir hafi samband við Guðmund í síma 533-2090 eða á netfangið gk@netbokhald.is



ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

Leitum að talnaglöggu einstaklingi til að sjá um bókhald og launagreiðslur. Um er að ræða 50% starfshlutfall en gert er ráð fyrir hærra starfshlutfalli yfir sumarið.

Hjá fyrirtækinu starfa á bilinu 15 til 120 manns allt eftir árstíð og verkefnastöðu. Fyrirtækið er í örur vexti og við leitum að jákvæðum starfskrafti í okkar liðsheid.

Vinsamlegast sendið umsókn á elin@mountainguide.is
Upplýsingar fást hjá Elínu í síma: 5879999



Sumarið er tíminn

Lítill heimur – hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Eyjaálfu og Asíu.

- 14.000 starfsmenn
- 300 starfsstöðvar í um 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



Eimskip leitar að hressu og duglegu ungu fólki í vinnu í sumar. Í boði eru fjölbreytt störf í Vöruhótel, á hafnar-svæði, við akstur og á skrifstofu. Sláðu til og komdu í hóp öflugra og skemmtilegra starfsmanna á traustum og góðum vinnustað.

Hæfniskröfur

- 18 ára eða eldri
- Hreint sakavottorð
- Þjónustuvilji og jákvæðni

Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu okkar, www.eimskip.is, og hvetjum við alla áhugasama til að sækja um.



Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7009 www.eimskip.is

ÍSETNINGAR Á RAFEINDABÚNAÐI

N1 óskar eftir að ráða áreiðanlegan og dugmikinn starfsmann til starfa á **þjónustuverkstæði félagsins að Funahöfða, Reykjavík**

Helstu verkefni:

- Tenging talstöðva, útvarpa og annars rafeindabúnaðar í bifreiðar

Hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af ísetningum rafeindabúnaðar í bifreiðar
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Almenn þekking á rafmagni bifreiða
- Nákvæmni og stundvísir

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Bjarni Finnbogason**, í síma 535-9110. Áhugasamir sækja um starfið á www.n1.is.

N1 BÍLAPJÓNUSTA

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

WWW.N1.IS

Meiraprófsbílstjóri

Þekkt flutningsfyrirtæki leitar að traustum starfsmanni til starfa við akstur. Fyrirtækið er með fjölbreytta starfsemi þar sem starfsmenn geta í mörgum tilfellum farið á milli starfa.

Starfssvið

- Akstur að mestu á höfuðborgarsvæðinu

Vinnutími er 8:00-18:30 virka daga.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Hæfniskröfur

- Þekking á götum Reykjavíkur og nágrenni kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sjálfstæði í starfi
- Reglusemi, heiðarleiki og stundvísir
- Gilt meirapróf

Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.
Upphaf starfs er samkomulagsatriði.

Áhugasömum er bent á að fylla út umsókn á www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur Elva Tryggvadóttir, elva@radning.is

Ráðningaráþjónustan er samstarfsaðili VIRTUS, www.virtus.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN



Viltu móta framtíðarborgina Reykjavík?



Á næstunni flytur Framkvæmda- og eignasvið í nýtt húsnæði að Borgartúni 10-12.

Viltu byggja upp borgina með okkur?

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða kraftmikið og áhugasamt fólk til starfa við framtíðaruppbyggingu Reykjavíkur. Boðið er upp á fjölbreytt og krefjandi verkefni sem reyna á fagþekkingu, skipulagshæfni og samvinnu.

Margvísleg störf í boði

Við leitum að lögfræðingum, verkfræðingum, tæknifræðingum, skrifstofufólki, verkamönnum, iðnaðarmönnum, verkefnastjórum, viðskiptafræðingum, sérfræðingum og öðrum sem hafa áhuga á þessum spennandi verkefnum.

Þetta er gott tækifæri fyrir einstaklinga sem vilja vinna á einum stærsta vinnustað landsins, þar sem boðið er upp á gott starfsumhverfi, mikla möguleika á símenntun og þátttöku í að móta og hafa áhrif á umhverfi okkar.

Umsóknnum skal skilað til mannauðsdeildar Framkvæmda- og eignasviðs, Skúlatúni 2, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf. Fyrirspurnir og umsóknir er einnig hægt að senda á netfangið mannauðsdeild.fs@reykjavik.is. Öllum fyrirspurnum verður svarað.

Nýtt Framkvæmda- og eignasvið

Framkvæmda- og eignasvið ber ábyrgð á öllum verklegum framkvæmdum sem tengjast mannvirkjum borgarinnar, húseignum hennar og gatnakerfi. Í því felst uppbygging þeirra, rekstur og viðhald. Undir Framkvæmda- og eignasvið heyrar allar fasteignir borgarinnar, húseignir, lundur og lóðir. Í lok mars flytur sviðið í nýtt húsnæði að Borgartúni 10-12.

Verkefni Framkvæmda- og eignasviðs eru mjög fjölbreytt. Við sjáum um byggingu skóla og leikskóla, gatnakerfi borgarinnar og það sem því tilheyrir: viðhald og rekstur gatna, hreinsun, umferðarljósín, snjómokstur og hálkueyðingu. Að auki má nefna endurgerð húsa, gatna og stíga og opinna svæða, svo og þátttöku í uppbyggingu og viðhaldi eldri borgarhverfa.





Reykjavíkurborg
Velferðasvið

Þjónustufulltrúi

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í 50 % starf eftir hádegi.

Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð fjölmennningar og margbreytileika.

Helstu verkefni eru:

- Móttaka og símsvörun
- Skráning og afgreiðsla umsókna
- Almenn upplýsingagjöf um starfsemi Reykjavíkurborgar

Hæfniskröfur:

- Góð almenn menntun sem nýtist í starfi
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

- Þekking og/eða reynsla í móttöku og símsvörun æskileg
- Nákvæmni og sjálfstæði í starfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Harpa Rún Jóhannsdóttir í síma 411 1600, netfang: harpa.run.johannsdottir@reykjavik.is

Umsóknnum skal skilað á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík fyrir 19. mars nk. eða á netfangið: harpa.run.johannsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegl það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Skapandi störf með skapandi fólki

Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

Leitað er eftir:

- Leikskólakennurur
- Proskapjálffum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

Deildarstjórar

Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360.
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185

Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Reynisholt, Gvendargeisla 13, s. 5175560

Rofaborg, Skólabaé 6, sími 567-2290
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585

Leikskólasérkennari /proskapjálfi/atferlisþjálfari
Njálssborg, Njálsgötu 9, sími 551-4860

Aðstoðarmaður í eldhúsi

Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995
Holtaborg, Sólheimum 21, sími 553-1440. Um er að ræða hlutastarf.

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegl það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Lögfræðingur á ökutækjasviði

Starfið

Verkefni lögfræðings á ökutækjasviði felast m.a. í mótun laga- og reglna um bíltæknileg málefni, innleiðingu EES-gerða, viðhaldi, breytingum og túlkun skráninga- og verklagsreglna og úrskurði í málum sviðsins. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Meistarapróf í lögfræði er skilyrði.
- ▶ Leitað er að einstaklingi sem er skipulagður, úrræðagóður, fær í mannlegum samskiptum og er góður í textavinnslu.
- ▶ Góð enskukunnátta og færni í norðurlandamálum er skilyrði

Umsóknarfrestur er til 17. mars 2008.

Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- ▶ á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni <http://www.us.is/page/atvinnuumsokn>
- ▶ með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á verkefnastjóra starfsmannamála, olof@us.is
- ▶ senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:
Umferðarstofa, b.t. Ólafar Friðriksdóttur, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Nánari upplýsingar veitir Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri ökutækjasviðs. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu: <http://us.is>.



Umferðarstofa var árið 2006 útnefnd ríkisstofnun til fyrirmyndar. Hjá stofnuninni starfa um 60 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, áreiðanleika, árangur og jákvæðni. Hlutverk Umferðarstofu er að auka lífsgæði fólks með því að efla öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri.

UMFERÐARSTOFA

HVALFJARÐAR
SVEIT



Aðalbókari/launafulltrúi

100 % starfshlutfall

Starfssvið:

- Færsla, afstemmingar og önnur úrvinnsla fjárhagsbókhalds
- Gerð rekstraryfirlita og önnur skýrslugerð
- Aðstoð við fjárhagsáætlunargerð og gerð ársreiknings
- Umsjón með innheimtu á kröfum
- Skráning launaupplýsinga, launavinnsla og önnur úrvinnsla launa
- Upplýsingagjöf til starfsmanna vegna launamála

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta- og/eða rekstrarfræða æskileg
- Reynsla af bókhaldsstörfum skilyrði
- Þekking og/eða reynsla af launavinnslu
- Þekking á kjarasamningum og réttindamálum
- Nákvæmni í starfi og góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi

Umsóknareyðublað má nálgast á www.hvalfjararsveit.is og óskast umsóknir sendar til oddvita sveitarfélagsins, Hallfreðs Vilhjálmssonar, Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit, 301 Akranes, fyrir 28. mars 2008.

Allar upplýsingar um starfið veitir oddviti, Hallfreður Vilhjálmsson, í síma 433-8500 eða 864-7628.



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Garðyrkjufraeðingur

Garðyrkjufraeðingur með verkstjórn óskast. Skróðgarðyrkjumenntun er nauðsynleg og að viðkomandi geti unnið sjálfstætt og hafi reynslu af verklegum framkvæmdum.

Sumarstörf

Eftirfarandi sumarstörf eru laus til umsóknar sumarið 2008

Garðyrkjudeild

Almenn garðyrkjustörf, sláttur. Umsækjendur skulu vera fæddir árið 1991 eða fyrr. Flokksstjórar fyrir slátt og garðyrkju, umsækjendur um flokksstjórnarstörf skulu vera 20 ára og eldri.

Skólagarðar

leiðbeinendur við skólagarða. Æskilegt er að umsækjendur hafi uppeldis-, kennslu- og verkmenntun. Umsækjendur skulu vera 20 ára og eldri.

Nánari upplýsingar gefur garðyrkjustjóri og forstöðumaður þjónustumiðstöðvar í sínum 565 8532 og 565 8611.

Vinnuskóli

Yfirflokksstjóri og flokksstjórar. Æskilegt er að umsækjendur hafi uppeldis-, kennslu- og/eða verkmenntun og séu 22 ára og eldri. Í boði verða einnig hálf dags störf. Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður vinnuskóla í síma 590 2570.

Þjónustumiðstöð

Almenn verkamannavinna.

Umsóknareyðublað liggja frammi á bæjarskrifstofu Garðatorgi 7 í afgreiðslu þjónustumiðstöðvar og garðyrkju Lyngási 18 og á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til 31. mars 2008.

Forstöðumenn

Fræðslu- og menningarsvið

VANTAR ÞIG MÁLARA?

Reyndir menn - klárir til vinnu!

Sverrir@Proventus.is

Hringdu núna S. 661-7000

**Bifreiðasmiður
Óskast**Óska eftir bifreiðasmiði/réttingamanni,
einnig kemur nemi til greina.Upplýsingar á staðnum,
Dalvegi 16a í Kópavogi.**Réttingaverkstæði**

Jóa ehf.

Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • retfjoo@retfjoo.is • www.retffjoa.isBÍLAMÁLUN
RÉTTINGAR

Asian er framsækin og ört vaxandi matvörumarkaður og heildverslun sem leitar að starfsmanni í laust starf hjá fyrirtækinu. Um er að ræða spennandi starfsvettvang fyrir öflugan einstakling sem hefur metnað til að sanna sig og ná árangri í starfi með samhentum hópi fólks.

Bókari

Starfið felst í færslu á fjárhags-, viðskiptamanna- og lánadrottnabókhalda, ásamt afstemmingu sjóðs. Einnig mun viðkomandi starfsmaður ganga í önnur tilfallandi störf eftir atvikum.

Við leitum að starfsmanni sem hefur:

- ✓ Reynslu og þekkingu á Navision bókhaldskerfi
- ✓ Reynslu af bókhaldsstörfum
- ✓ Framúrskarandi samskiptahæfileika
- ✓ Frumkvæði, sveigjanleika, metnað og skipulagshæfni
- ✓ Hæfni til að vinna í krefjandi og breytilegu umhverfi
- ✓ Áhugasamur, stundvís og áreiðanlegur
- ✓ Sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá sendist til Asian ehf, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík, eða á netfang: kv@asian.is merkt „Asian“ - laus störf“ fyrir 13. mars. Upplýsingar fást í síma 551 21 21, Kristinn / Linda

MATVÖRUMARKAÐUR - SUÐURLANDSBRAUT 32
108 REYKJAVÍK - S. 551 2121Garðyrkjufélag Íslands
www.gardurinn.is**Starfsmaður á skrifstofu GÍ**

Það sem ég varð fyrst var við í höfuðborginni Caracas, er þetta mikla umferðaröngþveiti, sem reynist svo kannski myndbirting þeirrar óreiðu sem ríkir í landinu

fólk orðið verulega pirrað svo hann þarf að finna ný ráð til að fylkja fólkinu á bak við sig,“ segir Baldur. „Og svo virðist sem að þessu sinni ætli hann að höfða til þjóðerniskenndar fólks. Það kemur honum því afar vel að eiga í útistöðum við nágrannana í Kólumbíu svo hann geti sameinað landsmenn undir sinni forystu gegn þessari ógn sem hann túlkar sem svo.“ Mikillar spennu hefur gætt undanfarið milli ríkjanna og hafa Sameinuðu þjóðirnar meðal annarra beitt sér fyrir því að koma á jafnvægi á svæðinu.

Sjónvarpsstjarnan á Íslandsgötu

Baldur og Felix heimsóttu kjöræðismann Íslands í Caracas, Karel Bentata sem jafnframt er lögfræðingur. Leysti hann margar þrautir fyrir ferðalangana sem ekki kunnu að fóta sig í óreiðunni. Býr hann ásamt konu sinni Noralys Rodriguez á Íslandsgötu en föður hans og forvera í starfi þótti ekki annað við hæfi en að nefna götuna með hliðsjón af vinnu-heiti hans. Noralys þessi er reyndar ein frægasta sjónvarpsstjarna í Rómönsku-Ameríku en hún er með ferðaþáttinn Wild on sem milli 40 og 60 milljónir manna horfa á í hverri viku. Hún er einnig þekkt fyrir störf sín sem fyrirsæta. Baldur segir ekki loku fyrir það skotið að hún komi til Íslands þótt síðar verði.

En ekki var alltaf jafn mikill fengur í foruneyti þeirra Baldurs og Felix. „Til dæmis þegar við fórum að skoða hús Símons Bólivar borguðum við fyrir leiðsögumann sem virtist ekki hafa komið þarna áður,“ segir Baldur og brosir við. „Enskukunnátta hennar var af skornum skammti. Til dæmis leiddi hún okkur inn í eldhúsið og sagði „this is the chicken“. Það bar hins vegar ekki að líta nokkurn kjúklung svo þetta átti sennilega að vera „kitchen“. Reyndar hvarf hún svo sjálf í söngöngu um húsið undir stjórn spænskumælandi leiðsögumanns og skildi okkur eftir eins og strandaglópa. Hún kom þó til okkar endrum og eins og sagði „very interesting“.

Baldur segir ómögulegt að segja til um hvað framtíðin hefur að færa landsmönnum í Venesúela. Hitt segir hann þó víst að hann hafi nemendum sínum enn meira fram að færa en fyrir veruna í Venesúela.

Frá ferðalaginu um Venesúela



Í FRÍÐU FÖRUNEYTI Frá vinstri Baldur, Noralys Rodriguez sjónvarpskona, maður hennar Karel Bentata, kjöræðismaður Íslands, og loks Felix Bergsson, eiginmaður Baldurs.



ÍSLANDSGATA Fyrirverandi kjöræðismanni Íslands þótti ekki annað við hæfi en að gatan bæri nafn með rentu.



ÁRÓÐUR FORSETANS Hvarvetna mátti sjá áróður frá Hugo Chavez en Baldur lét þó ekki sannfærast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



FERSKIR BÓNUS KJÚKLINGABITAR

Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar 299 kr/kg. Tilvalið að birgja sig upp og frysta.

299.-



Kjötmarkaður í Bónus 20-40% afsláttur



Holta ferskir kjúklingaleggir
395 kr.kg. MERKT VERÐ 659 KR.KG.



Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr.kg. MERKT VERÐ 399 KR.KG.



Holta fersk hálf-úrþ. kjúklingalæri
635 kr.kg. MERKT VERÐ 1059 KR.KG.



Ali ferskar svínakótilettur
1019 kr.kg. MERKT VERÐ 1698 KR.KG.



Ali ferskar svínahnakkasneiðar
1259 kr.kg. MERKT VERÐ 1798



Ali ferskt svínahakk 30% afsláttur
619 kr.kg. MERKT VERÐ 884 KR.KG.



Óðals ferskar svínakótilettur
998 kr.kg. MERKT VERÐ 1663 KR.KG.



Ali hamborgarhyggur m/beini
1252 kr.kg. MERKT VERÐ 1789



Danskar frosnar svínalundir
1079 kr.kg. MERKT VERÐ 1798 KR.KG.



Frosið lambalæri 20% afsláttur
879 kr.kg. MERKT VERÐ 1098 KR.KG.



Frosið lambafillet 20% afsláttur
2398 kr.kg. MERKT VERÐ 2998 KR.KG.



KF frosnar lambakótilettur í raspi
1199 kr.kg. MERKT VERÐ 1998 KR.KG.

ATH: BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR EFA LÍÐSELDAD VÖÐLUP

BÓNUS BÝÐUR BETUR

LÓKAL

Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík 5.- 9. marz

Í dag

Kl. 15.00
Hér og nú
Borgarleikhúsinu

Kl. 17.00
No Dice
í Sæturni 8 (áður Heimilistæki)

Kl. 22.00
The Talking Tree
Tjarnarbíói



Dagskrá og nánari upplýsingar á www.lokal.is

Húsmæðraorlof Gullbringu- og Kjósarsýslu

Álftanes, Garðabær, Garður, Grindavík,
Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjanesbær,
Sandgerði, Seltjarnarnes, Vogar.

Rétt til þess að sækja um eftirfarandi ferðir, hefur sérhver kona sem veitir, eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf.

Vestmannaeyjar.....6. til 8. júní.
Austurland.....13. til 15. júní
Sviss.....1. til 9. september.
Aðventuferð til Würzburg.....5. til 8. desember.

Eftirtaldir konur veita nánari upplýsingar og taka á móti pöntunum í síma á milli kl. 17:00 og 19:00 á virkum dögum frá 10. til 19. mars.

Svanhvít Jónsdóttir	565 3708
Ína Jónsdóttir	421 2876
Guðrún Eyvindsdóttir	422 7174
Valdís Ólafsdóttir	566 6635
Sigrún Jörundsdóttir	565 6551
Eyrún Antonsdóttir	587 3335

Orlofsnefndin

GUILLERMO DEL TORO
LEIKSTJÓRI **PAN'S LABYRINTH**
KYNNIR

★★★★★

„Þessi svali tryllir skýtur rötum í undirmeðvitundinni og minnir á sig í margar vikur á eftir.“
- Andrew O'Hehir, Salon.com

★★★★★

„Það þarf mikið til að hræða mig í bíó, en Munaðarleysingjahælið, sem er mögnuð draugasaga frá Spáni, tókst það svo um munaði, í bæði skiptin sem ég sá hana.“
- Lou Lumenick, The New York Post

★★★★★

„Virkelega hrollvekjandi og mjög frumleg! Sá ótti sem Munaðarleysingjahælið framkallar er hvorki byggður né tæknibrellum og er mun djúpstæðari en til dæmis afskornir útlímir í hvaða Saw mynd sem er.“
- David Ansen, Newsweek

★★★★★

„Stórkostleg draugasaga.“
- Roger Ebert, Chicago Sun-Times

THE ORPHANAGE

MUNAÐARLEYSINGJAHÆLIÐ | EL ORFANATO
FRUMSÝND 7. MARS Í REGNBOGANUM

KLIPPIHÉRI

1 Ekkert hló

2 Minna af auglýsingum

3 Engin trúlfun

græna ljósið

FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.

www.graenajlosid.is - Skráning í Bláklubb Græna ljóssins margbörgar sig

STUÐ MILLI STRÍÐA Að ætla sér um of

PÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR REYNDI AÐ LAGA MYNDAVÉL MEÐ FLÍSATÖNG



Ég er ein af þeim sem fer inn í fatabúðir og fussa og sveia yfir því hversu dýrar sumar flíkurnar séu nú miðað við saumaskapinn. Og bæti því jafnvel við að ég gæti nú auðveldlega saumað eitthvað í líkingu við þetta og það væri bara ekkert mál. Ég á hins vegar enga saumavél, og þess vegna verður sjaldan eitthvað úr þessum saumaskap mínum. Það hefur þó komið fyrir, og þó ég segi sjálf frá hefur það bara tekist nokkuð vel. Sömu sögu er að segja af þrjónaskapnum, þá sjaldan að ég hef tekið upp þrjónana hafa ágætustu lopapeysur lítið dagsins ljós.

Manni er nefnilega ýmislegt til lista lagt og það er sumt sem maður er bara ansi góður í að gera. Stundum er samt svolítið erfitt að sætta sig við þá staðreynd að það er margt annað sem maður er lélegur í. Ég fyllist til dæmis stundum oftrú á sjálfri mér og held að ég geti eitthvað sem ég ætti bara alls ekkert að geta – og á svo erfitt með að sætta mig við vankunnáttu mína.

Í vikunni bilaði til dæmis myndavélin mín. Þar sem ég hafði áður farið með hana í viðgerð fyrir morðfjár ákvað ég að reyna að laga hana sjálf áður en ég leitaði hjálpar. Hvers vegna mér datt í hug að ég gæti það veit ég ekki. Það er ekki eins og ég hafi nokkra reynslu af því að gera við myndavélar.

Ætlaði bara að skrúfa hana í sundur og sjá hvort ég gæti ekki krukkað eitthvað í henni.

Ég bý hins vegar ekki svo vel að eiga pínulítill skrúfjárn eða aðrar græjur sem þarf til svona framkvæmda svo ég prófaði að nota flísatöng og naglabjól til þess að skrúfa í sundur. Og viti menn, það svinvirkaði á fyrstu skrúfurnar. Svo vandaðist málið og myndavélin hefur legið óhreyfð í mörgum bútum í nokkra daga. Nú er bara spurningin hvort ég geti viðurkennt að hafa ætlað mér um of í þessu tilviki og fari með vélin á viðgerð. Áður en ég játa mig sigraða ætla ég samt að fara í Byko og kaupa mér skrúfjárn. Eða kannski kaupi ég mér bara nýja myndavél.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Fjölbreytt sönglög Jórunnar

Tónskáldið og píanó-leikarinn Jórunn Viðar verður níræð á árinu. Af því tilefni halda Helga Rós Indriáadóttir sópran-söngkona og Guðrún Dalía Salómondóttir píanóleikari söngtónleika í Salnum síðdegis í dag.



SÖNGLÖG JÓRUNNAR FLUTT Guðrún Dalía, Helga Rós og Jórunn saman-komnar í Salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Á efnisskrá tónleikanna eru öll útgefin sönglög Jórunnar ásamt nokkrum þjóðlögum í útsetningum hennar. Tónleikarnir eru því einstakt tækifæri til þess að heyra þennan hluta höfundarverks Jórunnar leikinn í heild. „Það hefur verið afskaplega gaman að setja saman þessa dagskrá þar sem lögin hennar Jórunnar eru sannkallaður fjársjóður, fjölbreytt og ólík innbyrðis. Jórunn er eitt af merkustu tónskáldum þjóðarinnar og því þykir okkur gaman að geta heiðrað hana og hennar starf á þennan hátt,“ segir Helga.

Þær Helga og Guðrún fengu á dögum styrk úr sjóði Hlaðvarpans til þess að vinna að tónleikunum og hafa því getað helgað sig æfingum og undirbúningi á liðnum vikum. „Við höfðum samband við Jórunni eftir að við fengum styrkinn og höfum því unnið að undirbúningnum með henni, sem hefur verið okkur ómetanlegt,“ útskýrir Helga. „Hún er náttúrulega góður og reyndur kennari og það hefur verið ákaflega gefandi að vinna með henni, sjálfu tónskáldinu, að flutningi laga hennar. Samstarfið hefur veitt okkur nýja og dýpri innsýn en ella inn í tónlist hennar og skilning hennar á ljóðunum sem sungin eru. Einnig getum við nú tekið tillit til óska hennar varðandi flutningsatriði eins og styrk, hraða og áslátt.“

Jórunn Viðar er afkastamikil

tónskáld og sannkallaður brautryðjandi í íslensku tónlistarlífi. „Jórunn er merkileg kona sem hefur lifað um margt óvenjulegu lífi,“ segir Helga. „Hún stundaði tónsmíðanám í Berlín og í New York á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar, sem er ekki síst merkilegt þar sem það var sjaldgæft á þessum tíma að konur færu í tónsmíðanám. Hún hefur svo unnið gott og mikið starf til eflingar íslenskrar tónlist og hefur til að mynda átt stóran þátt í því að halda gömlu þjóðlögum okkar á lofti með útsetningum sínum.“

Í kjölfar tónleikahaldsins stefna þær Helga og Guðrún í hljóðver þar sem til stendur að þær taki sönglög Jórunnar Viðar upp á geisladisk.

Tónleikarnir hefjast kl. 16 og miðaverð er kr. 2.000, en 1.600 kr. fyrir öryrkja, eldri borgara og nema.

vigdís@frettabladid.is

Forngripir og skrímslaleikur

Almenningi er boðið að koma með forngripi eða gamla muni í skoðun og greiningu á Þjóðminjasafnið í dag. Heima hjá fólki leynast víða forni eða gamlir gripir. Sumir eiga í fórum sínum erfðagripir eða ættargripir án þess að vita með vissu hve gamlir þeir eru og leikur kannski forvitni á að þekkja á þeim nánari deili.

Þetta geta verið útskornir munir, skart eða hvaðeina það sem gamalt virðist vera. Gripir þurfa alls ekki að vera frá miðöldum til að teljast gamlir og má í því samhengi benda á að grunnsýning Þjóðminjasafnsins spannar öll 1.200 árin í sögu Íslandsbyggðar, frá landnámstíma til 20. aldar.

Sérfræðingar Þjóðminjasafnsins verða á staðnum milli kl. 14 og 16 og munu taka vel á móti öllum. Tekið skal fram að einungis verður reynt að greina muni með tilliti til aldurs, efnis og uppruna en starfsmenn safna meta ekki verðgildi gamalla gripa. Eigendur taka gripina með sér aftur að lokinni skoðun.

Jafnframt verður ýmislegt í boði fyrir börnin á Þjóðminjasafninu í dag. Efnt verður til spennandi



LUMAD Á FORNGRIPUM Fólk fjölmennti á Þjóðminjasafnið þegar boðið var upp á forngripamat í nóvember síðastliðnum.

skrímsladagskrár í samvinnu við Þórbergssmiðju og er börnum boðið í skrímsla- og kynjaveruleik klukkan 12 og 13.30.

- vp



Biblían er alltaf innan seilingar í vinnuherbergi mínu, og oftsinnis gríp ég til hennar í margvíslegum tilgangi. Biblían í íslenskum búningi er samgróin menningu okkar, þróun tungunnar og varðveislu hennar, og leit mannsins að huggun í hörðum heimi. Grimmd hennar getur verið hræðileg – og boðun kærleika og fyrirgefningar undursamleg.

Njörður P. Narðvík

JPL
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Steinarssafn komið út

Heildarútgáfa á verkum Steinars Sigurjónssonar skálds er komin út en á morgun er þess minnst að hann hefði orðið áttæður. Hópur vina og kunningja skáldsins hefur unnið að því um nokkurra ára skeið að ná saman verkum hans og koma þeim út í heildstæðu safni. Á sunnudag kl. 15 verður samkoma á Háskólatorgi til að fagna þessum viðburði.


Það er Magnús Pálsson myndlistarmaður sem hefur haft forgöngu um útgáfuna. Verk Steinars komu út undir ýmsum höfundarnöfnum og eru þau löngu orðin illfánleg í verslunum og jafnvel á bókasöfnum. Nú fagnar Steinarsfélagið þeim árangri, að heildarverk Steinars verða gefin út á áttæðis-afmæli hans.

Útgáfan er um margt sérstök, því ýmsir fremstu myndlistarmenn okkar ásamt erlendum vinum Steinars, gáfu listaverk til að skreyta bókakápur og styðja útgáfuna. Eru kápur bókana 20 því ólíkar. Öskjur um bækurnar eru skreyttar myndverkum eftir Sigurð Guðmundsson og Erró, sem gaf einnig 175 árituð sáldbrykk af kápumyndinni til stuðnings útgáfunni. Að öðru leyti hefur Minningarsjóður Margrétar Björgólfssdóttur fjármagnað útgáfuna. En Menningarsjóður studdi einnig verkefnið. Sögnum Farðu burt skuggi og Blandað í svartan dauðann fylgja hljóddiskar með lestri Karls Guðmundssonar á þeim.

Bókaútgáfan Ormstunga gefur út verkið. Eiríkur Guðmundsson er ritstjóri. Guðmundur Oddur Magnússon annaðist hönnun. Sigurjón Þórbergsson í Letri sá um prentun á texta og Litróf kápuþrengun.

Á útgáfuhátíðinni á morgun verður jafnframt sýning á listaverkunum sem þrýða útgáfuna.

pbb@frettabladid.is



BÓKMENNTIR Steinar Sigurjónsson skáld.

MYND/JÓN KALDAL



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2008

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 14. apríl 2008 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 9. mars 2008

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

www.live.is

Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is

RÁÐSTEFNA

NEYÐAR- OG ÖRYGGISFJARSKIPTI

Ein samhæfingarstöð - samræmt fjarskiptakerfi

Verður haldin á Hótel Loftleiðum föstudaginn 14. mars kl. 9:00 – 16:00

Dagskrá:

09:15	Setning	Björn Bjarnason
09:30	Hvað eru neyðar- og öryggisfjarskipti	Magnús Hauksson
09:45	Staðan í dag: Land	Próstur Brynjólfsson
10:00	Staðan í dag: Loft	Bergþór N. Bergþórsson
10:15	Staðan í dag: Sjór	Gylfi Geirsson
10:30	Kaffihlé	
11:00	Lögreglan	Hjálmar Björgvinsson
11:15	Björgunarsveitir	Daníel Gunnlaugsson
11:30	Smærri slökkvilið	Davíð Rúnar Gunnarsson
11:45	Almannavarnir	Rögnvaldur Ólafsson
12:00	Vegagerðin	Nicolai Jónasson
12:15	Matarhlé	Boðið upp á léttan hádegisverð
13:15	Sjúkraflutningar	Árman Höskuldsson
13:30	Orkufyrirtækin	Guðlaugur Sigurgeirsson
13:45	Slökkviliðin	Kjartan Blöndahl
14:00	Vinnubúðir (workshops)	4 hópar
15:00	Eiginleikar og uppbygging Tetrakerfisins	Próstur Brynjólfsson
15:30	Pallborðsumræður. Lögregla, Landsbjörg, Sjúkra- og slökkviliðsmenn, Tetra.	
16:00	Ráðstefnu lýkur	

Í lok ráðstefnu verður boðið upp á léttar veitingar.

Ráðstefnustjóri: Róbert Marshall

Vinnubúðir (workshops)

Fjarskiptastjórar - Fjölhópar
Eiginleikar kerfisins
Gáttir - Endurvarpar - DMO
Notendabúnaður



Grænka 2008

STÓRTÓNLEIKAR Í CIRKUS Í KAUPMANNAHÖFN Á SUMARDAGINN FYRSTA

Björgvin Halldórsson, ásamt stórhljómsveit sinni og 18 manna strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Konunglegu Óperunnar í Kaupmannahöfn, kemur fram með mörgum af fremstu dægurlagasöngvörum og hljóðfæraleikurum Íslands.

GESTASÖNGVARAR:

Stefán Hilmarsson, Svala Björgvins, Sigga Beinteins, Eyjólfur Kristjánsson, Regina Ósk o.fl. ásamt sérstökum leynigesti.

HLJÓMSVEIT:

Pórir Baldursson, Róbert Þórhallsson, Pórir Úlfarsson, Matthías Stefánsson, Vilhjálmur Guðjónsson, Benedikt Brynleifsson og Tatu Kanomaa.



ICELANDAIR Í SAMSTARFI VIÐ KOBEN.IS KYNNA:

BO & CO Í KÖBEN 24. APRÍL
VERÐ FRÁ 85.300 KR.* Á MANN Í TVÍBÝLI

Tónleikarnir verða undir borðhaldi og síðan verður blásið til stórdansleiks til kl. 2:00 þar sem Björgvin og hljómsveit hans ásamt gestasöngvörum halda uppi stuðinu sem aldrei fyrr. Tilvalinn kostur fyrir hópa og klúbba.

+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

Safnaðu
Vildarpunktum

VISA Punktarir upp í Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting á Hotel Du Nord í 2 nætur og miði á tónleika og dansleik ásamt 3ja rétta kvöldverði (frá kl. 19:30 til 22:00) í Cirkusbyggingun 24. apríl. Hægt er að velja um gistingu á fleiri hótélum í Kaupmannahöfn og í allt að 4 nætur. Í boði eru flugferðir til Kaupmannahafnar 23. eða 24. apríl og frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur 25., 26. eða 27. apríl. Eingöngu bókanlegt á netinu! Takmarkað sætaframbod!

> ANDLIT PENNA

David Beckham er nýtt andlit Sharpie-tússpenna. Fótboltakappinn hefur hingað til verið andlit þekktari merkja, á borð við Emporio Armani og Motorola, en samstarfið er þó ekki svo fjarri lagi. „Mér hefur alltaf fundist gaman að gefa fólki eiginhandarítanir,“ segir kappinn. „Það er frábært að nota Sharpie-penna, svo það er eðlilegt að ég vilji vinna með þeim,“ segir hann.



fólk

folk@frettabladid.is

Rihanna bjargar lífi sjúklings

Söngkonan Rihanna hefur hjálpað til við að bjarga lífi hvítblæðissjúklings.

Eftir að Rihanna heyrði af veikindum tveggja barna móðurinnar Lisu Gershowitz Flynn ákvað söngkonan að hjálpa DKMS, samtökum sem aðstoða sjúklinga við að finna mögulega beinmergs-gjafa, við að finna hæfilegan gjafa fyrir Flynn.

Flynn, sem er fjörtíu og eins árs gamall lögfræðingur og tveggja barna móðir, greindist með krabbamein í blóði og beinmergi í nóvember. Læknar sögðu hana hafa á bilinu fjórar og sex vikur til að finna beinmergs-gjafa. „Þegar ég heyrði af erfiðleikum Lisu brast hjartað í mér. Ég sagði, „ég verð að segja fólki frá Lisu undir eins“,“ sagði Rihanna nýlega í viðtali. Eftir að Rihanna fór að tala um þetta opinberlega höfðu fimm þúsund manns samband við DKMS, sem nú hefur fundið gjafa við hæfi.

„Í dag hefur 32 ára gamall engill fallist á að vera beinmergs-gjafinn minn, þó að hún hafi að öllum líkindum aldrei hitt mig og viti ekkert hver ég er,“ skrifaði Flynn í tölvu-pósti til stuðningsmanna sinna.



HJARTAÐ BRAST Rihanna segir að hjarta hennar hafi brostið þegar hún heyrði af erfiðleikum Lisu Flynn krabbameins-sjúklings. Hún hjálpaði til við að bjarga lífi hennar.

„Lífi mínu verður bjargað vegna þín, fjölskyldu minnar og vina. Börnin mín munu áfram eiga móður sína, eiginmaður minn konuna sína, og foreldrar mínir munu eiga dóttur sína,“ skrifaði hún. „Enska tungumálið býr ekki yfir orðum sem duga til þess að þakka þeim sem bjargar lífi þínu. Haldið áfram að dreifa boðskapnum um hversu mikilvægt það er að fylla skrárnar yfir mögulega beinmergs-gjafa til að bjarga öðrum,“ segir Flynn.

Hæstánægð með nýju brjóstin síni

Destiny's Child-stjarnan Kelly Rowland fór í brjóstastækkunaraðgerð á síðasta ári. „Ég var hundþreytt á því að passa ekki í bolina mína,“ segir Rowland. „Ég fór úr A-skálar í B-skálar. Ég vildi ekki vera með tvöfaldar D-skálar og vera pínulítill í stærð 2 – það hefði litið fáránlega út,“ segir Rowland, sem segist líða vel með breytinguna.

„Ég er svo ánægð. Mér finnst ég heil. Þetta er ákvörðun sem ég tók fyrir sjálfa mig. Ég er ánægð, og það er það eina sem skiptir máli. Ég myndi segja ungu fólki að hugsa sig vel um áður en það gerir eitthvað sem það gæti séð eftir síðar,“ segir hún.



PREYTT Á BOLUM Kelly Rowland lét stækka brjóst síni um eina stærð þar sem hún var hundleif á því að passa ekki í bolina sína.

Steed Lord á safnplötu

Lag hljómsveitarinnar Steed Lord, Dirty Mutha-Dj Mehdi Remix, var nýlega gefið út á safnplötu sem kemur út ókeypis með breska tónlistartímaritinu MixMag.

Telst það mikill heiður fyrir Steed Lord að komast á þessa safnplötu, sem ber heitið Ed Banger-Ménage-à-trois. Er hún hljóðblöndu af þeim Dj Mehdi, Dj Feadz og

Busy P, forstjóra plötuframtækisins Ed Banger. Það fyrirtæki er eitt það virtasta í dansbransanum enda með hljómsveitir á borð við Justice, Uffie og Sebastian á sínum snærum. EP-platan Dirty Mutha verður fánleg innan skamms á netinu. Plata í fullri lengd fylgir svo í kjölfarið ásamt tónleikaferð um Evrópu og Bandaríkin.

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

12 LITIR Á FRÁBÆRU FERMINGARTILBOÐI



INSPIRON™ 1525

INSPIRON 1525 INTEL® CELERON® FARTÖLVA

109.900 kr.

88.273 kr. án VSK

Intel® Celeron® örgjörvi 540, 1,86 GHz
(1MB L2 cache, 533 MHz FSB)
15,4" WXGA+ (1440x900) TrueLife Skjár
1,5GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni
(1x1024MB+1x512MB)
80GB (5.400 rpm) SATA harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
Intel GMA X3100 skjákort með 385MB samnýttu minni
Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél
Microsoft Vista™ Home Basic
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

INSPIRON 1525 INTEL® CORE™2 DUO FARTÖLVA

144.900 kr.

116.386 kr. án VSK

Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7250, 2,0 GHz
(2MB L2 cache, 800 MHz FSB)
15,4" WXGA+ (1440x900) TrueLife Skjár
2GB, 667MHz, Dual Channel DDR2, vinnsluminni
(2x1024MB)
160GB (5.400 rpm) SATA harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
Intel GMA X3100 skjákort með 385MB samnýttu minni
Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél
Microsoft Vista™ Home Premium
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu



HD SKJÁR • MEDIADIRECT • INNBYGGÐ 2,0 MEGAPIXLA VEFMYNDAVEL • WI-FI CATCHER

FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prent-villur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc.



DELL™
YOURS IS HERE

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 //

Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrauvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 //

Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 //

Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 //

Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300



Spænskur hryllingur

The Orphanage segir frá konu einni sem stofnar munaðarleysingjahæli á gamla uppeldisheimili sínu. Þegar sonur hennar hverfur þar sporlaust, grunar hana að um draugagang sé að ræða. Annars ætti sem minnst að uppljóstra um söguþráðinn. Um er að ræða spænska hrollvekju sem framleidd er af Guillermo del Toro, leikstjóra Pan's Labyrinth og fleira. Hún er frumburður leikstjórans Juan Antonio Bayona og ákveðið handbragð del Toro sé óumflýjanlegt.

En það er víst að nýr hæfileikaður er fæddur, því The Orphanage er ómótstæðilegt innlegg í hið þurra hrollvekjulandslag í dag. Í stað ódýrra blóðúthellinga og árasa á skilningarvitin er hér á ferðinni klassísk draugasaga sem leggur áherslu á andrúmsloft og spennumyndun. Hún minnir hvað helst á Nicole Kidman-myndina The Others, en stendur fersk á eigin fótum. Myndin byggir sig hægt upp, en það skilar sér í mörgum hreint óbærilega taugatrekkandi atriðum og raunverulega

sláandi bregðuatriðum. Myndin skartar frábærri myndatöku og mögnuðu gotnesku útliti.

En það kemur meira til en aðeins hryllingur, því The Orphanage tekst einstaklega vel við að samtvinna við það átakanlegt drama, sem er í raun kjarni myndarinnar. Það er sjaldgæft að hrollvekja náí að slá mann líku tilfinningalegu höggi, líkt og raunin varð með enda myndarinnar. Því er mikið til að þakka spænsku leikkonunni Belén Rueda, sem þekkt er fyrir The Sea Inside, en hún fer frábærliga með hlutverk konu sem þjökuð er af missi og sektarkennd og sigur hægt og bitandi í hylðýpi þess.

The Orphanage sker sig því sannarlega úr fjöldanum og er hikaust í hópi bestu hrollvekja sem komið hafa undanfarin ár. Það eru í það minnsta fáar undanfarinn myndir sem hafa fengið hárin til að risa jafn heiftarlega, til jafns við það að segja tilfinningaríka sögu.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is



KVIKMYNDIR

The Orphanage

Leikstjóri: Juan Antonio Bayona. Aðalhlutverk: Belén Rueda.

★★★★

Í hópi bestu hrollvekja sem komið hafa undanfarin ár.

SAMbio.is SAMBÍÓINN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

JACK NICHOLSON MORGAN FREEMAN
NÓTTU LÍFSINS
THE BUCKET LIST

AUGUST RUSH

ÞAD ELSKA ALLIR JUNO!
BESTI VINUR MANNINS

SAMBÍÓ ÁLFABAKKA			
THE BUCKET LIST	DIGITAL	kl. 6 - 8 - 10:10	7
AUGUST RUSH		kl. 5:30 - 8	7
DARK FLOORS		kl. 10:30	14
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL.	kl. 2 - 4 - 6	L
NO COUNTRY FOR OLD MEN		kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
NO COUNTRY FOR OLD MEN		kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
THERE WILL BE BLOOD		kl. 10:30	16
THERE WILL BE BLOOD		kl. 2	VIP
STEP UP 2		kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	7
P.S. I LOVE YOU		kl. 8	L
MR. MAGORIUMS...		kl. 2 - 4	L
BÝFLUGUMYNDIN	M/ISL. TAL.	kl. 1:30 - 3:30	L

SAMBÍÓ SELFOSS			
27 DRESSES		kl. 8	L
ATONEMENT		kl. 8	12
SWEENEY TODD		kl. 10:10	16
DEATH AT A FUNERAL		kl. 6 - 10:40	7
STEP UP 2		kl. 6	7
BRÚDGUMINN	síðasta sýn.	kl. 4	7
ÁSTRÍKUR	M/ISL. TAL.	kl. 1:30	L
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL.	kl. 2 - 4	L

SAMBÍÓ AKUREYRI			
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL.	kl. 2 - 4	L
STEP UP 2		kl. 4 - 6	7
THE BUCKET LIST		kl. 8 - 10	7
MR. MAGORIUMS...		kl. 2	L
JUNO		kl. 6 - 8	7
DARK FLOORS		kl. 10	16

SAMBÍÓ KEFLAVÍK			
THE BUCKET LIST		kl. 8 - 10:10	L
THERE WILL BE BLOOD		kl. 10:20	16
UNDERDOG	M/ISL. TALI	kl. 2 - 4 - 6	L
MR. MAGORIUMS...		kl. 2 - 4 - 6	L
27 DRESSES		kl. 8	L

SAMBÍÓ KRINGLUNNI

THE BUCKET LIST		kl. 6:10 - 8:20 - 10:30	7
JUNO		kl. 4 - 6 - 8 - 10:10	7
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL.	kl. 2:10 - 4:10 - 6:10	L
STEP UP 2		kl. 2 - 4 - 8:20 - 10:30	7
TÖFRAPRINSESSAN	ISL. TAL.	kl. 2	L

SparBíó 450kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINGUGULU

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SEMI-PRO 20% afsláttur fyrir Vorúfélaga

THE KITE RUNNER FLUGDREKAHLAUPARINN

RAMBO ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

BÍÓ	LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR
SEMI-PRO	kl. 2, 4, 6, 8 og 10
FLUGDREKAHLAUPARINN	kl. 5.30, 8 og 10.20
RAMBO	kl. 6.15, 8 og 10
ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM	kl. 1.45 og 4 ISL. TAL.
ALVIN OG IKORNARNIR	kl. 2 ISL. TAL.

NÝTT Í BÍÓ!

SEMI-PRO

FAN'S LABYRINTH

AUGUST RUSH

Hugljúf og í allan stað frábær mynd um drauma og hvernig þeir ræstast ef maður bara vill trúa því.

27 Dresses

JUNO

THE KITE RUNNER

THE BUCKET LIST

ATONEMENT

JUMPER

BRÚDGUMINN

ALVIN & IKORNARNIR

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000 5%

REGNBÖGINN Sími 551 9000 450 kr. í bíó!

SEMI PRO	kl. 1:30-3:40-5:50-8-10-10:10	12
SEMI PRO LÚXUS	kl. 1:30-3:40-5:50-8-10-10:10	12
BE KIND REWIND	kl. 3:30-5:45-8-10-15	
27 DRESSES	kl. 8-10:30	
ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM	kl. 1-3:30 ISL. TAL.	
JUMPER	kl. 6-10:10	7
BRÚDGUMINN	kl. 1:30-3:40-5:50-8	12
ALVIN & IKORNARNIR	kl. 1:30 ISL. TAL.	

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919 450 kr. í bíó!

SEMI PRO	kl. 4-6-8-10	12
THE KITE RUNNER	kl. 3-6-9	12
THERE WILL BE BLOOD	kl. 8	16
INTO THE WILD	kl. 10:10	7
ATONEMENT	kl. 3-5:30	14
BRÚDGUMINN	kl. 3:40-5:50-8	7

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500 450 kr. í bíó!

SEMI PRO	kl. 4-6-8-10	12
THE KITE RUNNER	kl. 8	12
BE KIND REWIND	kl. 10:10	
BRÚDGUMINN	kl. 6	7
ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM	kl. 3:50 ISL. TAL.	

AUKAKRÖNUR FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

Segja bless á NASA

Hljómsveitin For a Minor Reflection hefur verið að skapa sér nafn í reykvísku rokkseinni undanfarir fyrir seigfljótandi tilraunarrokk sem knúð er áfram af gítarspili. Sveitin er skipuð fjórum strákum á nítjándra ári og hefur hún starfað í þessari mynd í ríflega eitt ár. Strákarnir eru ekkert að tvínóna við hlutina, gerðu plötu í fyrra og eru á leiðinni í sinn fyrsta Ameríkatúr fyrir páska. Bandið spilar á tíu stöðum á ellefu dögum, í sjö borgum á austurströnd Bandaríkjanna og í Montréal, Ottawa og Toronto í Kanada. Með þeim í för verða sveitirnar Northern Valentine í Bandaríkjunum og Holoscene í Kanada. Samböndin komust á eftir tónleika sveitarinnar á síðustu Airwaves-hátíð.

Þótt For a Minor Reflection ætli ekki að dvelja langdvölum erlendis langar strákana að kveðja landann með pomp og prakt. Því halda þeir kveðjutónleika í kvöld á NASA við Austurvöll. Ásamt For a Minor Reflection koma fram Ólafur



SEIGFLJÓTANDI TILRAUNAROKK For a Minor Reflection spila á Airwaves.

Arnalds, Shadow Parade og Hraun. DJ Hero's Trial þeytir svo skífum á milli atriða. Húsið opnar kl. 20 og hefjast herlegheitin klukkutíma síðar. Miðaverð er þúsund kall.

Moon Safari endurútfegin

Fyrsta plata franska dúettsins Air, Moon Safari, verður endurútfegin í viðhafnarútgáfu á næstunni í tilefni af tíu ára afmæli hennar. Með plötunni fylgir DVD-

myndskur með öllum myndböndum sem voru gerð í tengslum við plötuna. Einnig er á honum klukkutíma heimildarmynd um fyrstu tónleikaferð Air. Annar diskur hefur að geyma endurhljóðblandaðar útgáfur, útvarpsupptökur og prufuupptökur sem hafa aldrei heyrst áður.

Air, sem spilaði í Laugardalshöll á síðasta ári, er á leiðinni í tónleikaferð um Ástralíu þar sem hún spilar meðal annars á V-hátíðinni.



AIR Hljómsveitin Air endurútfegur plötuna Moon Safari á næstunni.

8. mars

SparBíó 450kr

Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

UNDRAHUNDURINN ER BESTI VINUR MANNINS	ISL. TAL.	kl. 2 í ÁLFABAKKA, KRINGLUNNI, SELFOSSI OG Á AKUREYRI
TÖFRABÓDIN	ENSKT TAL.	kl. 2 í ÁLFAB OG Á AKUREYRI
TÖFRAPRINSESSAN	M/ISL. TALI	kl. 2 í KRINGLUNNI
BÝFLUGUMYNDIN	M/ISL. TALI	kl. 1:30 í ÁLFABAKKA
STEP UP 2	KL. 1:30 í ÁLFABAKKA OG KL. 2 í KRINGLUNNI	

450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBÖGINN 450 kr.

kl. 3 í Háskólabíó kl. 3 í Háskólabíó kl. 4 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

SEMI-PRO ATH. SÝND KL. 2

ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM ATH. SÝND KL. 1.45

ALVIN IKORNARNIR SÝND MED ISLENSKU TALI ATH. SÝND KL. 2

LAUGARÁS BÍÓ 450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Kommúnan á Stóra sviðið

Vegna gríðarlegrar aðsóknar hefur sýningin Kommúnan nú verið færð á Stóra svið Borgarleikhússins. Ert þú búinn að tryggja þér miða? Ekki bíða með það, því Kommúnan verður einungis sýnd út mars á Íslandi. Í byrjun apríl heldur leikhópurinn til Mexíkó.

Örfáar
sýningar eftir.
Ekki missa
af þessari.

"...þetta er sýning
sem sendir mann
brosandi út í nóttina – og
það er heilmikils virði."

Arndís Þórarinsdóttir
24 Stundir

"...þeir eiga gott sem fá að
sjá hana, og ástæður til þess
eru margar. Uppsetningin er afar
skemmtileg ..."
"Svo er náttúrulega bara tóm sæla að
horfa á þessa leikara brilla á
sviðinu ..."

Silja Aðalsteinsdóttir
TMM

Kommúnan

ELENA ANAYA



ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON



GAEL GARCIA BERNAL



RÚNAR FREYR GÍSLASON



SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR



ATLI RAFN SIGURÐARSON



NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR



ÁRNI PÉTUR GUÐJÓNSSON

Mán. 10. mar. Uppselt
Þri. 11. mar. Uppselt
Mið. 12. mar. Uppselt
Fim. 13. mar. Uppselt
Fös. 14. mar. Uppselt
Lau. 15. mar. Uppselt
Sun. 16. mar. Uppselt
Mán. 17. mar. Örfá sæti laus
Þri. 18. mar. Örfá sæti laus
Fim. 20. mar. Stóra svið
Lau. 22. mar. Stóra svið
Fim. 27. mar. Stóra svið
Fös. 28. mar. Stóra svið

Kommúnan er grátbrosleg kómedía
sem skartar frábærum leikurum.
Unnið upp úr kvikmyndinni
Tillsammans eftir Lucas Moodysson

LEIKSTJÓRN OG LEIKGERÐ Gísli Örn Garðarson LEIKMYND Börkur Jónsson
www.myspace.com/togethertheplay www.vesturport.com



BORGARLEIKHÚSIÐ

> Meistaradeildardraumur GOG er úti

Snorri Steinn Guðjónsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson og félagar í danska liðinu GOG eiga ekki lengur möguleika á að komast í undanúrslit Meistaradeildarinnar eftir 24-29 tap fyrir Barcelona á Spáni í gær. Barcelona tryggði sér sigur í riðlinum með þessum sigri. GOG, sem vann heimaleikinn 35-33, hélt í við Börsunga framan af leik og staðan var 10-10 eftir 19 mínútur. Þá tóku Börsungar öll völd í leiknum og náðu níu marka forystu þegar sex mínútur voru til leiksloka, 27-18. Börsungar eru á toppi riðilsins með tveggja stiga forystu á GOG og betri árangur í innbyrðis viðureignum þegar aðeins ein umferð er eftir. Ásgeir Örn skoraði tvö mörk en Snorri Steinn komst ekki á blað.

sport
sport@frettabla-



SARA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR: SKORAÐI Í FYRSTA BYRJUNARLIÐSLEIKNUM MEÐ A-LANDSLIÐINU

Verð vonandi í byrjunarliðinu í næsta leik líka

Sara Björk Gunnarsdóttir er að stíga sín fyrstu skref með kvennalandsliðinu í knattspyrnu en hún skoraði eitt mark á Íslands í 4-1 sigri á Írum, en þar fékk hún að byrja inn á fyrsta skipti með A-landsliðinu.

„Við áttum mjög góðan fyrri hálfleik og vorum miklu betra lið. Ég var mjög ánægð með að fá tækifæri til þess að sýna mig. Ég veit ekki hvort ég fæ að vera í byrjunarliðinu á móti Portúgal en ég vona það. Mér finnst ég hafa staðið mig nógu vel til þess að vera í liðinu,“ segir Sara Björk sem spilaði framarlega á miðjunni í sínum fyrsta leik.

„Síggi Raggi þjálfari sagði mér að halda mér þarna frammi og reyna að vinna boltann,“ segir Sara og það gekk upp þegar hún skoraði sitt fyrsta mark eftir 18 mínútur og kom Íslandi í 3-0. „Ég setti pressu á aftasta mann og náði af honum boltanum og setti hann síðan í hornið hjá markverðinum. Það var fínt að skora,“ segir Sara.

Sara er aðeins 17 ára gömul og spilar



með Haukum í 1. deildinni. Hún er eini leikmaður liðsins sem er ekki í efstu deild. „Það er mikill munur á því að spila með A-landsliðinu eða í 1. deildinni en það er bara gaman að því. Það er ekkert smá flott að fá að spila með þessum stelpum. Þær eru búnar að hjálpa mér og styðja við bakíð á mér,“ segir Sara sem er ekkert á leiðinni í Landsbankadeildina í sumar. „Ég verð áfram með Haukum í sumar. Ég vil meina að ég fái alveg jafn mörg tækifæri þótt ég sé að spila í 1. deildinni. Ég er búin að ná þessum árangri með liðinu mínu og markmiðið er bara að koma Haukunum upp í efstu deild,“ segir Sara en íslenska kvennalandsliðið skellti sér í bæinn í gær. „Við vorum á æfingu, erum nýbúnar að borða og nú erum við bara að fara í bæjarferð. Ætlum að reyna að versla eitthvað,“ segir Sara í léttum tón. „Það er mjög gaman hérna úti og frábært að fá að vera með þessum stelpum. Við erum líka með rosa sterkt lið og ætlum að taka næsta leik á móti Portúgal,“ sagði Sara Björk að lokum.

Stóru liðin bæði slegin út

Bæði Englandsmeistarar Manchester United og bikarmeistarar Chelsea féllu út í átta liða úrslitum ensku bikarkeppninnar í gær. Hermann Hreiðarsson er fyrir vikið kominn í undanúrslitin enska bikarsins í fyrsta sinn á ferlinum.

FÓTBOLTI Það urðu heldur betur óvænt úrslit í átta liða úrslitum ensku bikarkeppninnar í gær þegar tvö stærstu liðin sem eftir voru í keppninni, Englandsmeistarar Manchester United og bikarmeistarar Chelsea, þurftu bæði að sætta sig við 0-1 tap eftir að hafa klúðrað fjöldanum öllum af dauðafærum. 8. mars 2008 verður fyrir vikið örugglega minnst sem eins sögulegasta dagsins í 136 ára sögu ensku bikarkeppninnar.

Hermann Hreiðarsson átti mjög góðan leik í 1-0 sigri Portsmouth á Manchester United og vann ekki bara United í fyrsta sinn heldur er einnig í fyrsta sinn komið í undanúrslit ensku bikarkeppninnar.

Dómari leiksins var í sviðsljósinu, dæmdi ekki vítaspyrnu þegar brotið var á Ronaldo í fyrri hálfleik en dæmdi síðan vítaspyrnu á ensku meistarana og rak varmarkvörð Manchester United, Tomasz Kuszczak, út af tólf mínútum fyrir leikslok. Ghana-maðurinn Sulley Muntari skoraði sigurmarkið úr spyrnunni en í markinu stóð Rio Ferdinand þar sem Edwin van der Sar hafði farið út af meiddur í hálfleik. Það að Rio skildi klára leikinn var aðeins til þess að auk enn við dramatíkuna.

„Við gátum ekki verið óheppnari með drátt en þetta var frábær frammistaða og frábær úrslit. Við höfðum heppnina með okkur en United er stórkostlegt lið og við unnum fyrir heppninni,“ sagði Harry Redknapp, stjóri Portsmouth eftir leikinn.

„Úrslit leiksins réðust þegar dómari leiksins dæmdi okkur ekki vítaspyrnu í fyrri hálfleik. Þeir trúðu á að þeir gætu klárað þetta enda með dómarninn með sér í liði,“ sagði harðorður stjóri



ÚRSLITIN RÁÐAST Hermann Hreiðarsson horfir hér á þegar Milan Baros fiskar vítið og rauða spjaldið á Tomasz Kuszczak.

United, Alex Ferguson, í leikslok.

Sóknarmenn United sofnuðu örugglega seint í nótt enda er löng upptalning á þeim dauðu færum sem fóru forgöðrum í þessum frábæra bikarleik. Hermann og félagar börðust fyrir lífi sínu og unnu ótrúlegan sigur, þann fyrsta á Old Trafford síðan 1957.

Barnsley endurtók leikinn

Kayode Odejayi tryggði Barnsley 1-0 sigur á heimavelli gegn Chelsea en markíð skoraði hann með skalla á 66. mínútu leiksins.

Þetta er í fyrsta sinn síðan 1912 að þetta litla félag úr Jörvíkuskíri er komið alla leið í undanúrslit bikaransins. Fyrstu deildarlið Barnsley er með þessu búið að slá úr bikarkeppninni tvö af fjórum efstu liðum ensku úrvalsdeildarinnar, því liðið

sló Liverpool út í umferðinni á undan.

„Ég er í hæstu hæðum og trúí þessu varla. Þegar við fórum á Anfield og slógum Liverpool út þá trúði því enginn að við gætum þetta aftur,“ sagði Simon Davey stjóri Barnsley.

„Mínir menn voru frábærir og ég, eins og margir leikmenn, er á leiðinni á Wembley í fyrsta sinn,“ bætti hann við.

Chelsea er þar með búið að missa af tveimur bikurum á tveimur vikum en liðið tapaði úrslitaleik deildarbikarsins á dögnum. „Ég er rosalega, rosalega vonsvikinn en Barnsley á heiður skilinn. Þeir sýndu mikinn baráttuanda og eiga hrós skilið fyrir að slá bæði Liverpool og okkur út,“ sagði Avram Grant, stjóri Chelsea eftir leik.

ooj@frettabladid.is

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska bikarkeppnin:

Man. United-Portsmouth	0-1
0-1 Sulley Ali Muntari, víti (78.)	
Barnsley-Chelsea	1-0
1-0 Kayode Odejayi (66.)	

Seinni tveir leikirnir fara fram í dag. Middlesbrough og Cardiff mætast klukkan 13.00 og Bristol Rovers tekur síðan á móti West Brom klukkan 18.00.

Enska úrvalsdeildin:

Blackburn-Fulham	1-1
1-0 Morten Gamst Pedersen (60.), 1-1 Jimmy Bullard (89.)	
Liverpool-Newcastle	3-0
1-0 Jermaine Pennant (43.), 2-0 Fernando Torres (45.), 3-0 Steven Gerrard (51.)	
Reading-Man. City	2-0
1-0 Shane Long (62.), 2-0 Dave Kitson (88.)	

STAÐA EFSTU LIÐA:

Lið	Stiga	19	8	1	57-21	65
Arsenal	28	19	8	1	57-21	65
Man. United	28	20	4	4	58-15	64
Chelsea	27	17	7	3	42-17	58
Liverpool	29	15	11	3	53-20	56
Everton	28	16	5	7	46-24	53
Aston Villa	28	13	9	6	51-36	48
Blackburn	29	12	10	7	38-35	46
Man. City	29	12	9	8	34-33	45
Portsmouth	28	12	8	8	38-29	44
West Ham	28	11	7	10	31-31	40
Tottenham	27	8	11	49-45	32	
Middlesbrough	28	7	8	13	25-42	29
Reading	29	8	4	17	34-55	28
Newcastle	29	7	7	15	30-56	28

Iceland Express kvenna:

Grindavík-KR	80-68 (32-36)
Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 40 (14 frák.), Joanna Skiba 24, Petrunella Skúladóttir 5, Ólöf Pálsdóttir 3, Jovana Stefánsdóttir 3, Lilja Sig marsd. 2, Íris Sverrisd. 2, Ingibjörg Jakobsdóttir 1.	
Stig KR: Candace Futrell 33 (13 frák.), Hildur Sigurðardóttir 15 (11 frák., 6 stolnir, 5 stoðs.), Sigrún Ámundadóttir 14 (15 frák.), Helga Einarssdóttir 2, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 2, Guðrún Ósk Ámundadóttir 2.	
Valur-Fjölnir	81-59 (40-40)
Stig Vals: Molly Peterman 37 (15 frák., 5 stoðs.), Sigrún Hermannsdóttir 15 (10 frák., 8 varin, 6 stoðs.), Tinna Björk Sigmundsdóttir 9 (7 stoðs.), Hanna Björg Kjartansdóttir 7, Guðrún Baldursdóttir 6, Hafdis Helgadóttir 4, Berglind Ingvarsdóttir 3.	
Stig Fjölnis: Slavica Dimovska 28 (6 frák., 6 stoðs.), Bina Eiríksdóttir 10, Gréta María Grétars dóttir 6 (12 frák.), Eva María Eimilsdóttir 6, Efemía Sigurbjörnsdóttir 6, Edda Gunnarsdóttir 2, Hrunn Jóhannsdóttir 1.	



Á SKOTSKÓNUM Fernando Torres og Steven Gerrard fagna marki í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin í gær:

Liverpool enn á sigurbraut

FÓTBOLTI Liverpool, náði þriggja stiga forskot á Everton í baráttunni um 4. sætið og sæti í Meistaradeildinni á næsta tímabili, þegar liðið vann 3-0 sigur á Newcastle á Anfield í gær.

Jermaine Pennant skoraði fyrsta markið eftir klaufaleg varnarmistök varnarmanna Newcastle og þeir Fernando Torres og Steven Gerrard lögðu síðan upp mark fyrir hvorn annan.

Newcastle hefur ekki unnið síðan í desember og það hafa aðeins komið tvö stig í hús í þeim sjö leikjum sem liði hefur spilað síðan að Kevin Keegan tók við.

Everton fær tækifæri til að ná Liverpool að stigum þegar liðið sækir Sunderland heim í dag. - 66j

Nálastungur Íslands ehf.

Ríkharður Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine

Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180

Berlín og Varsjá

20.-28. maí

Fararstjóri: Óttar Guðmundsson

Verð á mann í tvíbýli

98.700 kr.

Innifalið: Flug til Berlínar og frá Varsjá með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði, akstur á milli Berlínar og Varsjár og íslensk fararstjórn.

Hin óviðjafnanlega París

5.-8. júní

Fararstjóri: Halldór Laxness

Verð á mann í tvíbýli

65.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði og íslensk fararstjórn.

Nánar á expressferðir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Tólf stiga sigur dugði ekki Grindavík í lokaumferð Iceland Express-deildar kvenna:

KR-liðið hékk á öðru sætinu

KÖRFUBOLTI Tólf stiga sigur dugði ekki bikarmeisturum Grindavíkur til þess að taka annað sætið af KR í lokaumferð Iceland Express-deildar kvenna í gær.

Grindavík þurfti að vinna með sextán stigum til þess að fá heimavallarrétt gegn KR í fyrstu umferð úrslitakeppninnar og var komið mest fimmtán stigum yfir, 80-65, í dramatískum lokakafla leiksins. KR-konur skoruðu hins vegar þrjú síðustu stig leiksins á vítalínunni og sluppu naumlega með aðeins tólf stiga tap, 80-68.

Igor Beljanski tók tvö leikhla á síðustu mínútnu til að setja upp sókn sem kæmi Grindavík upp í 16 stiga forystu en í bæði skiptin náði KR-vörnin að stöðva Grindavíkurlíðið. Það var síðan Hildur Sigurðardóttir, fyrirlíði KR-liðsins, sem stal boltanum af



40 STIG Tiffany Roberson sækir að körfu KR-liðsins í gær.

VIKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN


Grindavík í blálokin og kom í veg fyrir að Grindavík fengi síðasta skotið í leiknum.

KR byrjaði vel og var 19-12 yfir eftir fyrsta leikhuta og 36-32 yfir í hálfleik.

Tiffany Roberson var með 40 stig fyrir Grindavík og 14 fráköst en hún var geysisflug í seinni hálfleik eftir rólegan fyrri hálfleik. Joanna Skiba var með 24 stig og fimm stoðsendingar.

Hjá KR var Candace Futrell stíghæst með 33 stig auk þrettán frákasta, Hildur Sigurðardóttir var með 15 stig og ellefu fráköst og Sigrún Ámundadóttir skoraði 14 stig og tók 15 fráköst.

Úrslitakeppnin hefst um næstu helgi og þar mætast Keflavík og Haukar og KR og Grindavík þar sem fyrrnefndu liðin eru með heimavallarréttinn. - 66j



NÝHEIMAR

Nýheimar eru þekkingarmiðstöð á Hornafirði sem hóf starfsemi árið 2002 www.nyheimar.is.

Í Nýheimum eru meðal annars framhaldsskóli, bókasafn, skjalasafn, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Háskólasetur, Matís, Þekkingarnet Austurlands, Frumkvöðlasetur og búnaðarsamband svæðisins. Alls eru yfir 40 manns starfandi í Nýheimum. Kjörorð Nýheima er.

Nýheimar:
Vettvangur skapandi samvinnu.

Sérfræðingur í vöruþróun Starfsstöð á Höfn

Starfssvið:

Vinna að eflingu matarferðamennsku á landsvísi með áherslu á Suðausturland auk annarra vöruþróunarverkefna.

Í starfinu felst m.a.

- Próa hugmyndir að staðbundinni matvöru.
- Vinna með samstarfsaðilum í matarferðamennsku á Suðausturlandi.
- Efla verkefni í tengslum við atvinnulíf á svæðinu.
- Hönnun og þróun á vinnsluferlum.

Hæfniskröfur

Háskólamenntun á tengdum sviðum, svo sem matvælafræði, verkfræði, líffræði eða sjávarútvegsfræði. Reynsla að vöruþróun er kostur. Æskilegt er að viðkomandi starfsmaður verði búsettur á Suðausturlandi. Nánar um matarferðamennsku á www.matis.is/matarferdamennska

Umsóknarfrestur er til 25. mars 2008

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg S. Sigurðardóttir í síma 422 5000.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, skal senda til: Matís ehf. Borgartún 2, 105 Reykjavík eða til: ingibjorg.s.sigurdardottir@matis.is

Matís er matvælarannsóknafyrirtæki sem starfar á þremur sviðum: vinnslu og vöruþróun, líftækni (Prokaria) og matvælaöryggi. Hjá Matís starfa tæpleg 100 manns á sjö stöðum á landinu.

Framhaldsskólakennarar

Kennara vantar í stærðfræði, náttúrufræði, raungeinar, ensku, spænsku, sérkennslu og í ýmis verkefni svo sem umsjón með félaglífi nemenda og sjálfsmat. Nánari upplýsingar á starfatorg.is

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

FAS er um 250 nemenda skóli og þar af er um helmingur fjarnemendur en um 100 sækja skólann reglulega. Skólinn er skipulagður út frá vinnu nemenda og lögð er áhersla á verkefnavinnu í tengslum við umhverfið, hópvinna, erlent samstarf og frumkvöðlanám. FAS er í nánu samstarfi við aðra framhaldsskóla á Austurlandi og við þá sem eru Nýheimum.

Kjörorð skólans eru:

Nám er vinna og félagslegt ferli. Skólinn þjónar þér

www.fas.is, sími 470 8070.
Netfang skolameistari@fas.is

Verkefnisstjóri umhverfis- og ferðamála

Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði (www.hi.is/page/Haskolasetur_Hornafirdi) leitar eftir sérfræðingi til að annast rannsóknir og verkefnastjórnun á sviði umhverfis- og ferðamála. Verkefni snúa m.a. að rannsóknum á umhverfis- og samfélagslegum áhrifum af stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, aðstoð við gerð verndaráætlana fyrir þjóðgarðinn, þróun námskeiða og kennsluefnis vegna umhverfismenntar, og ráðgjöf við uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu á Suðausturlandi.

Hæfniskröfur

Leitað er að einstaklingi sem lokið hefur háskólaprófi í greinum sem nýtast í starfi s.s. í umhverfisfræði, ferðamálafræði, landfræði, líffræði eða jarðfræði. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi sérfræðingur geti hafið störf sem fyrst. Sjá nánar á www.starfatorg.is.

Umsóknir

Umsóknarfrestur er til 25. mars 2008. Umsóknum skal skila til starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Aðalbyggingu við Suðurgötu, 101 RVK, eða á netfangið: starfsumsoknir@hi.is. Upplýsingar veitir Þorvarður Árnason, forstöðumaður fræðasetursins (470-8040, 895-9003, thorvarn@hi.is).

Leikskólinn Lönguhólar

Auglýst er eftir deildarstjóra og leikskólakennara á deild. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 478-1315 og 697-7234.

Leikskólinn Lönguhólar, sem er í þróunarvinnu sem útiskóli, er þriggja deilda og þar stunda nám 69 börn á aldrinum 1 – 5 (6) ára. Sjá nánar um skólann á www.leikskolinn.is/longuholar.

Í boði er flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga.

Leikskólinn Krakkakot

Auglýst er eftir leikskólakennara á deild.

Nánari upplýsingar veitir Snæfríður í síma 478-2280 og 820-9619.

Leikskólinn Krakkakot, sem er í þróunarvinnu sem heilsuleikskóli, er þriggja deilda og þar stunda nám 52 börn á aldrinum 1 – 5 (6) ára. Sjá nánar um skólann á www.leikskolinn.is/krakkakot.

Í boði er flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga.

Grunnskóli Hornafjarðar

Umsjónakennara vantar á mið- og unglíngastigi. Kennslugreinar eru almenn kennsla á miðstigi, heimilisfræði og náttúruvísindi á unglíngastigi. Upplýsingar veitir Þórgunnur í síma 470 8400 / 899-5609.

Í byrjun yfirstandandi skólaárs tók Grunnskóli Hornafjarðar við af þremur rótgrónum skólum, Nesjaskóla, Hafnarskóla og Heppuskóla. Frá því 1996 höfðu þessir skólar verið aldursskiptir og algerlega sjálfstæðar stofnanir. Sjá nánar á um skólann <http://hornafjordur.is/grunnskoli>.

Í boði er flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga.

Heilbrigðisstofnun Suðausturlands

Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur óskast á hjúkrunar- og sjúkradeild Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands. Um er að ræða fastar stöður og sumarafleysingar.

Hjúkrunar- og sjúkradeild HSSA er 28 rúma deild sem skiptist í 24 langlegurými og 4 sjúkrarými fyrir t.d. bráðainnlagnir og sængurkonur.

Unnið er á tvískiptum vöktum, morgun- og kvöldvöktum, með bakvakt um nætur. Starfið er fjölbreytt þar sem sjúklingahópurinn er mjög breiður og áhugaverður.

Læknar

Heimilislæknar óskast á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands á Höfn.

Heilbrigðisstofnunin sinnir Austur Skaftafellssýslu, sem nær frá Örafum í vestri til Hvalness í austri.

Við leitum að áhugasömum lækni sem er tilbúinn að takast á við ný og spennandi verkefni.

Mjög góð laun í boði, góður starfsandi, flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Júlía Jónsdóttir í sínum 478-1400 og 866-3051.

Hornafjörður nær allt frá Skeiðarásandi í vestri að Hvalnesskriðum í austri. Íbúar eru ríflega 2100, þar af búa í þéttbýlinu á Höfn um 1700 manns.

Skaftafellsk náttúra á engan sinn líka á Íslandi. Sérstaðan felst einkum í miklum andstæðum. Yfir gnæfir Vatnajökull með sínum hvössu og tignarlegu fjöllum, undir hvílir láglandi sem teygir sig til hafs.

Félagslíf er hér blómlegt: íþróttafélög, leikkúlbúur, kórar, félagsmiðstöð fyrir unglínga, slysavarnadeildir, ýmsir klúbbar o.fl. Starfrækt er nýleg líkamsræktarstöð, íþróttahús, sundlaug og ný laug í byggingu, mjög góður golfvöllur og fyrirhuguð er bygging knattspyrnuhúss. Þá er nýbygður keppnisvöllur fyrir frjálsar íþróttir

og knattspyrnu. Þrjú veitinga- og skemmtistaðir eru starfræktir á Höfn. Haldin er sérstök humarhátíð á hverju sumri og í mars ár hvert er tónlistarveislan Norðurljósablús.

Höfn er sjávarpláss sem gengið hefur í gegnum verulegar breytingar. Sjávarútvegurinn er undirstöðuáttvinnuvegur en tæknibylting í greininni hefur leitt til færri og sérhæfðari starfa. Fjölbreytni í atvinnulífi er tölverð miðað við stærð samfélagsins. Hér er öflug og vaxandi ferðaþjónusta og þjónusta við íbúana fjölbreytt og góð. Nýsköpun og frumkvöðlastarf setur mark sitt á samfélagið, einkum í samvinnu við stofnanir í Nýheimum.

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta

HK-ÍBV 35-27 (16-11)
Mörk HK: Ragnar Hjaltested 6, Ólafur Bjarki Ragnarsson 5, Tomas Etutis 5, Gunnar Steinn Jónsson 5/4, Augustas Strazdas 4, Sigurgeir Árni Ægisson 4, Brynjar Valsteinnsson 3, Bjarki Gunnarsson 1, Árni Björn Þórarinnsson 1, Brynjar Hreggviðsson 1.
Varin skot: Egíðijus Petkevicius 11, Björn Ingi Friðbjósson 7.
Mörk ÍBV: Sigurður Bragason 8/2, Sergiv Trot senko 6, Brynjar Óskarsson 3, Zilvinas Grietze 3, Leifur Jóhannesson 3, Nikolav Kulikov 2, Grétar Þór Eyþórsson 2. **Varin:** Kolbeinn Arnarson 15. Haukar – Stjarnan 32-28 (13-11)
Mörk Hauka: Sigurbergur Sveinsson 11/1 (19/1), Freyr Brynjarsson 6 (9), Kári Kristján Kristjánsson 5 (6), Elías Már Halldórsson 3 (5), Andri Stefan 3 (6), Gísli Jón Þórisson 1 (1), Gunnar Berg Viktors son 1 (1), Jón Karl Björnsson 1/1 (1/1), Halldór Ingólfsson 1/1 (3/2), Arnar Jón Agnarsson (2)
Varin skot: Magnús Sigmundsson 15/1 (36/6 41,7%), Gísli Guðmundsson 5 (12/2 41,7%)
Hraðauppflaup: 11 (Sigurbergur 5, Freyr 2, Elías, Andri, Kári, Gunnar). **Fiskuð víti:** 4 (Kári 3, Freyr)
Mörk Stjörnunnar: Vilhjálmur Halldórsson 9/1 (14/2), Kristján Svan Kristjánsson 4 (5), Ólafur Viðir Ólafsson 4/4 (8/4), Björgvin Hólmgeirsson 4 (14), Heimir Örn Árnason 3/2 (4/2), Volodymyr Kysil 2 (3), Guðmundur Guðmundsson 1 (1), Patrekur Jóhannesson 1 (3), Björn Friðriksson (1), Ragnar Helgason (3)
Varin skot: Hlynur Morthens 9 (27/1 33,3%), Roland Valur Eradze 7/1 (21/3 33,3%)
Hraðauppflaup: 5 (Björgvin 2, Kristján, Vilhjálmur, Guðmundur)
Fiskuð víti: 8 (Kristján 2, Björgvin 2, Ólafur, Kysil, Patrekur, Björn).
 Valur-Akureyri 37-29 (20-13)
Mörk Vals (skot): Baldvin Þorsteinsson 11/4 (13/4), Hjalti Pálmason 6 (8), Ingvar Árnason 5 (5), Elvar Friðriksson 4 (8), Arnór Gunnarsson 4 (7), Ernir Arnarsson 4 (7), Sigfús Sigfússon 2 (4), Fannar Friðgeirsson 1 (4)
Varin Skot: Ólafur H. Gíslason 11 (25, 44%), Pálmar Pétursson 8 (23, 34%)
Hraðauppflaup: 6 (Baldvin 4, Arnór 2)
Fiskuð víti: 4 (Ernir 2, Ingvar, Fannar).
Mörk Akureyri (skot): Jónatan Magnússon 6/3 (7/3), Goran Gusic 6 (10), Magnús Stefánsson 6 (9), Ásbjörn Friðriksson 4 (5), Þorvaldur Þorvaldson 2 (2), Oddur Grétarsson 2 (3), Andri Snær Stefánsson 1 (3), Arnar Bjarnason 1 (1), Hörður Fannar 1 (3)
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 8 (28, 22%), Arnar Sveinsbjörnsson 4 (9, 36%)
Hraðauppflaup: 5 (Goran 2, Andri, Magnús, Oddur). **Fiskuð víti:** 3 (Hörður 2, Ásbjörn).

N1-deild kvenna í handbolta

Haukar – Stjarnan 23-29 (13-11)
Mörk Hauka: Erna Þráinsdóttir 5 (6), Ramune Pekarskyte 5/1 (13/2), Harpa Melsted 3 (6), Inga Friða Tryggvadóttir 3 (6), Nina Kristín Björnsdóttir 3/1 (8/2), Hekla Hannesdóttir 2 (2), Austra Gecenic 1 (3), Hind Hannesdóttir 1 (6)
Varin skot: Laima Miliauskaitė 19/1 (46/2 41,3%), Bryndís Jónsdóttir 1 (3 33,3%)
Hraðauppflaup: 5 (Erna 2, Hekla, Gecenic, Pekarskyte). **Fiskuð víti:** 4 (Inga 3, Hind)
Mörk Stjörnunnar: Alina Petrasche 8/1 (15/1), Hildur Harðardóttir 6 (7/1), Birgít Engl 4 (6), Sólveig Lára Kjærnested 3 (7), Kristín Clausen 2 (3), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (4), Rakel Dögg Bragadóttir 2 (6), Soffía Gísladóttir 1 (1), Harpa Síf Eyjólfsdóttir 1 (5), Ásta Agnarssdóttir (1)
Varin skot: Florentina Stauciu 11/1 (23/2 47,8%), Helga Vala Jónsdóttir 10/1 (21/2 47,6%)
Hraðauppflaup: 8 (Sólveig 3, Hildur 2, Kristín, Engl, Harpa) **Fiskuð víti:** 2 (Rakel, Engl)
 FH-HK 29-35
 Fram-Akureyri 37-27

Bikarmeistarar Vals eru enn fjórum stigum á eftir Haukum eftir sigur á Akureyri:

Var öruggt frá fyrstu mínútu

HANDBOLTI Bikarmeistarar Vals eru enn í þriðja sæti og fjórum stigum á eftir Haukum eftir öruggan átta marka sigur á Akureyri, 37-29, í N1-deildinni í gær. Fyrir leikinn mátti því búast við nokkuð öruggum heimasigri hjá Val. Sú varð raunin.

Valsmenn byrjuðu leikinn af krafti og komust í 3-0. Akureyri vaknaði þá og lagði stöðuna í 3-2. Sóknarleikur Akureyrar var slakur og skytturliðsins meðvitundalausr til að byrja með. Valur þakkaði kærlega fyrir og tók öll völd á vellinum án þess að þurfa að hafa mikið fyrir því og staðan var 11-6 Val í vil eftir 15 mínútna leik og



LAUMA Ernir Hrafn Arnarson skorar eitt af mörkum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

liðið var 20-13 yfir í leikhléi.

Seinni hálfleikur var í raun alveg eins og sá fyrri að því undanskildu

að Akureyri tók upp á því að taka markmann sinn út af í sókn og bæta við öðrum línumanni. Ef það átti að snúa leiknum þá var það allt of seint því að Valsmenn voru ekki lengi að átta sig á breytingunni hjá norðanmönnum.

Ólafur Gíslason fyrirliði Vals var kátur með sigurinn sem hann taldi aldrei í hættu. „Þetta var ákveðinn skyldusigur miðað við töfluna en það má aldrei gefa Akureyri sénsinn því þeir berjast alltaf til síðustu mínútu. Við hefðum samt átt að gera betur og skora fleiri mörk og að fá á sig 29 mörk er of mikið að mínu mati sagði Ólafur.“



HARKA Ramune Pekarskyte brýst hér milli Stjörnukvennanna Hörpu Sifjar Eyjólfsdóttur og Birgít Engl.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Stjörnukonur í annað sætið:

Purftu bara 30 góðar mínútur

HANDBOLTI Stjarnan þurfti aðeins að leika vel í 30 mínútur til að sigra Hauka í gær en liðið komst í annað sæti N1-deildar kvenna í gær þegar það vann leik liðanna, 23-29, á Ásvöllum.

Haukastelpur mættu mjög ákveðnar til leiks og skoruðu fjögur fyrstu mörkin. Alla ákveðni vantaði í Stjörnuna í byrjun en um miðbik fyrri hálfleiks kom smá líf í leik liðsins og það komst yfir í fyrsta sinn, 8-9. Þá tóku Haukar leikhlé, náðu áttum og komust yfir á ný fyrir leikhlé, 13-11, þar sem markvörður Hauka, Laima Miliauskaitė, fór á kostum og varði alls 13 skot í hálfleiknum. Lið Stjörnunnar mætti mun ákveðnara til leiks í síðari hálfleik og náði hægt og rólega öllum tókum á leiknum og vann að lokum með sex mörkum.

„Við byrjuðum illa en komumst inn í leikinn þegar við náðum upp einbeitingu í síðari hálfleik. Það var gott að vinna eftir bikarúrslitaleikinn. Við sýndum nógu mikla baráttu til að klára þetta en Haukar spiluðu vel á löngum köflum. Þetta var leikur hinna miklu mistaka að mörgu leyti,“ sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar.

„Við vorum sofandi til að byrja með en komumst inn í þetta hægt og rólega. Við náðum upp finum varnarleik í síðari hálfleik og Hildur Vala kom sterk inn í markaði. Hildur Harðardóttir spilaði frábærlega í vinstra horninu, fyrsti sterki leikurinn hennar í meistaraflokki. Þetta var frábær dagur fyrir hana,“ sagði Aðalsteinn í lok leiks.

- gmi

Stjarnan engin fyrirstaða

Sigurbergur Sveinsson heldur áfram að hrella andstæðinga sína og fór fyrir toppliði Hauka sem unnu öruggan fjögurra marka sigur á Garðbæingum.

HANDBOLTI Haukar styrktu stöðu sína á toppi N1 deildar karla þegar liðið lagði Stjörnuna örugglega, 32-28.

Stjarnan komst í 2-0 og hélt frumkvæðinu þar til fyrri hálfleikur var tæplega hálfnaður. Þá komust Haukar yfir en þeir náðu mest fjögurra marka forystu fyrir leikhlé, 13-9. Það munaði tveimur mörkum á liðunum í hálfleik, 13-11. Magnús Sigmundsson fór á kostum í marki Hauka og varði 11 skot í hálfleiknum.

Stjarnan skoraði fyrsta mark síðari hálfleiks en þá skoruðu Haukar sex mörk í röð og náðu sjö marka forystu, 19-12.

Þegar ellefu mínútur voru til leiksloka munaði enn sjö mörkum á liðunum, 26-19, en þá tóku Stjörnumenn að saxa á forskotið og sýndu hvað í liðinu býr. Þegar þrjár mínútur voru til leiksloka munaði aðeins þremur mörkum á liðunum, 28-25, en nær komst Stjarnan ekki.

Vilhjálmur Halldórsson var langbesti leikmaður Stjörnunnar í leiknum og virðist vera að nálgast sitt besta form. „Við byrjuðum seinni hálfleik skelfilega. Þeir rúlluðu yfir okkur. Það sem ég hef séð af mótinu þá eru Haukar verðugir kandidatar að vinna mótið. Við hjálpuðum okkur ekki við að tapa í dag,“ sagði Vilhjálmur en nú munar 8 stigum á Haukum og Stjörnunni þegar níu umferðir eru eftir.

Sigurbergur Sveinsson skoraði 11 mörk og fór fyrir Haukum í sókninni. Sigurbergur hefur nú skoraði 23 mörk í tveimur síðustu leikjum og fáir ef nokkur leikmaður er í betra formi en hann í dag.



ERFIÐUR VIÐ AÐ EIGA Sigurbergur Sveinsson átti stórleik með Haukum gegn Stjörnunni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Þetta er búið að vera mjög fínt. Mér líður klárlega betur inni á vellinum í dag en í upphafi tímabils. Hef bætt mig mikið,“ sagði Sigurbergur sem segir Hauka verða að halda sig á jörðinni því mikið sé eftir af mótinu.

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, var að vonum ánægður með sigur sinna manna. „Við vissum að þetta yrði mjög erfitt. Við sýndum góða liðsheild og samstöðu eins og við ætludum okkur. Varnarleikurinn var til mikillar fyrirmyndar eins og markvarslan hjá Magnúsi. Sóknarleikurinn var beittur að miklu leyti þannig að ég er mjög ánægður með leikinn. Samt sem áður

virðast menn ætla að slaka á þegar við erum með sjö marka forskot og það gengur ekki. Við þurfum að læra að klára leikina almennilega.“

Haukar hafa leikið frábærlega í síðustu tveimur leikjum sínum en Aron er ekki tilbúinn að spá af mikið í stöðuna. „Það er nóg eftir af þessu móti. Við tókum einn leik fyrir í einu. Tveir síðustu leikir hafa verið tveir af okkar bestu leikjum. Ég er mjög ánægður með það form sem liðið er í. Liðið hefur tekið miklum framförum í vetur. Varnarlega, sóknarlega og einstakir leikmenn hafa tekið miklum framförum,“ sagði Aron brosmildur í leikslök.

- gmi

ski-doo

Síðustu sleðarnir á páskatilboði

+

75.000 kr.
BÓNUS NÚNA!

Páskatilboð Mótormax á síðustu 2008 vélsleðunum er ávísun upp á 75.000 kr. í fatnaði og fylgihlutum. Þú lætur drauminn rætast núna og færð þér t.d. þennan magnaða Ski-doo Summit 146 og við hjá Mótormax gefum kaupauka með eftir þínum óskum upp á 75.000 kr.

MotorMax

Mótormax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
Mótormax Egilsstöðum - Sími 470-5080 / 470-5070
Mótormax Akureyri - Sími 460-6060

www.motormax.is

síðasti dagurinn

lagerútsala!



stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.



ekki missa
af þessu!!
Bak við Holtagarða!!

allt á að seljast
30-70% afsláttur

aðeins fimmtudag til sunnudags
frá kl. 13 - 18



Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

> James Spader

„Ef ég þarfnast ekki peninga vinn ég ekki. Mér er sama þótt ég segi við einhvern: „Allt í lagi, mig vantar svona háa upphæð til þess að borga reikningana mína næstu sex mánuði. Ef þú borgar þessa upphæð skal ég leika í myndinni,“ lét Spader eitt sinn hafa eftir sér með hógværum tóni. Spader leikur í Boston Legal sem Skjáriinn sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR SÉR EFTIR HVERRI MÍNÚTU SEM HÚN VER Í ANTM

Aftur og aftur og nýbúið

Hver verður næsta toppfyrirsætan í Bandaríkjunum? Þessari spurningu verður reynt að svara í nýrri þáttaröð af Americas Next Top Model, aftur, eða réttara sagt í tíunda sinn. Mér hefur tekist að forðast síðustu þáttaraðir með nokkuð góðum árangri en af einhverri óskiljanlegri ástæðu horfði ég á þennan fyrsta þátt í tíundu þáttaröð í vikunni, allan, frá upphafi til enda.

Ég hefði reyndar allt eins getað verið að horfa á endursýningu á fyrsta þætti í þriðju, fjórðu eða fimmtu þáttaröð. Þarna voru sömu mjógu óþroskuðu stelpurnar, með sömu óverulegu vandamálin og sömu þræturnar. „Henni er illa við mig af því ég veiti henni mesta samkeppnina,“ „Hún er óþolandi og ég held að hún sé með anorexiu,“ eru setningar sem heyrast í hvert sinn. Yfirleitt er ein sem lítur stórt á sig og



TYRA BANKS Skánar ekkert þó tíminn líði.

önnur sem reynir að vera vinkona allra, en allar skrækja þær og æpa í hvert sinn sem þær fá „Tyra mail,“ og lesa síðan póstinn allar saman upphátt. „Á morgun hittið þið dómarana, þar verður ákveðið hverjar komast áfram...“ og svo framvegis, og svo framvegis.

Það eina góða við þáttinn í vikunni var uppkoman þegar ein stúlkanna viðurkenni fyrir dómurinum að hún hefði nú eiginlega ekki nokkurn áhuga á því að starfa í þessum yfirborðskenna heimi, þar sem nærbuxur með merki geta kostað mörg þúsund dollara. Svipurinn á bæði dómurinum og keppendum var óþorganlegur. Að hún skyldi dirfast að niðast svona á tískuheiminum sem auðvitað er bestur allra heima. Ófyrirgefnelegt, og dæmi svo hver sem vill.

EKKI MISSA AF



▶ 15.50 Wigan-Arsenal SÝN 2



▶ 19.50 Barcelona-Villarreal SÝN 2



▶ 21.55 Sunnudagsbíó-Omagh SJÓNVARPIÐ



▶ 22.40 Corkscrewed STÖÐ 2



▶ 22.50 Dexter SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Brummi, Kóalabæður, Landið mitt, Disneystundin, Herkúles, Sigildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans, Frækniir ferðalangar, Sigga liggja lá og Konráð og Baldur

10.45 Dalabæður (4:10) (Bródrene Dal)

11.15 Gettu betur

12.30 Silfur Egils

13.45 Viðtalið

14.15 Popp og pólitík (2:3)

15.20 Meistaradeild VÍS í hestaiþróttum

15.50 HM í frjálsum íþróttum innan-húss Bein útsending frá lokadegi mótsins í Valencia á Spáni.

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

20.20 Mary Bryant (The Incredible Journey of Mary Bryant) Margverðlaunuð áströlsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum frá 2005. Þetta er saga ungrar konu sem flutt var í fanganýlenduna í Nýja Suður-Wales árið 1788.

▶ **21.55 Sunnudagsbíó - Omagh** Bresk sjónvarpsmynd frá 2004 um eftirköst sprengjuárásar Írska lýðveldishersins í Omagh á Norður-Írlandi 1998 sem varð 29 manns að bana.

23.40 Silfur Egils

00.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.10 Lost in Translation

10.00 The Lonely Guy

12.00 Dear Frankie.

14.00 Lost in Translation

16.00 Dirty Dancing: Havana Nights

18.00 The Lonely Guy

20.00 Dear Frankie Vönduð og hugljúf skok verðlaunamynd með Gerard Butler sem lék Bjólf í Bjólfskvíðu.

22.00 Sometimes in April

00.15 Layer Cake

02.00 The Deal

04.00 Sometimes in April



07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Krakkarnir í næsta húsi, Fífi, Þorlákur

08.15 Algjör Sveppi

08.20 Barnatími Stöðvar 2 Stubbarnir, Doddi litli og Eymastór, Doddi litli og Eymastór, Kalli og Lóa, Könnuðurinn Dóra, Ginnger segir frá, Tracey McBean, Kalli litli kanína og vinir, Dexter's Laboratory, A.T.O.M. og Tutenstein

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Neighbours

12.45 Neighbours

13.05 Neighbours

13.25 Neighbours

13.45 Neighbours

14.10 Bandið hans Bubba e.

15.30 Flight of the Conchords e. (1:12)

16.00 Logi í beinni e.

16.55 60 mínútur

17.45 Oprah (Exclusive. Marion Jones's First Interview)

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.05 Mannamál

19.50 Sjálfstætt fólk

20.25 Pushing Daisies (5:9) Þættirnir eru einskona nútíma ævintýri. Ævintýri um ungan mann sem allt frá barnaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargift að geta vakið fólk til lífs með snertingunni einni. Vandinn er að vilji þeir sem hann lifgar við halda lífi, þá þarf að fórn að öðru lífi á móti.

21.10 Cold Case (8:23) Fimmta sería eins vinsælasta þáttar Stöðvar 2 síðustu árin.

21.55 Big Shots (2:11) Stórskemmtilegir þættir í anda Desperate Housewives.

▶ **22.40 Corkscrewed** (6:8) Þættir um til raun So You Think You Can Dance-dómarans og sjónvarpsmögulsins Nigel Lythgos til að láta gamlan draum rætast og kaupa og reka vínkeru.

23.05 Wide Awake Sérstaklega áhuga-verð heimildamynd frá HBO sem varpar ljósi á hversu algengt og alvarlegt vandamál svefnleysi og aðrar svefnraskanir geta valdið.

00.25 Mannamál e.

01.10 Crossing Jordan e. (11:17)

01.55 Broken Trail e. (1:2)

03.25 Broken Trail e. (2:2)

04.55 Big Shots e. (2:11)

05.40 Fréttir e.

06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SYN besta sætið

08.40 Real Madrid - Espanyol Spænski boltinn

10.20 FA Cup 2008 (Barnsley - Chelsea)

12.00 Box - Felix Trinidad - Roy Jones Jr.

12.45 Meistaradeildin (Meistaramörk)

13.20 Fréttaráttur Meistaradeildar Evrópu

13.50 Middlesbrough - Cardiff FA Cup 2008 Bein útsending frá leik Middlesbrough og Cardiff í ensku bikarkeppinni.

15.50 FA Cup 2008 Útsending frá leik Man. Utd og Portsmouth í ensku bikarkeppinni.

17.50 Bristol Rovers - West Brom FA Cup 2008 Bein útsending frá leik Bristol Rovers og West Brom í ensku bikarkeppinni.

▶ **19.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Barcelona og Villarreal í spænska boltanum.

21.50 PGA Tour 2008 (PODS Championship) Bein útsending frá lokadegi PODS Championship mótsins sem haldið er í Tampa Bay á Flórída.

SYN2

10.10 Reading - Man. City

11.50 Premier League World

12.20 4 4 2

13.40 Liverpool - Newcastle

15.20 PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar)

▶ **15.50 Wigan - Arsenal** Bein útsending frá leik Wigan og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

18.00 Blackburn - Fulham (Enska úrvalsdeildin)

19.45 Tottenham - West Ham

21.35 4 4 2

22.55 Wigan - Arsenal Útsending frá leik Wigan og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

10.50 Vörutorg

11.50 Professional Poker Tour (e)

13.20 Bullrun (e)

14.10 Survivor: Micronesia (e) Sextánda þáttaröðin í vinsælastu raunveruleikaseríu allra tíma. Nú eru það tíu eldheirir aðdáendur þáttanna sem fá að spreya sig gegn tíu vinsælum keppendum úr fyrri Survivor-seríum.

15.00 America's Next Top Model (e)

15.55 Innlit / útlit (e)

16.50 MotoGP Bein útsending frá Katar þar sem fyrsta mót tímabilsins í MotoGP fer fram. SkjárEinn mun sýna beint frá öllum 18 mótum ársins í MotoGP þar sem kraftmestu mótörhölnir í heimi mætast í æsispennandi kappakstri. Ástralinn Casey Stoner kom öllum á óvart í fyrria og var nær ósigrandi á sínu fyrsta ári í keppnislíði Ducati.

21.05 Psych (6:16) Bandarísk gamanseríu um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Shawn og Gus rannsaka mál meistarakokks sem er sakaður um að hafa myrt matargagnrýnanda með eitruðum sveppum.

21.55 Boston Legal (6:14) Alan reynir að sannfæra kvíðdóm um að Patrice Kelly var haldin stundarbriðlaði þegar hún myrti manninn sem drap dóttir hennar. Denny Crane rekur lögræðing á skrifstofunni fyrir að vera of feitur.

▶ **22.50 Dexter** (8:12) Bandarísk þáttaröð um dagfarsprúða morðingjann Dexter sem vinnur fyrir lögregluna í Miami. Hann er sjálf-skipaður böðull sem myrðir bara þá sem eiga það skilið. Dexter bregður í brún þegar morðingi móður hans snýr aftur og ræðst á hann. Lila reynir að komast nær Dexter og Lundy er nokkuð viss um að morðinginn er tengdur lögreglunni.

23.50 Cane (e)

00.45 C.S.I. Miami (e)

01.35 Vörutorg

02.35 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttavikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Áberandi glæsilegur

7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi...

✓ MEIRI BÚNAÐUR ✓ MEIRA RÝMI ✓ MEIRI KRAFTUR

- ✓ TOD - Sjálfvirk drifstýring
- ✓ LRS - Heldur hæð við hleðslu
- ✓ DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- ✓ Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ✓ ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- ✓ Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- ✓ 18" Álfelgur
- ✓ Aksturstölvá
- ✓ Bakkskynjari
- ✓ ARP - Veltivörn
- ✓ Tölvustýrð spólvörn
- ✓ Og margt fleira...



Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

Benni
www.benni.is

Reykjavík
Bilasalán Benna
Tangarhófa 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bilasalán ÓS
Njardarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bilasalán Vesturlands
Sólbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bilasalán Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bilahornhólf hjá Sissa
Brekkestíg 38
Sími 420 3300

CAPTIVA Chevrolet Captiva er glæsilegur sportjeppi sem tekid er eftir. Billinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra okumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél og 5 þrepja sjálfskipting, og þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl. Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhófanum - Alltaf heitt á könnunni.

GÆÐI & FRÁBÆRT VERÐ



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.55
Big Shots

Mögnuð þáttaröð sem lýsa mætti sem blöndu af Nip/Tuck og Desperate Housewives, þ.e. sem nokkurs konar aðþrengdum eiginmönnum. Þættirnir fjalla um fjóra félagar sem allir eru sannkallaðir stórlaxar, stjórnendur hjá stórfyrirtækjum. Þrátt fyrir að þeim gangi allt í haginn á framabrotinu þá ganga hlutirnir ekki alltaf eins vel í einkalífnum, þar sem kröfurnar eru gjarnan óraunhæfar og ófgafullar, eins og allt annað í þeirra lífi.

▶Við mælum með
SJÁLSTÆTT FÓLK

Stöð 2 kl. 19.50

Það er enginn annar en Gísli Örn Garðarson, leikari, leikstjóri, leik-húsmógull og einn af stofndum Vesturports leikhópsins, sem verður gestur Jóns Ársæls í kvöld. Gísli stendur í stórræðum um þessar mundir, eins og svo oft áður, en hann leikstýrir Kommúnunni sem verið er að sýna í Borgarleikhúsinu núna og skartar engum öðrum en stórstjórnunni Gael Garcia Bernal í einu aðalhlutverkanna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Tónlist á sunnudagsmorgni	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfregnir	16.08 Veðurfregnir
08.00 Morgunfréttir	16.10 Úr tónlistarlífinu
08.05 Morgunandakt	17.30 Úr gullkistunni
08.15 Ársól	18.00 Kvöldfréttir
09.03 Lárétt eða lóðrétt	18.26 Seiður og hélog
10.05 Veðurfregnir	18.52 Dánarfregnir og augýsingar
10.15 Í lestarferð um japanskar bókmenntir	19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
11.00 Guðsþjónusta í Laugarneskirkju	20.00 Leynifélagið
12.00 Hádegisútlit	20.30 Brot af eilífðinni
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Orð skulu standa
12.45 Veðurfregnir	22.07 Veðurfregnir
13.00 Gáru	22.12 Orð kvöldsins
14.00 Hvað er að heyra?	22.15 Til allra átta
15.00 Útvarpsleikhúsið: Nornimar	23.00 Andrármur
15.35 Sírenur	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks

16.25 Hollyoaks

16.50 Hollyoaks

17.15 Hollyoaks

17.40 Hollyoaks

18.05 Hollywood Uncensored (25:26)

18.30 Falcon Beach Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af og skemmta sér í sumarfríinu sínu enda snýst allt þar um sumar og frelsi. En þar mætast líka tveir heimar - sumarleyfisgestirnir og íbúar bæjarins. Hvað gerist þegar einstaklingar sem eiga ekkert sameiginlegt verða á vegi hvers annars?

19.15 George Lopez Show, The (14:18)

19.40 Sjáðu

20.05 Comedy Inc. (5:22) Sprenglæglægur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

20.30 Special Unit 2 (11:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu mál sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

21.15 Extreme. Life Through a Lens (5:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.

22.00 X-Files (12:24)

22.45 Falcon Beach

23.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.00 Top Gear Xtra 11.00 The Weakest Link 12.00 Smart Sharks 13.00 Land of the Tiger 14.00 Animal Hospital 14.30 Animal Hospital 15.00 Doctor Who 15.45 Doctor Who Confidential 16.00 My Hero 16.30 My Hero 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Trauma 18.30 Trauma 19.00 The Human Mind 20.00 The Ship 20.50 I'll Show Them Who's Boss 21.30 I'll Show Them Who's Boss 22.10 Around the World in 80 Days 23.00 Top Gear Xtra 0.00 Top Gear Xtra 1.00 Top Gear Xtra 2.00 Around the World in 80 Days 3.00 The Human Mind

DR 1

10.00 Hemmelige steder 10.30 Godt arbejde 11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 SPAM 12.00 SKUM TV 12.15 Flemmings Helte De Luxe 12.35 Family Guy 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.45 HåndboldSøndag: Zvezda Zvenigorod - Viborg HK 15.30 Sommer 16.30 Emil fra Lønneberg 17.00 Når chimpansen er mat i søkjerne 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Album 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.50 Den blodrøde rubin - et Sally Lockhart-mysterium 22.25 Høkk 23.25 Livet efter forbyrdelsen

NRK1

7.35 Disneytimen 8.30 NRKs sportssøndag 9.30 V-cup kombinert: Hopp sprint 10.20 Sport i dag 10.30 V-cup kombinert: 7,5 km langrenn 11.10 V-cup skiskyting: 15 km fellesstart, menn 12.00 Foran Kollenrennet 12.30 Årningsseremoni 12.45 V-cup hopp: Kollenrennet, 1. omgang 13.55 V-cup hopp: Kollenrennet 2. omgang 14.30 Farvel med gamle Kollen 15.00 V-cup skiskyting 15.30 Ungdomsstafett 16.00 Sport i dag 16.30 Åpen himmel 17.00 Kalle og Molo 17.20 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Reinlykke 19.55 Open Range 22.10 Kveldsnytt 22.25 VM friidrett innendørs 22.55 Junstane 23.35 Uka med Jon Stewart 0.00 Star Stories 0.25 Norsk på norsk jukebox

SVT 1

9.45 Disneydags 10.40 Rea 11.30 Plus 12.00 Packat & klart 12.30 Debatt 13.30 Livet i Gaza 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 Förändrarna 16.55 Fridrott: inomhus-VM 17.15 Bollbompa 17.30 Skårgårdsdoktom 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspeglin 20.15 Agenda 21.10 Genusmaskinen 21.40 Sjuk i själen 22.10 Rapport 22.20 Tv-stjärnan 22.50 Kobra 23.20 Brottskod: Försvunnen



Til hamingju

Náms- og verkefnastyrkir úr Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar afhentir

Styrkir til doktorsnáms

- Ásdís Helgadóttir, vélaverkfræði. Reikningar sem líkja eftir lagskiptu tvífasa hvírfil-streymi gufu og vatns.
- Berggrún Arna Óladóttir, jarðfræði. Gossaga eldstöðva í Vatnajökli, kvikuþróun yfir möttulstrók.
- Erla Práandardóttir, stjórnmálafræði. Lögmæti frjálsra félagsamtaka og kröfugerðar þeirra.
- Marta Rós Karlsdóttir, vélaverkfræði. Bætt frumorkunýting, möguleikar á því að nýta varmaorku í stað raforku.

Styrkir til meistaranáms

- Elín Fjóra Þórarinsdóttir, umhverfisfræði. Vindrof í nágrenni Heklu og virkni uppgæðslu-svæða til að stöðva flæði sands.
- Lárus Þorvaldsson, vélaverkfræði. Ákvarðanatata fyrir nýtingu háhitasvæða.
- Lilja Guðmundsdóttir, iðnaðarverkfræði. Bestun á uppbyggingu vetnisstöðva á Reykjavíkursvæði út frá flutningskerfi rafmagns.
- Maren Davíðsdóttir, umhverfis- og auðlindafræði. Flóðbylgjur vegna skriðufalla.
- Rósa Guðmundsdóttir, iðnaðarverkfræði. Nýtni vetnis sem orkubera frá uppsprettu til bíls út frá íslenskum aðstæðum.
- Sæmundur Sveinsson, líffræði. Erfðafræði melgresis.

Styrkir til rannsóknaverkefna

- Umhverfisrannsóknir í Lagarfljóti.
- Hrunn Andradóttir, verkefnisstjóri, Verkfræðideild H.Í.
- Skógvatn – áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnsgæði og vatnalíf.
- Bjarni Diðrik Sigurðsson, verkefnisstjóri, Landbúnaðarháskóla Íslands.
- Karólína Eiríksdóttir, doktorsnemi. GLORIA – tindagröður, örlög við hlýnandi loftslag.
- Starri Heiðmarsson, verkefnisstjóri, Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsætur.
- Gönguhegðun urriða í Efra-Sogi og Úllfjótuvatni.
- Jóhannes Sturlaugsson, verkefnisstjóri, Laxfiskar ehf.
- Steinslækur í Ásahreppi.
- Benóný Jónsson, verkefnisstjóri, Veiðimálastofnun, Suðurlandsdeild.
- Yfirborðskortlagning íslenskra jökla á heimskautarárunum 2008 og 2009.
- Tómas Jóhannesson, verkefnisstjóri, Veðurstofu Íslands.
- Hæðarlíkn af íslenskum jöklu inni úr bylgju-víxlgerhvinnagögnum.
- Eyjólfur Magnússon, verkefnisstjóri. Jökulgarðar og jaðarumhverfi framhlaupsjökla.
- Ívar Örn Benediktsson, verkefnisstjóri, Jarðvísindastofnun Háskólans.
- Hönnun stíflugarða á jarðskjálftasvæðum.
- Sigurður Erlingsson, verkefnisstjóri, Verkfræðideild H.Í.
- Gjóskufall frá Heklu og mat á áhættu fyrir vatnsaflstöðvar og miðlunarlón.
- Kate Taylor Smith, verkefnisstjóri, Jarðvísindastofnun Háskólans.
- M5 kort og úrkomutiðni.
- Jónas Eliasson, verkefnisstjóri, Verkfræðideild H.Í.
- Vetraris á Þingvallavatni.
- Einar Sveinbjörnsson, verkefnisstjóri, Veðurvaktin ehf.
- Jökulsá á Fjöllum, hófleg nýting til orkuframleiðslu.
- Birgir Jónsson, verkefnisstjóri, Verkfræðideild H.Í.
- Osmósvirkjanir á íslenskum vatnshöllum.
- Þorsteinn I. Sigússon, verkefnisstjóri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Eiginleikar tvífasa streymis vatns og gufu í jarðlögum.
- Guðrún A. Sævarsdóttir, verkefnisstjóri, Verkfræðideild H.Í.
- Saeid Jalili Nasrabadi, doktorsnemi.
- Örlög brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum.
- Sigurður Magnús Garðarsson, verkefnisstjóri, Verkfræðideild H.Í.
- Snjólaug Ólafsdóttir, doktorsnemi.
- Rætur háhitasvæða: Lekt bergs, ummyndun og kvikugös – jarðefnafræðileg athugun.
- Stefán Arnórsson, verkefnisstjóri, Jarðvísindastofnun Háskólans

▶ Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is

Landsvirkjun



„Ég er náttúrulega rosalega stolt af þeim öllum. Eg vissi alltaf að þau færu langt og kannski alla leið. Ég hef trú á því. Svalla fæddist með áhugann í sér, hún fór að fylgjast með spurningakeppnum um leið og hún fór að hafa sjónvarp. Það hefur alltaf verið í henni, eins og mikill metnaður.“

Birna Jóhannesdóttir, móðir Svölu Lindar Birnudóttur, liðsmanns Gettu betur liðs Menntaskólans á Akureyri sem lagði Menntaskólann í Hamrahlíð í undanúrslitum í vikunni. Svalla Lind situr lengst til vinstri.

HIN HLIÐIN DAGMAR ÝR STEFÁNSDÓTTIR FRÉTTAMAÐUR

Ákveðin og ófeimin sveitastelpa

Hvað er að fréttu? Bara rosa gott, það er mikið að gera hjá mér í vinnunni núna sem er skemmtilegt. Ég er fréttamaður á N4, bæjar-sjónvarpinu á Akureyri og við erum að fara að senda út á landsvisu á Digital Island næsta miðvikudag.
Augnlitur: Grænn.
Starf: Fréttamaður á N4.
Fjölskylduhagur: Í sambúð.
Hvaðan ertu? Ég er sveitastelpa að austan, kem frá bænum Merki á Jökuldal.
Ertu hjátrúarfull? Ég get ekki sagt það, en maður hugsar nú oft um hjátrú, eins og þegar föstudag ber upp á þrettánda.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Ég er sjúk í sjónvarpsþætti svo það er ógjörningur að velja einn. Nokkrir sem eru í upphaldi eru Grey's Anatomy, Sex and the City, Friends, Ally McBeal og svo dönsku grínþættirnir

Klovn á RÚV. Þeir eru rosalegir!
Uppáhaldsmatur: Ég er mjög hrifin af hakki og spagettí. Saltkjöt og baunir hefur líka alltaf verið í upphaldi, en það er fátt sem toppar jólarjúpunu.
Fallegasti staðurinn: Heima í Merki er á í stóru gili sem heitir Tregagilsá, í henni er foss sem er afar fallegur. Þar er líka lítill laut sem ég hef alltaf haldið upp á.
iPod eða geislaspilari: iPod, ég er svo ótrúlega tæknivædd! Mig dauðlangar einmitt í iPhone!
Hvað er skemmtilegast? Að dúllast með kærastanum mínum og ferðast.
Hvað er leiðinlegast? Klárlega að taka til.
Helsti veikleiki: Er mjög óþolinmód og gleymi oft að ganga frá eftir mig.
Helsti kostur: Ég er ákveðin og ófeimin sem eru góðir kostir í minni starfi.
Helsta afrek: Ætli stærstu afrekin hingað til séu

ekki þau að ná mér í frábæran mann og ljúka BA-prófi.
Mestu vonbrigðin: Ég hef verið svo ótrúlega heppin í lífinu hingað til að það eru engin stór vonbrigði sem ég man eftir.
Hver er draumurinn? Að halda áfram að eiga hamingjusamt líf.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Leikararnir í Klovn! Síðan finnst mér og Þóreyju vinkonu minni við alltaf ótrúlega fyndnar saman, en ég veit ekki hvort að fleiri deili þeirri skoðun.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Þegar fólk er óheidiarlegt.
Hvað er mikilvægast? Að vera trúr sjálfum sér. Ótrúleg klisja, ég veit, en samt svo satt.



Sýsli gerist fararstjóri

„Þetta er nátegt einu af ástsælustu áhugamálum mínum frá barnæsku sem er að fylgjast með tónlist,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, sem hefur starfað sem fararstjóri í tónlistarferðum Ícelandair í tvö ár.

Fram undan eru tónleikar með Bruce Springsteen og Santana í sumar þar sem Ólafur Helgi sér um stjórnartaumana og hlakkar hann mikið til. „Það er uppselt á Bruce en hins vegar ættu allir sem hafa einhvern tímann hlustað á Santana að nota tækifærið því hann er fantagóður og verður bara betri með árunum,“ segir Ólafur Helgi, sem er að sjá þá félagi í fyrsta sinn á tónleikum.

Spurður segist hann muna það glöggst hvernig fararstjórastarfið kom upp. „Ég var að fara á tónleika í Oxford með hljómsveit sem er tiltölulega lítið þekkt og var á lestarstöðinni að kynna mér hvernig ég kæmist til baka þegar Björgvin Halldórsson hringdi. Á sama tíma kom upp í kallerfinu að lestin væri að fara og þá sagði hann á sinn einstaka hátt: „Segðu kerlingunni að þegja“. Hann mæltist til

BRUCE SPRINGSTEEN Uppselt er á tónleika Bruce Springsteen í London í sumar.



ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON Ólafur Helgi ætlar að skemmta sér vel á tónleikum Bruce Springsteen og Santana.

Þess við mig að ég tæki þetta að mér og það var auðsött.“

Síðan þá hefur Ólafur farið á sex tónleika, þar af þrenna með goðunum sínum í The Rolling Stones, og eina með Genesis, Rod Stewart og The Police. Hann vonast til að halda áfram sem fararstjóri um ókomin ár. „Það hefur alltaf verið svo skemmtilegt fólk með í ferðunum og þetta hefur alltaf gengið vel og fólk verið ánægt. Þetta er svo sem ekki mjög tímafrekt heldur,“ segir sýslumaðurinn knái. -fb



MARGRÉT GUÐRÚNARDÓTTIR: DÓTTIR ÁSGEIRS ÓSKARSONAR Á SVIÐ

Stuðmannabörnin taka flugið

Afkvæmi Stuðmanna stíga nú fram í sviðsljósið hvert á fætur öðru. Fyrst voru það synir Egils Ólafssonar, leikarinn Ólafur og dansarinn Gunnlaugur, svo var það söngkonan Elísabet, dóttir Eyþórs Gunnarssonar, og á eftir henni fylgdi önnur söngkona, Bryndís, dóttir Jakobs Frimanns Magnússonar og Ragnhildar Gísladóttur.

Nú er röðin komin að Margrét Guðrúnardóttur, dóttur trommarans Ásgeirs Óskarssonar, sem syngur á opunarkvöldi Blúshátíðar Reykjavíkur 18. mars á Hilton-hótelinu. Margrét stígur þar á svið ásamt föður sínum, Björgvini Gíslasyni og Stuðmanninum Tómasi Tómassyni. Hljómsveitin nefnist „Margrét Guðrúnardóttir og bandið hans pabba“ og kemur þarna fram í fyrsta sinn opinberlega. „Þetta er frábært tækifæri og þeir voru allir til í að vera með mér,“ segir Margrét og hefur lítið yfir karli föður sínum að kvarta. „Það er mjög fínt að vinna með pabba. Okkur kemur vel saman og hann leyfir mér að gera þetta á minn hátt. Ég hef líka sungið fyrir hann í sólóverkefni hans áður.“

Margrét segir það ekkert trufla sinn feril þótt hún sé dóttir Stuðmanns. „Annars væri ég varla að spila með honum. Mér fannst þetta bara frekar fyndið og þess vegna kölluðum við okkur þessu nafni. Fólk veit alveg að ég er dóttir hans og fínt að hafa það opinbert enda hefur það bara hjálpað mér frekar en hitt.“

Margrét segist vera góð vinkona Bryndísar Jakobsdóttur og þær séu meira að segja saman í tónlistarnámi í FÍH. „Það er ótrúlega gaman hvað henni gengur vel,“ segir hún og neitar að þær eigi í samkeppni hvor við aðra. „Við erum frekar bara



MARGRÉT GUÐRÚNARDÓTTIR Margrét syngur á opunartónleikum Blúshátíðar Reykjavíkur 18. mars næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

duglegar að biðja hvor aðra um hreinskilið álit og svona.“

Gaman verður að sjá hvernig Margrét á eftir að spjara sig í framtíðinni en ef hæfileikar hennar eru eitthvað í líkingu við þá sem hin Stuðmannabörnin búa yfir á hún varla eftir að valda neinum vonbrigðum.

freyr@frettabladid.is

ÓLAFUR EGILL EGILSSON Ólafur hefur getið sér gott orð á leiklistarsviðinu.



Mikilvægt skref í átt að þínum alþjóðlega frama

Information meeting
 Hilton Reykjavik Nordica hotel
 11th March at 18.00

Hear about the AP Degree programmes in:

Marketing Management

Marketing Coordinator, Advertising consultant, Account manager, Purchasing assistant

Computer Science

System designer, Programmer, IT consultant, Project manager Systems administrator

Multimedia Design & Communication

Web designer, Web developer, Multimedia consultant, Media planner, Event manager

Also hear about our Technical programmes:
 Technical Manager - offshore, Production Technology and other

Nánari uppl. www.bawest.dk



Sp. Kirkevej 103, DK-6700 Esbjerg. Tel.: +45 7613 3200, internationaloffice@eavest.dk

Silvía Nótt í súrefnistjaldi

„Hún er læst ofan í skúffu. Kærkomið að hvíla sig rækilega á henni,“ segir Gaukur Úlfarsson kvikmyndagerðarmaður. „Það eru takmörk fyrir því hversu mikið af skandölum hægt er að fremja í hennar nafni.“

Gaukur var (og er), ásamt leikkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur, potturinn og pannan á bak við hina merkilegu típu Silvíu Nótt sem tröllreið öllu fyrir um tveimur árum. Hún átti svo sitt ris með þátttöku í Eurovision söngvakeppninni sem fulltrúi Íslands. Það tók þjóðina tíma að átta sig á Silvíu en vegsemdin kemur að utan. Þannig



var þjóðin fljót að svíkja Silvíu Nótt þegar ekki gekk sem skyldi í Eurovision sem þá fór fram í Apenu 2006.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa erlendir aðilar sýnt því áhuga að gera eitthvað með Silvíu en svo virðist sem hennar helstu aðstandendur séu orðnir lúnir. Gaukur starfar nú við Kastljósið og segir það afskaplega þakklátt og dreifir huganum. Ekki er á dagskrá að draga Silvíu Nótt úr súrefnistjaldinu í bráð. Enda kostar það mikið átak.

SILVÍA NÓTT Læst ofan í skúffu, búin á því þrátt fyrir áhuga erlendra aðila.

Fyrir ári var kynntur með látum 30 milljóna króna samningur Silvíu við Reykjavík Records. Einn sá stærsti sem íslenskur tónlistarmaður hefur gert við íslenskt plötufyrirtæki. Hljóðaði upp á þrjár plötur og var kynntur í hvalaskoðunarbatnum Eldingu. Jakob Frimann segir að sá samningur sé háður því að hlutir séu í gangi eins og allir plötusamningar. Og staðfestir að áhugi sé fyrir Silvíu úti hvað varðar sjónvarpsþáttagerð og hljómplötu. En ekkert nýtt er í því nú. „Silvía í súrefnistjaldi? Já, er hún ekki bara að anda að sér nýju súrefni til frekari afreka. Þetta er talenteruð stelpa sem getur glatt hal og sprund með sínum uppátækjum og skemmtilegheitum,“ segir Jakob Frimann.

Draumaeldhús fyrir alla

NUTID HDN 1800 eyjuháfur
79.900,-



FAKTUM/ABSTRAKT hvítt*

377.500,-

*Hvað er innifalið í verðinu?
Í heildarverðinu er innifalið: skápar, skúffur, skápahillur og lamir. Vaskar, blöndunartæki, borðplötur, hnúðar/höldur, heimilistæki og ljós eru seld sér.

Heimilistæki sem eru hönnuð fyrir daglegt líf

Til þess að auðvelda þér enn frekar að eignast draumaeldhúsið, höfum við fengið Whirlpool til að hanna heimilistæki sem eru sérstaklega gerð fyrir IKEA eldhúsið þitt. Þau bjóða öll upp á notkunarmöguleika sem auðvelda þér matargerðina.



NUTID OVN 900 ofn
89.900,-
Hurð með sjálfvirkri læsingu. Ryðfrítt stál. 52 lítrar. B59,5xD56,4, H59,5 cm.



NUTID WAN 00 W hitaskúffa
34.900,- B59,5xD53,4, H14 cm. Ryðfrítt stál.



NUTID HO EV W eyjuháfur og ljós 74.900,- 1 fitusía og 1 kolásía fylgir. Ø55, H54-130 cm. Drapplitaður m/misstilteinmynstri.



NUTID MWN 400 S örbylgjuofn m/virkni ofns 74.900,- B59,5xD56, H45,5 cm. Ryðfrítt stál.



SMAKRIK BEM 500 S innbyggð espresso vél 39.900,- Rúmmál vatnsgeymis: 2 lítrar. Stútur til að flóa mjólk í cappuccino og fyrir heitt vatn. Filter bæði fyrir malað kaffi og baunir. 1160W. Ryðfrítt stál. B59,5xD32, H34,7 cm.



FROSTIG CFS 801 S ísskápur/frystir 179.900,- Vatn- og klakavél í hurð. Stállitaður. B90,2xD76,7, H178 cm.



NUTID HB 3 IH spanhelluborð 77.900,- Læsanlegir snertirofar sem eykur öryggi. Svart. B77xD35cm. 2,2-3,0kW 1,2kW 1,4kW

for
IKEA[®]
from
Whirlpool[®]





BAKÞANKAR
Guðmundur
Steingrímssonar

Góðæri Íslands

Ég verð að játa að ég er einn af þeim sem trúir mjög gjarnan á það, að ef eitthvað gengur vel muni það halda áfram að ganga vel til eilífðarnóns. Ef það er góðæri, muni halda áfram að vera góðæri alla tíð.

AÐ þessu leyti held ég að ég sé dæmigerður Íslendingur. Íslendingar almennt virðast mér einkar gjarnir á að trúa því að góðæri sé komið til vera, þegar það er á annað borð komið. Hins vegar er dálítið skemmtilegt að skoða, og veitir góða innsýn í þjóðarsálina, hvernig við höfum síendurtekið haft rangt fyrir okkur hvað nákvæmlega þetta varðar. Ef góðæri kemur, fer það líka. Þetta ætlar seint að lærast.

ÞEGAR góðærin ná hæstu hæðum er blásið til veisluhalda uppi á jöklum og í snekkjum með frægum hljómsveitum, pantað kengúrúkjöt frá Ástralíu, flogið með einkaþotum út um hvippinn og hvappinn og byggðir þyrlopallar við sumarþústaði. Það er eins og við séum krónískt nýrík.


EKKI þarf að líta lengra aftur í tímann en átta ár til þess að sjá hvernig þessi þáttur þjóðarsálarinnar birtist. Þegar auður áskotnast, eða vænting um auð skapast, umturnast þetta-reddast-hugsunarhátturinn, séríslenski, í eitt allsherjar þetta-getur-ekki-klikkað-hugsunarhátt. Alltaf skal manni síðan líða eins og sauði þegar barnaskapur þessa hugsunarháttar afhjúpast í niðursveiflu.

Í kringum aldamótin dundi dot.com bylgjan á þjóðinni, þannig að annar hver maður varð sérfræðingur í verðbréfakaupum. Það átti ekki að geta klikkað. Viðskiptamódelin voru þannig orðuð að á þeim var ekki að finna neina hnökra, þannig séð, nema þó það, sem síðar kom í ljós, að til grundvallar þeim lá ekkert.

ÞETTA hrundi og þáttastjórnendur verðbréfapátta sem þá voru í sjónvarpi hafa örugglega orðið þónokkuð vankaðir. Við tók þynna um stundarsakir, eða þar til önnur bylgja skyndigróða skall á þjóðinni. Í ágúst 2004 varð annar hver maður sérfræðingur í lán-tökum og þjóðin brunaði út í banka til að skuldbreyta. Um fátt var annað rætt en lán.

EKKI leið á löngu uns ljóst var að lágu vextirnir gátu varla staðist til lengdar. Eftir að þjóðin hafði skuldet sig til fjandans fóru bankarnir að draga í land. Allt er þetta á eina bókina lært. Hver hefði trúað þessu? Nú er sjálf útrásin sögð byggð á sandi. Getur það verið? Það er ekki laust við að mér finnst að á vörum fjármálamanna votti fyrir séríslensku skítaglotti, svokölluðu.

EN þetta reddast.



GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn
9. mars, 69. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.06	13.38	19.12
Akureyri	7.53	13.23	18.54

Heimild: Almanak Háskólans



Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri



1.

Skelltu þér inn á www.icelandexpress.is og veldu þitt eigið sæti um borð, því þá gefst þér kostur á að innrita þig á vefnum. Hægt er að innrita sig allt að 60 dögum fyrir flug, þó ekki innan 24 stunda fyrir brottför.



2.

Að vefinnritun lokinni sendum við þér tölvupóst með brottfararsjaldinu sem þú prentar út og tekur með þér út á völl.



3.

Þú sleppur við hefðbundna biðröð og ferð beint að öryggishliðinu.



4.

Góða ferð!

Sparaðu tíma og fyrirhöfn

Innritun Express!

Enn eykur Iceland Express þjónustuna með því að bjóða upp á vefinnritun, fyrst íslenskra flugfélaga. Farþegar sem ferðast aðeins með handfarangur á flugleiðinni Kaupmannahöfn-Keflavík geta nú innritað sig á www.icelandexpress.is og sparað þannig tíma og fyrirhöfn.

Vefinnritun verður í boði á fleiri flugleiðum okkar á næstunni, kynntu þér málið á www.icelandexpress.is/vefinnritun

Iceland Express 
með ánægju